


skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt








# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
8. mars 2011
55. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Á uppleið í Bretlandi

*Hljómsveitin Cliff Clavin í myndatöku hjá rokktímaritinu Kerrang!*

fólk 24

## Gróðurhús femínista

*Alþjóðlegur baráttudagur kvenna er í dag og verður hátíð haldin í Jónshúsi.*

tímamót 18



## Komnar í úrslit

*Íslenska kvennalandsliðið mætir Bandaríkjunum í úrslitaleik Algarve-mótsins.*

sport 26

## veðrið í dag




**LÉTTIR TIL SUNNANLANDS** Í dag má búast við 10-15 m/s N- og NV-til en hægari vindi annars staðar. Víða snjókoma norðantil en él annars staðar fram eftir degi. Úrkomulítið SA-lands. Kólnandi veður.

VEÐUR 4



**SKOÐUNARFERÐ Í ELDBORG** Nú styttist í að Eldborgarsalurinn verði til reiðu fyrir opnun Hörpu í maí. Um helgina fengu ýmsir hópar áhugafólks að skoða þennan stærsta sal tónlistarhússins, þar sem stólar bíða væntanlegra gesta undir hlífðarplasti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Forsetinn aftur á faraldsfæti

**Forsetinn hefur farið mun oftar til útlanda undanfarið en í kjölfar hrunsins. Var tæplega 80 daga erlendis á síðasta ári og hefur verið 22 daga á ferðalögum það sem af er ári. Á árinu 2007 voru ferðadagarnir 131.**

**BESSASTAÐIR** Utanlandsferðum Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, er nú aftur farið að fjölga eftir að verulega dró úr þeim eftir hrun. Forsetinn hefur verið 22 daga erlendis af þeim 66 sem liðnir eru af árinu.

Ólafur fór alls tólf sinnum af landi brott á síðasta ári og var samtals 79 daga erlendis. Árið 2009 voru ferðirnar níu og dagarnir utan landsteinanna 53.

Hvorki fjöldi ferða né dagar erlendis síðustu ár komast í hálfkvisti við ferðalögin árið 2007. Þá var forsetinn ríflega þriðjung ársins erlendis, alls 131 dag.

Það sem af er ári hefur Ólafur Ragnar heimsótt Þýskaland, Sviss, Bandaríkin, Ítalíu og Vatíkanið. Í fyrra fór hann þrisvar til Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, auk þess að heimsækja Austurríki, Grænland, Indland, Indónesíu, Kína, Portúgal, Rússland, Sviss og Svíþjóð.

Þegar forsetinn er ekki á landinu taka forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar við skyldustörfum hans. Þeir fá greitt fyrir hvern dag sem forsetinn er í útlöndum, samanlagt sem samsvarar launum forsetans fyrir þann tíma sem hann er erlendis. Kostnaðurinn er greiddur af fjárheimildum embættis forseta Íslands. - bj / sjá síðu 10

**Ferðir forsetans**




Barack Obama segir réttarhöld á Guantanamo hefjast á ný eftir tveggja ára hlé:

# Verður ekki lokað á næstunni

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti samþykkti í gær að réttarhöld yfir föngum Bandaríkjahers við Guantanamo-flóa á Kúbu hæfust á ný eftir tveggja ára hlé.

Jafnframt skýrði hann frá því að Bandaríkjastjórn ætlaði að reyna aftur að fá því framgengt að réttarhöld yfir sumum fanganna yrðu haldin fyrir borgaralegum dómstólum í Bandaríkjunum, þrátt fyrir að slík leið hafi mætt mikilli mótstöðu á Bandaríkjaþingi.

Obama ítrekar að hann stefni að því að loka fangabúðunum, en ekki kemur fram hvernig hann hyggst framkvæma það. Ítrekað er að engum fanga verði sleppt lausum í Bandaríkjunum, heldur reynt að finna þeim stað í öðrum löndum sem teljist þeim hættulausir.

Í janúar árið 2009, þegar Obama tók við embætti, hét hann því að loka fangabúðunum á Kúbu innan árs. Nú, tveimur árum síðar, eru um 170 fangar enn þar í haldi. - gb










## SPURNING DAGSINS



*Jakob, er þetta ekki bara hagfræði 101?*

„Já, í splunkunýju samhengi við sjálfan brennipunkt höfuðborgarinnar þar sem speglast gjörvallt litróf mannlífsins í 101 Reykjavík.“

Ný athugun skattayfirvalda leiðir í ljós að miðborgin veltir hundruðum milljarða á ári. Jakob Frímann Magnússon miðborgarstjóri segir þetta kalla á auknar fjárveitingar til svæðisins.

Innanríkisráðherra segir föður borga talsvert fé til að halda dóttur sinni óhultri:

# Ofbeldismenn kúga fé af föður

**LÖGREGLUMÁL** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagðist í Kastljósi í gærkvöld vita um mann sem væri krafinn um að borga háa fjárhæð mánaðarlega til glæpahóps svo dóttir hans yrði ekki fyrir alvarlegum miska.

„Hann er í sæmilegum efnum sjálfur. Það er bankað upp á hjá honum og hann er krafinn um greiðslu mánaðarlega, nokkuð háa,“ sagði Ögmundur í Kastljósi. „Þegar maðurinn spurði af hverju hann þyrfti að gera það var honum svarað: „Annars getur þú ekki verið öruggur um dóttur þína, að hún verði ekki fyrir einhverjum alvarlegum miska,“ sagði Ögmundur. Innanríkisráðherra ræddi einnig um að lögreglan hefði þurft að veita vitnum vernd í málum sem ratað hefðu inn á hennar borð svo vitni treystu sér til þess að koma fram.

„Og þá spyr ég, hversu mörg eru þau vitni sem treysta sér ekki til að koma fram? Þetta er ekki Ísland eins og við viljum hafa það. Það er farið að gerast á Íslandi að fyrirtæki eru krafin um greiðslu fyrir vernd. Þetta er það sem tíðkast hjá mafíunni, þetta er þjóðfélagið sem menn vilja ekki horfa upp á,“ sagði Ögmundur Jónasson.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Innanríkisráðherra spyr hversu mörg vitni treysti sér ekki til að koma fram vegna hótana frá ofbeldismönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kannabisefni á Ísafirði:

# Dollar þefaði uppi fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Vestfjörðum fann tæp sjötíu grömm af kannabisefnum um síðustu helgi.**

**Efnið fannst við húsleit sem lögregla gerði á Ísafirði. Ungur maður var handtekinn. Hann hefur viðurkennt að hafa átt efnið og ætlað það til dreifingar á svæðinu. Honum var sleppt að yfirheyrslum loknum enda telst málið upplýst. Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglunnar vegna fíkniefnamála.**

**Fíkniefnaleitarhundurinn Dollar var notaður við leitina. - jss**

Kynfræðingur ráðinn á LSH:

# Veitir krabbameinsgreindum kynlífsráðgjöf

**SAMFÉLAGSMÁL** Opnuð hefur verið kynlífsráðgjöf fyrir krabbameinssjúklinga á Landspítalanum.



**JÓNA INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR**

„Þetta verkefni er afsprengi hugmyndar starfsfólks á Landspítalanum,“ segir Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, klínískur kynfræðingur og sérlegur starfsmaður verkefnisins. Fimmtíu til sjötíu prósent fólks sem greinist með krabbamein fá einhvers konar kynlífsvandamál sem rekja má til sjúkdómsins og meðferðar við honum. Einnig hefur verið opnuð vefsíðan kynlifogkrabbamein.is.

- fsb / Allt í miðju blaðsins



**JACQUES CHIRAC** Mætti ekki til réttarhaldanna í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Málaferli hefjast í París:

# Chirac þarf að svara til saka

**FRAKKLAND, AP Réttarhöld yfir Jacques Chirac, fyrrverandi Frakklandsforseta, hófust í gær eftir langa bið en var frestað stuttu síðar vegna deilna um tæknileg atriði.**

**Chirac er ákærður fyrir að hafa notað fé úr borgarsjóði Parísar til starfsemi stjórnmálaflokks síns þegar hann var borgarstjóri þar árin 1977-95. Hann mætti ekki til réttarhaldanna í gær. Óvíst er hvenær þeim verður haldið áfram. - gb**

# Ráðherra vill fleiri og minni svínabú

**Skipan svínaræktar er óviðunandi að mati sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Hann segir margt mæla gegn núverandi fyrirkomulagi. Frumvarp um skorður við stærð búa er í smíðum. Stórum búum verður gert að minnka.**

**LANDBÚNAÐUR** Of fá og of stór svínabú eru í landinu að mati Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Í ræðu á Búnaðarþingi á sunnudag kvað hann ekki búandi við núverandi stöðu og boðaði frumvarp sem miðar að því að svínarækt verði stunduð í auknum mæli á fjölskyldubúum.

Jón sagði framleiðsluna hafa á skömmum tíma færst á fárra manna hendur og sé nú svo komið að um tugur bænda standi að allri framleiðslu svínakjöts í landinu. Stærsti framleiðandinn ráði yfir meira en helmingi framleiðslunnar. Við þetta hafi samkeppnisstaða innan greinarinnar skekkst; smærri framleiðendur láti í minni pokann fyrir þeim stóra vegna yfirburða hans á markaði.

Fleira spili líka inn í. Þróunin sé alvarleg út frá sjónarmiðum um traust fæðuframboð og öryggi við framleiðsluna. Smitálag aukist í stærri einingum og þar með hættan á að upp komi alvarlegir sjúkdómar.

„Ekki þarf að tíunda þau áhrif sem það hefði á kjötmarkaðinn á Íslandi ef svo stór framleiðandi yrði fyrir alvarlegu áfalli og myndu þau áhrif teygja sig yfir í aðrar búgreinar. Fyrir ríkissjóð, sem er bótaskyldur í slíkum tilfellum, yrði þetta einnig stór biti að kyngja,“ sagði Jón í ræðunni.

Hann furðaði sig líka á úrræðaleysi Samkeppniseftirlitsins sem hefði ekki séð sér fært að ógilda samruna í greininni þótt það hefði komist að því að einn aðili hafi óumdeilanlega markaðsráðandi stöðu sem skapað gæti umtalsverðar samkeppnishömlur. „Við slíku úrræðaleysi hljóta stjórnvöld að þurfa að bregðast og búa svo um hnútana að hægt sé að tryggja eðlilegt rekstrarumhverfi í landbúnaði og þar með öruggt framboð matvæla,“ sagði Jón.

Í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu er nú unnið að smíði frumvarps um framtíðarskipan svínaræktar. Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, segir stefnt að því að hámarksstærð búa verði bundin í lög. Búast megi við að kveðið verði á um að hvert og eitt bú megi ekki vera með meira en tiltekið hlutfall heildarframleiðslunnar. Slíkar skorður þekkist á öðrum Norðurlöndum. Þeir framleiðendur sem eigi stærri bú en lögin heimili fái tiltekinn tíma til að laga sig að nýjum lögum. bjorn@frettabladid.is



**SVÍN** Jón Bjarnason hefur í hyggju að takmarka stærð svínabúa. Hann telur margvísleg ógn felast í núverandi skipan mála. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ekki þarf að tíunda þau áhrif sem það hefði á kjötmarkaðinn á Íslandi ef svo stór framleiðandi yrði fyrir alvarlegu áfalli og myndu þau áhrif teygja sig yfir í aðrar búgreinar.
>
> **JÓN BJARNASON** SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA

# Lést í slysi á sveitabæ

Drengurinn sem lést í slysi á sveitabæ í Borgarbyggð í fyrradag hét Kristófer Alexander Konráðsson. Hann var á sjötta aldursári, fæddur 7. júlí árið 2005.

Foreldrar Kristófers Alexanders eru Ásrún Harðardóttir og Konráð Halldór Konráðsson. Þau búa að Flétturima 24 í Grafarvogi.

Afkoma Íslandsbanka:

# Hagnaðurinn skýrist af endurmati á lánum

**VIÐSKIPTI** Þrjátíu milljarða króna hagnaður Íslandsbanka á síðasta ári má að mestu skýra af endurmati á lánum sem bankinn fékk með miklum afslætti frá þrotabúi Glitnis. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Íslandsbanki birti afkomu sína fyrir síðasta ár fyrir helgi en bankinn hagnaðist um 29,4 milljarða króna eftir skatta. Þetta er meira en hagnaður Glitnis á góðærisárinu 2007 þegar bankinn skilaði 27,7 milljarða króna hagnaði eftir skatta.

Þegar rýnt er í ársreikninginn sést að hagnaðinn má að mestu skýra af vaxtamun og breytingum á verðmati á lánasafni bankans. - þþ

## SKÁK

**Blindskák við tíu manns**

Úkraínski stórmeistarinn Evgenij Miroshnichenko teflir blindandi fjöltefli við tíu skákmenn í einu í MP banka, Ármúla 13a, í dag klukkan 16.30. Evgenij, sem er fyrrverandi Úkraínumeistari, er meðal keppenda á MP Reykjavíkurskákmótinu sem hefst á miðvikudag. Allir eru velkomnir á fjölteflið og er aðgangur ókeypis.




Forsætisráðherra harðorður í garð launahækkana stjórnenda í bankakerfinu:

# Ofurlaun bankastjóra ógn við friðinn

**STJÓRNMÁL** Launahækkanir bankastjórnenda á síðasta ári eru siðferðislega óréttlætanlegar, að mati Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Jóhanna skrifaði um málið á Facebook-síðu sína í gær.

„Engin siðleg réttlæting er á þeim ofurlaunum sem æðstu stjórnendur Arion banka og Íslandsbanka hafa fengið á liðnu ári. Framferði þeirra er óþolandi ögrun og bein ógn við stöðugleika og frið í samfélaginu,“ segir Jóhanna.

Fram hefur komið að laun yfirstjórnenda Arion banka og Íslandsbanka hækkuðu mikið á síðasta ári. Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, hefur nú um fimm milljónir í laun á mánuði, eða um 145 prósentum hærri laun en forveri hans hafði, og launakostnaður yfirstjórnar bankans jókst í fyrra um rúman þriðjung. Þá hefur Birna Einarsdóttir, bankastjóri Glitnis, hækkað um fjórðung í launum.

„Það er ólíðandi að æðstu stjórnendur banka og fyrirtækja skammti sér milljónir í laun á meðan almenningur berst í bökkum vegna glímunnar við afleiðingar bankahrunsins,“ skrifar Jóhanna um málið. - sh



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**



**HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON**

**„Bara ráðinn á þessum launum“**

„Ég hef ekki farið fram á neinar hækkanir. Ég er bara ráðinn á þessum launum,“ segir Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka. Hann vildi í gær ekki tjá sig frekar um launakjör sín og gagnrýni á þau.

> Það er ólíðandi að æðstu stjórnendur banka og fyrirtækja skammti sér milljónir í laun á meðan almenningur berst í bökkum.
>
> **JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** FORSÆTISRÁÐHERRA

# Við stefnum að farsælum samruna fyrir samfélagið

Sameiningu Landsbankans og Spkef fylgir mikil ábyrgð. Spkef hefur gegnt mikilvægu hlutverki fyrir viðskiptavini sína, starfsfólk og bæjarfélög. Landsbankinn mun nú taka við þessu hlutverki í nánu samstarfi við íbúa og byggja á þekkingu starfsfólks á hverjum stað.



*Svæðisbundnir samningar um stuðning við samfélagið verða í heiðri hafðir út þetta ár.*

*Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.*

## Starfsemi óbreytt um sinn

Öll útibú Spkef eru opin og viðskiptavinir geta leitað til eigin þjónustufulltrúa. Ráðgjafa- og þjónustuver Landsbankans verður opið lengur á kvöldin alla vikuna eða til kl. 21.



*Einar Hannesson, fráfarandi sparisjóðsstjóri, og Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, kynntu samrunann í Stapa í gær.*

## Atvinna í forgang

Allir starfsmenn Spkef eru nú orðnir starfsmenn Landsbankans. Engar afgerandi breytingar verða fyrst um sinn gerðar á starfsemi útibúa í byggðakjörnum þar sem Spkef var eina fjármálafyrirtækið.



*Öll útibú Spkef eru opin. Myndin er frá Súðavík.*

Við munum leitast við að tryggja sem flestum starf við hæfi. Kannaðir verða möguleikar á starfsstöð á Suðurnesjum tengdri verkefnum höfuðstöðva.

## Hreyfiafl í atvinnulífi

Landsbankinn vill vera hreyfiafl í atvinnulífinu og verður öflugur samstarfsaðili fyrirtækja og frumkvöðla um land allt. Til að hefja gott samstarf verða fundir með forsvarsmönnum sveitarfélaga, atvinnurekendum og verkalýðsfélögum strax í þessari viku.

## Í sátt við samfélagið

Landsbankinn verður áfram sterkur bakhjarl í samfélaginu á markaðssvæðum sínum og styður við íþróttir, menningu og mannúðarmál.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
NBI HF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

## GENGIÐ 7.3.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,67 | 115,21 |
| Sterlingspund | 187,13 | 188,03 |
| Evra | 160,66 | 161,56 |
| Dönsk króna | 21,542 | 21,668 |
| Norsk króna | 20,636 | 20,758 |
| Sænsk króna | 18,106 | 18,212 |
| Japanskt jen | 1,3957 | 1,4039 |
| SDR | 181,23 | 182,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,3654

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fréttablaðið til liðs við Sameinuðu þjóðirnar í baráttunni við ofbeldi gegn konum:

# Leitað að bestu blaðaauglýsingunni

**SAMFÉLAGSMÁL** Sameinuðu þjóðirnar í Evrópu hleypa af stokkunum í dag, á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna, samkeppni um bestu blaðaauglýsinguna til höfuðs ofbeldi gegn konum.

Samkeppnin er samstarfsverkefni Upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Brussel, UN Women og ýmissa stórblaða í Evrópu, svo sem Le Monde, the Guardian, El País, La Stampa og Metro-dagblaðanna. Fréttablaðið og visir.is eru samstarfsaðilar SÞ á Íslandi. Fyrstu verðlaun eru andvirði 5.000 evra, en íslenskur hönnuður, Stefán Einarsson, hönnunarstjóri Hvíta hússins, sigraði í sambærilegri keppni á síðasta ári.

„Hver og einn verður að axla ábyrgð til að stöðva ofbeldi,“ segir Michelle Bachelet, forstjóri nýrrar Jafnréttisstofnunar SÞ, UN Women. „Ríkisstjórnir, einkafyrirtæki, almannasamtök, samfélög og einstaklingar verða að leggja sitt af mörkum. Karlar og strákar verða að vera virkir í því að efla virðingu fyrir konum og skilyrðislausa útilokun ofbeldis.“

Þátttökurétt í keppninni hafa allir íbúar hinna 48 aðildarríkja SÞ í Evrópu. Samkeppnin hefst í dag og lýkur á miðnætti 31. maí. Sigurvegarinn verður kynntur 25. nóvember, á Alþjóðlegum baráttudegi til upprætingar ofbeldis gegn konum. Sjá nánari upplýsingar á www.create4theun.eu.

Nei VIÐ OFBELDI GEGN KONUM



**BAN KI-MOON** Allir íbúar hinna 48 aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í Evrópu geta tekið þátt í samkeppninni.

Dró sér tólf milljónir:

## Fékk tólf mánaða skilorðsbundinn dóm

**DÓMSMÁL** Lögmaður um fimmtugt hefur verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir fjárdrátt.

Konan sem um ræðir var sökuð um að hafa í nóvember 2006 og fram í febrúar 2007, í starfi sem héraðsdómslögmaður, dregið sér og einkahlutafélögum sem hún stjórnaði tólf milljónir króna. Konan hafði tekið við fjármununum sem áttu að ganga sem kaupverð til greiðslu veðskulda á byggingalóð í Hafnarfirði. Lögmaðurinn lét leggja peningana inn á almennan tékkareikning eigu einkahlutafélags síns og ráðstafaði fjármunum ýmist í eigin þágu eða inn á bankareikninga einkahlutafélaga, sem hún stjórnaði. - jss

Málþing um háskólana:

## Ræða framtíð íslenskunnar

**MENNTAMÁL Framtíð íslenskrar tungu í háskólum á Íslandi verður til umfjöllunar á málþingi menntamálaráðuneytisins og Íslenskrar málnefndar í Þjóðminjasafninu á fimmtudag.**

**Þátttakendur verða Haraldur Bernharðsson, Íslenskri málnefnd, Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, Bryndís Hlöðversdóttir, rektor Háskólans á Bifröst, Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, Ragnheiður Skúladóttir, deildarforseti leiklistar- og dansdeildar Listaháskóla Íslands, Skúli Skúlason, rektor Háskólans á Hólum, og Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri.** - sh

# Rekinn fyrir áreitni og íhugar málsókn

**Yfirmanni á Keflavíkurflugvelli hefur verið sagt upp störfum eftir að hafa áreitt konu. Isavia var gert að greiða konunni tvær milljónir í miskabætur. Maðurinn var í veikindaleyfi þegar honum var sagt upp og hyggst leita réttar síns.**

**DÓMSMÁL** Stefáni Thordersen, framkvæmdarstjóra öryggissviðs á Keflavíkurflugvelli, hefur verið sagt upp störfum. Héraðsdómur Reykjaness komst að þeirri niðurstöðu í febrúar að Stefán hafi áreitt samstarfskonu sína kynferðislega í vinnutengdri sumarbústaðaferð árið 2009. Þá hafi starfssviði hennar verið breytt í kjölfar þess að hún tilkynnti atvikið.

Isavia var gert að greiða konunni um tvær milljónir króna í miskabætur og vinnutaps í kjölfar kynferðisbrotsins. Stefán hyggst leita réttar síns í málinu og neitar alfarið að hafa áreitt konuna kynferðislega.

„Það liggur fyrir að honum var sagt upp í veikindaleyfi. Hann er að skoða réttarstöðu sína í því sambandi og hvort uppsögnin hafi verið lögmæt,“ segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Stefáns. „Þetta mál hefur fengið gríðarlega á Stefán og það getur hver maður sett sig í þau spor.“

Vilhjálmur segir enga ástæðu hafa verið gefna fyrir uppsögninni í bréfinu, en hann fái uppsagnarfrest greiddan. Þá bendir Vilhjálmur á að hvorki Stefán, né þriðji aðili sem var með í umræddri ferð, hafi verið leiddir fram sem vitni í málinu. „Stefán vildi bera vitni. Þessi málflutningur er einungis einhliða frásögn stefnanda, sem umbjóðandi minn mótmælir sem rangri.“

Þórólfur Árnason, stjórnarformaður Isavia, segir enga ákvörðun hafa verið tekna um hvort dómi Héraðsdóms verði áfrýjað til Hæstaréttar. Þá hafi stjórnin ekki tekið afstöðu hvort brugðist hafi verið rétt við þegar konan tilkynnti atvikið.

„Það er verið að kanna málið til þess að hafa þann vegvísi til framtíðar að fyrirtæki bregðist rétt við í alvarlegum málum. Og fyrir alla starfsmenn – fyrir þá sem kvarta og þá sem kvörtunin beinist gegn,“ segir hann.

Umrætt atvik átti sér stað þegar Stefán bauð konunni í sumarbústaðarferð til þess að ræða hugsanlega stöðuhækkun hennar. Í dómi Héraðsdóms kemur fram að um kvöldið hafi hann farið nakinn í heitan pott fyrir framan hana og ruðst síðan inn í svefnherbergi hennar um nóttina. Hún flúði þá fram, en Stefán elti hana og bað hana ítrekað að taka í hönd sína þar sem honum væri svo kalt.

Auk konunnar og Stefáns, var annar starfsmaður Isavia með í för. Sá hefur nú tekið við stöðu Stefáns sem yfirmaður öryggissviðs.

Í Fréttablaðinu þann 16. febrúar kom ranglega fram að Stefán hefði verið nakinn þegar hann ruddist inn til konunnar. Leiðréttist það hér með.

Stefán situr í sóknarnefnd Njarðvíkurkirkju og er formaður UMFN.

sunna@frettabladid.is



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Yfirmaður öryggissviðs hefur verið sagt upp eftir að Isavia var gert að greiða konu sem hann áreitti 1,8 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ANDRUS ANSIP** Minnihlutastjórn hægriflokkanna komin í meirihluta. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnin situr áfram í Eistlandi:

## Ansip sigraði í þingkosningum

**EISTLAND, AP Andrus Ansip, forsætisráðherra Eistlands, sér enga ástæðu til að breyta um stjórnarmynstur í landinu, enda unnu stjórnarflokkarnir tveir góðan sigur í þingkosningum á sunnudag.**

**Umbótaflokkur Ansips, sem telst hægri-miðflokkur, og IRL-flokkurinn, sem er hægriflokkur, hafa verið saman í stjórn síðan 2007, en Sósíaldemókrataflokkurinn sagði sig úr stjórnarsamstarfinu í kreppunni vorið 2009 vegna ágreinings um aðhaldsaðgerðir.**

**Saman fengu stjórnarflokkarnir 56 þingsæti af 101, bættu við sig sex sætum og eru þar með ekki lengur í minnihluta á þingi.** - gb

Gámafélag kærir Sorpu:

## Fá ekki gögn um afslætti

**SAMKEPPNISMÁL** Íslenska gámafélagið hefur kært byggðasamlagið Sorpu til úrskurðarnefndar um upplýsingamála fyrir að neita Gámafélaginu um aðgang að gögnum um breytingu á stofnsamþykkt Sorpu sem heimilar afsláttar- eða arðgreiðslu fyrirkomulag.

Stjórn Sorpu samþykkti í gær fyrir sitt leyti svarbréf byggðasamlagsins til úrskurðarnefndar sem framkvæmdastjórinn lagði fram. - gar






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**BIÐ Í VORIÐ**
Fimbulkuldi einkennir veðurfarið næstu daga. Vindur snýst í norðlægar áttir og þá léttir heldur til á sunnanverðu landinu en N- og NA-til eru horfur á snjókomu í dag en éljum næstu daga. Landsmenn þurfa því að bíða eftir vorinu enn um sinn.




Á MORGUN
8-13 m/s, él N-til.

FIMMTUDAGUR
5-10 m/s víðast hvar.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 10° |
| Mallorca | 13° |
| New York | 8° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 1° |
| París | 13° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*


Þú...
... getur leitað lausna í samstarfi
við okkur.
HVAÐ GETUM VIÐ GERT FYRIR ÞIG?
Dynamo Reykjavík
Við bjóðum viðskiptavinum okkar sértækar
lausnir á greiðsluvanda heimilsins.
Lítill greiðsluvandi:
Greiðslujöfnun
110% leiðin
5.000 kr. fastar greiðslur
í erlendri mynt
Meðal greiðsluvandi:
Lenging lánstíma
Frysting vaxta og/eða afborgunarhluta
Vanskil lögð við höfuðstól
Mikill greiðsluvandi:
Sértæk skuldaaðlögun
Kynntu þér lausnir fyrir heimilin á byr.is. Með persónulegri
þjónustu reynum við að finna lausnina fyrir þig.
Sími 575 4000 I byr@byr.is I www.byr.is
BYR

## KJÖRKASSINN



*Er nauðsynlegt að greiða ríkisforstjórum yfir eina milljón króna í mánaðarlaun?*

| | |
|---|---|
| Já | 76,8 |
| Nei | 23,2 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Stundar þú verslun eða viðskipti í 101 Reykjavík?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Enda Kenny myndar stjórn með Verkamannaflokknum á Írlandi:

# Vill endurskoða skilmála lána

**ÍRLAND, AP** „Nýja stjórnin mun reyna að endursemja um samkomulagið sem náðist við Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn," sagði Enda Kenny, leiðtogi Fine Gael, sem verður næsti forsætisráðherra Írlands.

Bæði Fine Gael og Verkamannaflokkurinn staðfestu í gær 64 blaðsíðna stjórnarsáttmála flokkanna tveggja, að loknum fimm daga stjórnarmyndunarviðræðum.

Í þingkosningunum 15. febrúar náðu flokkarnir tveir samtals 113 þingsætum á írska þinginu, þar sem þingmenn eru alls 166 talsins.

Fyrri stjórn féll eftir að efnahagslíf Írlands hrundi síðastliðið haust. Í nóvember náðu Írar samkomulagi við Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um lán upp á samtals tíu þúsund milljarða króna til að standa straum af afborgunum stórra lána til ársins 2014. Lánið er með 5,8 prósent vöxtum, en Kenny segist vonast til þess að geta samið um betri vaxtakjör. Angela Merkel Þýskalandskanslari hefur sagt að lægri vextir kæmu Írum vel, en þó því aðeins að þeir herði enn frekar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum. **- gb**



**ENDA KENNY** Stjórnarsáttmáli er í höfn. NORDICPHOTOS/AFP

Húsleit gerð í Þorlákshöfn:

# Tóku kannabis og haglabyssu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi fann á sjötta tug kannabisplantna sem voru í ræktun við húsleit í Þorlákshöfn. Plönturnar voru á mismunandi þroskastigi.

Hald var lagt á plönturnar og búnað sem notaður var við ræktunina. Húsráðandi var handtekinn vegna málsins. Hann viðurkenndi brotið.

Við húsleitina fannst haglabyssa sem hinn handtekni var ekki skráður fyrir. Lagt var hald á byssuna. **- jss**

Bíræfnir þjófar ákærðir:

# Stálu nítján lambalærum

**DÓMSMÁL Tveir menn um tvítugt hafa verið ákærðir fyrir fjölmörg þjófnaðarbrot fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Andvirði þýfisins hleypur á hundruðum milljóna króna.**

**Mennirnir stálu miklu magni af kjötvörum úr verslunum, þar á meðal nítján lambalærum, nokkrum hamborgarhryggjum, lambahryggjum, hangilærum og hrefnukjöti.**

**Þá stálu þeir nokkrum flatskjáum, fartölvum, fatnaði og áfengi. Piltarnir eru ákærðir fyrir umferðar- og fíkniefnalagabrot.**

**Ákæruvaldið krefst þess að þeir verði dæmdir til refsingar, sviptir ökuréttindum og greiði allan sakarkostnað. - jss**

Barist á Fílabeinsströndinni:

# Uppreisnarlið á bandi forsetans

**FÍLABEINSSTRÖNDIN, AP** Uppreisnarlið, hliðhollt réttkjörnum forseta landsins, hefur náð á sitt vald landspildu við landamæri Líberíu af hersveitum fyrrverandi forseta, sem neitar að láta af völdum. Alassane Ouattara, sem vann sigur í forsetakosningum í lok nóvember, vildi í fyrstu ekki láta bendla sig við uppreisnarliðið til þess að ekki liti svo út sem hann hefði komist til valda með ofbeldi.



**ALASSANE OUATTARA**

Leiðtogar nágrannaríkja Fílabeinsstrandarinnar hafa árangurslaust reynt að fá Laurent Gbagbo til að láta friðsamlega af völdum. **- gb**

# Sameina á fjórum stöðum

**Landsbankinn tók í gær við rekstri SpKef samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Sameiningin sparar ríkinu um átta milljarða króna. Útibúum fækkar. Ákvarðana að vænta um hagræðingu og samþættingu.**

**VIÐSKIPTI** Engar breytingar verða næstu daga á rekstri eða starfsmannahaldi Sparisjóðsins í Keflavík (SpKef) sem í gær rann inn í Landsbankann, samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Þegar hefur þó verið ákveðið að sameina útibú þar sem bæði Landsbankinn og SpKef hafa verið með starfsemi, í Reykjanesbæ, Ólafsvík, Grindavík og á Ísafirði.

„Við ætlum að flýta okkur. En flýta okkur samt hægt," segir Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans. Hann segist vonast til að næstu skref skýrist á allra næstu dögum.

Samruni SpKef og Landsbankans var kynntur starfsmönnum í gærmorgun og svo á blaðamannafundi klukkan tíu. Þar sátu fyrir svörum Einar Hannesson, fyrrum sparisjóðsstjóri SpKef, Steinþór og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Steinþór áréttaði í kynningu sinni að samruninn hefði átt sér skamman aðdraganda og því væri þó nokkrum spurningum ósvarað. Þannig hafi til dæmis ekki verið ákveðið nákvæmlega hvernig staðið verði að sameiningu á þeim stöðum þar sem hún hafi þegar verið ákveðin. Þá sagði hann bankann hafa nokkra reynslu af hagræðingu og niðurlagningu útibúa og kvað mildilega verða gengið til þeirra verka líkt og áður hjá bankanum. Hann sagði alla starfsmenn sparisjóðsins nú vera Landsbankafólk, alla með sömu réttindi og skyldur. „Og þegar kemur að því að hagræða eru allir undir sama hatt settir," sagði hann, en kvað um leið í skoðun hvort flytja mætti störf í Reykjanesbæ til að mæta niðurskurði þar.

Steinþór sagði öll útibú verða opin samkvæmt venju. Þá yrðu reikningar og reikningsnúmer óbreytt fyrst um sinn.

Að mati Steinþórs eru hins vegar í samrunanum tækifæri til hagræðingar, svo sem á sviði upplýsingatækni. „Við erum í þessum bransa, störfum um allt land og ætlum að vera hreyfiafl í landinu og ætlum að nýta okkar styrk og getu til þess að þjóna Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum."

SpKef var sameinaður úr fjórum eldri sparisjóðum, í Keflavík, Sparisjóði Vestfirðinga, Sparisjóði Húnaþings og Stranda og Sparisjóði Ólafsvíkur. Afgreiðslustaðir SpKef hafa til þessa verið 16, á Suðurnesjum, Vestfjörðum, Hvammstanga og Ólafsvík.

Fram kom í máli Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra á kynningarfundinum í gær að ekki hafi verið forsvaranlegt að bjarga SpKef, fyrirséður kostnaður ríkisins af því hefði nálgast 20 milljarða króna. Auk kostnaðar sagði Steingrímur efasemdir um að SpKef hefði eftir björgun burði til að leika „móðurhlutverk" í sparisjóðakerfinu sem sjóðnum var ætlað orðið til þess að ákveðið var að láta reyna á samruna við Landsbankann. Þetta hafi verið orðið ljóst þegar hann lagði málið fyrir ríkisstjórn síðastliðinn þriðjudag.

„Í öllu falli sparar þetta ríkinu yfir átta milljarða króna í eiginfjárframlagi inn í nýja fjármálastofnun og það munar um minna," sagði hann og kvað nóg að gert fyrir ríkið að jafna mun eigna og skulda í sparisjóðnum, líkt og alltaf hefði samt verið gert. Sá kostnaður nemur samkvæmt nýjasta mati 11,2 milljörðum króna. „Ríkið hefði alltaf þurft að axla á því ábyrgð að verja þessar innstæður. Í þeim efnum verður ekki allt í einu snúið við blaðinu," sagði Steingrímur.

Fjármálaráðherra sagði samruna SpKef og Landsbankans ekki hafa áhrif á stöðu annarra sparisjóða eða hafa áhrif á stefnu ríkisstjórnarinnar hvað varði hlutverk sparisjóða í fjármálakerfi landsins. Brýnt sé hins vegar að rannsaka aðdraganda erfiðleika sparisjóðanna líkt og gert hafi verið vegna stóru bankanna. „Í næstu viku afgreiðir Alþingi vonandi lög um rannsóknarnefndir og liggur þá þegar ákvörðun um að málefni sparisjóðanna fari í rannsókn á grundvelli þeirra laga."

**olikr@frettabladid.is**




**Í STAPA** Frá kynningu á samruna SpKef og Landsbankans. Einar Hannesson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri SpKef, Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sátu fyrir svörum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Vonbrigði að ekki tókst að bjarga SpKef

Einar Hannesson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri, tekur sæti í stýrihópi um samþættingu starfsemi Spkef og Landsbankans. Hann sagði á kynningarfundinum í gær ekki hægt að neita því að gífurleg vonbrigði væru fyrir þá sem starfað hefðu að því að byggju SpKef upp á ný að ekki hefði tekist að gera það. „Hins vegar er komin niðurstaða í málið og þýðir ekki annað en horfa á það jákvæðum augum og líta á það sem tækifæri. Núna lít ég sem svo á mitt hlutverk að það sé að verja hagsmuni viðskiptavina sparisjóðsins og auðvitað Landsbankans. Og verja hagsmuni starfsfólks á svæðinu þar sem sparisjóðurinn hefur starfað," sagði hann og kvaðst vilja vinna að því að samruninn gæti farið sem best fram.



**Í SPKEF** Tiltölulega þungt hljóð var í viðskiptavinum hjá SpKef í gær vegna samrunans sem þá var kynntur við Landsbankann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# SÉRFRÆÐINÁM
# 14. MARS - 13. MAÍ




## Advancing Windows Security

**This is a deep dive!** The course teaches Windows operating system security, based on Windows 7 and Windows Server 2008 R2, with comparison to older Microsoft operating systems.

**Day One:** Concepts of Windows Internals (built in operating system protection mechanisms, weak mechanisms, advanced access rights, password mechanisms)

**Day Two:** Windows Network Security (monitoring and protection), Managing Security with PowerShell

**Day Three:** Advanced Troubleshooting and Monitoring (malware inspection, monitoring particular events in operating system, introduction to debugging)

**Kennt 28. – 30. Mars. kl: 09:00 – 16:30**



*Kennari á námskeiðinu er Paula Januszkiewicz sem er okkur að góðu kunn eftir tvo frábæra fyrirlestra sem hún flutti á ráðstefnunni „Ert þú næsta fórnarlamb Hakkara" sem haldin var í febrúar.*

## Microsoft Sharepoint 2010, Configuring and administering

The course teaches students how to install, configure and administer SharePoint, and also manage and monitor sites and users by using SharePoint 2010.

**Kennt 9. – 13. Maí, kl: 09:00 – 16:30**



*Kennari er eins og síðast Per Høyer Stensnæs sem hefur innleitt fjölda MSSP 2010 kerfa, stór og smá.*

## Microsoft Exchange Server 2010, Configuring, Managing and Troubleshooting

This five-day, instructor-led course will provide you with the knowledge and skills to configure and manage an Exchange Server 2010 messaging environment.

**Kennt 4. – 8. apríl, kl: 09:00 – 16:30**



*Kennari er Guðni Þór Hauksson sem einn Íslendinga hefur öðlast viðurkenninguna Microsoft Certified Master*

Microsoft CERTIFIED Master | Windows Server 2008 R2, Directory

## Hyper-V workshop í 4 daga

This 4-day classroom portion of the RAMP provides in-depth training on Hyper-V including enterprise design and management of a Hyper-V environment using System Center products. Discussions and activities on real-world customer scenarios will be inserted throughout the training to ensure relevance for the audience. Hands-on lab exercises on Hyper-V R2, SCVMM 2008 R2, SCOM 2007 R2, installing and configuring iSCSI Targets and Live migrations using multi-node failover clusters will serve to reinforce the learning objectives.

**Kennt 12. – 15. apríl, kl: 09:00 – 17:00**




*Kennarar koma frá Microsoft og heita Anders Ravnholt og Brian Lauge Pedersen.*

## MCTS SQL Server 2008 Database námsbraut

Þessi námsbraut, SQL Server 2008, er sett upp í samvinnu við Miracle. Farið verður í helstu atriði sem koma að uppsetningu, rekstri og viðhaldi á nýjustu útgáfu gagnagrunnsins frá Microsoft. Námsbrautin skiptist í eftirfarandi tvo áfanga til undirbúnings fyrir prófið 70-432.

- Maintaining a Microsft SQL Server 2008 Database
- Implementing a Microsoft SQL Server Database

**Kennt er mán, mið & fös, 14. mars – 1. apríl, kl: 09:00 – 17:00, alls 90 kennslustundir.**



*Kennarinn kemur frá Miracle og heitir Þröstur Jónasson (Spörri).*

## CEH Certified Ethical Hacker (ný útgáfa - v7.0)

Nú þegar hafa hátt í 40 þúsund einstaklingar víða um heim tekið þessa gráðu. Ný og uppfærð útgáfa námskeiðsins kemur út í lok mars og er kennarinn einn af örfáum í heiminum sem nú þegar hefur öðlast réttindi til að kenna þá útgáfu.

Nemendum er kenndur grunnskilningur í jaðarvörnum og hvernig þær virka og er leiðbeint í að skanna og ráðast á sitt eigið netkerfi. Einnig læra nemendur hvernig óboðnir gestir nálgast réttindi í tölvukerfum og með hvaða hætti er hægt að vernda kerfin fyrir því.

Að loknu þessu fimm daga metnaðarfulla námskeiði hafa nemendur öðlast raunverulega reynslu á að skilja og upplifa öryggis- innbrot (e. Ethical Hacking). Þetta nám undirbýr nemendur til að taka gráðuna Certified Ethical Hacker.

**Kennt er 2. – 6. maí, kl: 09:00 – 17:00,**



*Innifalið er allt námsefni og próftaka ásamt aðgangi að 40 klst rafrænu kennsluefni, búið til af kennaranum Wayne Burke, sem fékk vægast sagt frábæra dóma fyrir síðasta námskeið.*

## Microsoft System Center Configuration Manager

**2. – 6. Maí, kl: 09:00 – 16:30**

## Microsoft System Center Operations Manager

**9. – 13. Maí kl: 09:00 – 16:30**

PRENTUN.IS

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner
Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking
Skeifan 11B • 108 Reykjavík
Sími 511-3080 • tsk@tsk.is
www.tsk.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hver er áætluð velta fyrirtækja í 101 Reykjavík?*

**2.** *Hvað heitir formaður Bankasýslu ríkisins?*

**3.** *Hvað heitir þjálfari karlaliðs Snæfells í körfubolta?*

**SVÖR**

**1.** *300 milljarðar króna.* **2.** *Elín Jónsdóttir.* **3.** *Ingi Þór Steinþórsson*

Kostnaður við rekstur Kaupþings nemur 0,29 prósentum af heildareignum:

# Virði eigna bankans jókst um 135 milljarða

**VIÐSKIPTI** Mat á verði eigna Kaupþings banka jókst um 135 milljarða króna á árinu 2010. Hækkunin nemur 17 prósentum. „Þá hefur verið leiðrétt fyrir áhrifum vegna 12 prósenta styrkingar á gengi krónunnar á tímabilinu," segir í tilkynningu skilanefndar bankans.

Óveðsettar eignir bankans eru metnar á 817 milljarða króna, að því er fram kemur í fjárhagsupplýsingum í skýrslu fyrir kröfuhafa bankans.

Fram kemur að stór hluti lánasafns Kaupþings hafi verið endurskipulagður á árunum 2009 og 2010. „Þegar leiðrétt hefur verið fyrir gengisáhrifum nemur raunaukning á virði eigna á árinu 2010 alls 135 milljörðum króna, en til samanburðar nam raunverðmætaaukning 129 milljörðum króna á árinu 2009. Án leiðréttingar fyrir gengisáhrifum nam verðhækkun eigna 48 milljörðum króna á árinu 2010 og 214 milljörðum króna á árinu 2009."

Þá kemur fram að þóknanatekjur af starfsemi skilanefndar á árinu 2010 hafi numið um 1,3 milljörðum króna, en þær standa straum af rekstri eignasafnsins á Íslandi.

Heildarrekstrarkostnaður bankans á árinu 2010 var 6,5 milljarðar króna sem er 0,29 prósent af nafnvirði heildareigna sem námu 2.251 milljarði króna við árslok 2010. Stærstur hluti kostnaðarins, eða um 60 prósent, er til kominn vegna aðkeyptrar sérfræðiráðgjafar sem nam tæplega fjórum milljörðum króna.

- óká



**STAÐAN KYNNT** Frá kynningarfundi fyrir kröfuhafa í desemberbyrjun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**SPRENGJUÁRÁS SKAMMT FRÁ RAS LANUF** Uppreisnarmenn hlaupa í skjól þegar sprengjurnar springa.

NORDICPHOTOS/AFP

# Bandaríkjamenn útiloka ekki afskipti

**Uppreisnarmenn í Líbíu segjast bíða eftir að flugbann verði samþykkt. Bæði Bandaríkin og NATO kanna nú möguleika á flugbanni yfir Líbíu eða öðrum hernaði, en Rússar eru sem fyrr á móti allri erlendri hernaðaríhlutun.**

**LÍBÍA, AP** Bandaríkjastjórn og Atlantshafsbandalagið eru að skoða möguleika þess að grípa með hervaldi inn í atburðarásina í Líbíu, þar sem Múammar Gaddafí situr sem fastast en uppreisnarsveitir hafa náð stórum hluta landsins á sitt vald.

Jay Carney, talsmaður Hvíta hússins, sagði að meðal þess sem til greina kemur, sé að samþykkja flugbann yfir Líbíu. Bretar og Frakkar eru þegar byrjaðir að semja ályktun um flugbann, sem leggja á fyrir Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.

Hann sagði þó að ekki væri efst á listanum að senda bandarískan landher inn í Líbíu.

Rússar ítrekuðu í gær andstöðu sína við allar alþjóðlegar hernaðaraðgerðir í Líbíu, þar á meðal flugbann.

Bent hefur verið á að flugbann verði ekki framkvæmanlegt nema með því að eyðileggja fyrst loftvarnakerfi Líbíuhers, svo hægt verði að fljúga erlendum herþotum yfir landið til að framfylgja flugbanninu.

NATO hefur þegar ákveðið að efla eftirlitsflug yfir Líbíu, þannig að því verði hér eftir haldið úti allan sólarhringinn. Þá er NATO að kanna möguleika til að aðstoða við hjálparstörf.

Liðsmenn Gaddafís hafa undanfarna daga gert loftárásir á uppreisnarmenn nálægt borgum, sem barist er um. Bardagar hafa geisað, meðal annars í höfuðborginni Trípolí.

Í gær voru gerðar loftárásir á uppreisnarmenn skammt frá Ras Lanuf, olíuhöfn við Miðjarðarhafið sem uppreisnarmenn hafa haft á valdi sínu. Vegna loftárásanna hefur hægt á tilraunum uppreisnarmanna til að ráðast inn í höfuðborgina Trípolí, þar sem Gaddafí og liðsmenn hans hafa höfuðstöðvar.

Uppreisnarmenn segjast bíða eftir því að flugbann verði samþykkt en segjast ekki vilja innrás erlends landhers. Þeir segjast geta barist við hersveitir Gaddafís, jafnvel þótt þær séu vopnaðar skriðdrekum og flugskeytum, en árásir flughersins ráða þeir ekkert við.

Margt bendir til þess að langvinn borgarstyrjöld sé hafin í Líbíu, sem gæti staðið vikum eða jafnvel mánuðum saman. Gaddafí er sagður ráða yfir mjög öflugum flugher, en hefur þó ekki beitt honum af fullum krafti til þessa.

gudsteinn@frettabladid.is




Alls voru 17.242 svæfingar framkvæmdar á Landspítalanum í fyrra:

# 407 milljónir fyrir svæfingar 2009

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkratryggingar Íslands greiddu 407 milljónir fyrir svæfingar árið 2009. Alls voru framkvæmdar 17.242 svæfingar á Landspítalanum á síðasta ári, sem voru flestar tengdar við skurðaðgerðir, eða um 12.700.

Kostnaður við svæfingu í kransæðahjáveituaðgerð kostar 402 þúsund krónur og voru gerðar 115 slíkar aðgerðir á Landspítalanum á síðasta ári, sem gerir kostnað við svæfingarnar einar rúmar 46 milljónir króna.

Nils Christian Nielsen, lækningaforstjóri Landspítalans, segir afar sjaldgæft að eitthvað komi upp á í svæfingum. Algengustu vandamálin séu þegar tennur sjúklinga brotni þegar verið sé að koma fyrir öndunarvélum.



**AÐGERÐ UNDIR SVÆFINGU** Alls voru 12.700 gerðar 12.700 svæfingar á Landspítalanum í fyrra sem voru tengdar við aðgerðir.

„Það er innan við eitt prósent tilvika þegar eitthvað kemur upp á," segir Nils. „Og alvarlegar uppákomur eru afar sjaldgæfar."

Helga H. Bjarnadóttir, deildarstjóri hjá hag- og upplýsingadeild Landspítalans, segir að ástæður vegna aukins kostnaðar við svæfingar séu meðal annars þær að aðgerðirnar séu sífellt að verða flóknari.

„Tækninni er sífellt að fleyta fram og við erum farin að framkvæma fleiri aðgerðir hér heima sem voru áður sendar erlendis," segir Helga. Kostnaður við svæfingar liggi mestmegnis í launum starfsfólksins á meðan á svæfingu stendur.

- sv



# VINIR VINNA
# VERTU VINUR

**Tryggðu þér vinanúmer núna á sibs.is eða í síma 552 2150**

## DRÖGUM Í DAG

SÍBS-vinir standa að baki endurhæfingar að Reykjalundi
sem byggir upp fólk eins og þig eftir sjúkdóma eða slys

500 milljónir í verðlaunapottinum þetta árið,
aðeins 1100 kr. miðinn
– vertu með, þú veist aldrei nema röðin sé komin að þér

HAPPDRÆTTI SÍBS *... fyrir lífið sjálft*

H:N markaðssamskipti / SÍA

FRÉTTASKÝRING: Ferðalög forseta Íslands

# Forsetinn fjölgar utanlandsferðunum

**Forseti Íslands var tæplega 80 daga á ferðalögum erlendis á síðasta ári og hefur verið 22 daga erlendis af 66 á þessu ári. Ferðadögunum fækkaði verulega í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 en hefur nú fjölgað aftur.**

Utanlandsferðum Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, er nú farið að fjölga aftur, en hann dró verulega úr ferðalögum í kjölfar bankahrunsins. Forsetinn hefur verið erlendis í 22 daga af þeim 66 sem liðnir eru af árinu.

Forsetinn hefur verið þriðjung þess hluta ársins 2011 sem liðinn er erlendis. Hann hefur farið í þrjár ferðir sem staðið hafa í samtals 22 daga. Hann er nú staddur á Ítalíu eftir fund með Benedikt XVI páfa.

Ólafur fór alls tólf sinnum af landi brott á síðasta ári, og var erlendis í samtals 79 daga samkvæmt samantekt Fréttablaðsins. Tíu ferðir sem stóðu í samtals 56 daga voru vegna opinberra erinda og kostaðar af skattgreiðendum.

Tvær ferðir sem stóðu í alls 23 daga voru farnar í einkaerindum og greiddi Ólafur Ragnar allan kostnað við þær úr eigin vasa, samkvæmt upplýsingum frá embætti forseta Íslands.

Á ferðalögum sínum í opinberum erindagjörðum á síðasta ári heimsótti forsetinn samtals tíu lönd. Hann fór þrisvar til Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Þá heimsótti hann Austurríki, Grænland, Indland, Indónesíu, Kína, Portúgal, Rússland, Sviss og Svíþjóð það árið.

Ferðalög forsetans á síðasta ári eru umtalsvert fleiri og lengri en árið 2009. Þá fór forsetinn í níu utanlandsferðir og eyddi 53 dögum í útlöndum. Þar af voru átta ferðir í opinberum erindagjörðum sem stóðu í 44 daga.

Þegar forseti Íslands er erlendis fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með forsetavald. Fyrir það fá þeir greiðslur frá embætti forseta Íslands, þriðjung af launum forseta hver. Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu er gert ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárveitingum til forsetaembættisins.

Þó utanlandsferðum forsetans hafi fjölgað aftur eru ferðalögin, dagarnir sem hann eyðir erlendis, ekki nálægt því að vera jafn margir og árið 2007, þegar hann var ríflega þriðjung ársins erlendis.

Árið 2007 fór Ólafur Ragnar sautján sinnum til útlanda, þar af þrettán sinnum í embættiserindum. Samtals var hann 131 dag erlendis, þar af 106 við skyldustörf.

Fyrri hluta árs 2008 sáust ekki miklar breytingar á ferðalögum forsetans. Ólafur fór tólf sinnum til útlanda árið 2008, þar af einu sinni í einkaerindum. Hann var samtals 91 dag erlendis, þar af ellefu á eigin vegum.

Eftir bankahrunið í byrjun október 2008 fór hann aðeins einu sinni til útlanda það sem eftir var ársins, og það var í einkaerindum en ekki í opinberum erindagjörðum.

Ólafur fór raunar ekki af landi brott í embættiserindum fyrr en í maí 2009 þegar hann sótti smáþjóðaleikana á Kýpur.

## Utanlandsferðir Ólafs Ragnars Grímssonar frá ársbyrjun 2007




## Til útlanda í ýmsum erindagjörðum

**Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, heimsótti tíu lönd í opinberum ferðalögum sínum í fyrra og hefur heimsótt þrjú lönd það sem af er ári. Hér eru nokkur dæmi um ferðir forsetans.**

- Í janúar 2010 fór Ólafur Ragnar í opinbera heimsókn til Indlands þar sem hann tók meðal annars á móti Nehru-verðlaununum.
- Í janúar 2010 heimsótti forsetinn Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmunum til að sitja Heimsþing hreinnar orku.
- Í mars 2010 fór forsetinn til indónesísku eyjarinnar Balí og flutti ræðu við setningu Heimsþings um jarðhita.
- Í júní 2010 tók Ólafur Ragnar þátt í hátíðarhöldum í Svíþjóð vegna brúðkaups krónprinsessunnar.
- Í nóvember 2010 var forsetinn viðstaddur útför Jonathans Motzfeldt, fyrrverandi formanns landsstjórnar Grænlands.
- Í nóvember 2010 fór forsetinn aftur til Abu Dhabi, nú sem heiðursgestur við vígslu tækniháskóla.
- Í janúar 2011 fór Ólafur Ragnar aftur til Abu Dhabi til að sitja Heimsþing hreinnar orku.
- Í janúar 2011 sat forsetinn Alþjóða efnahagsþingið í í Sviss.
- Í febrúar 2011 flutti Ólafur Ragnar setningarræðu á þingi Jarðhitasamtaka Bandaríkjanna í New York.



Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is





Nýr Nissan X-Trail er stærri og rúmbetri en flestir bílar í sama flokki. Þessi vinsæli jeppi er nú fáanlegur í nýrri og uppfærðri útgáfu. Kraftmikil dísilvél, sjálfskipting, eitt fullkomnasta fjórhjóladrif sem völ er á, þráðlaus símabúnaður, skriðstillir, fullkomin hljómflutningstæki og aksturstölva er allt staðalbúnaður í Nissan X-Trail. Kíktu til okkar og reynsluaktu nýjum Nissan X-Trail.

Allar nánari upplýsingar á www.nissan.is



NISSAN JUKE
Framhjóladrifinn, sjálfskiptur, 1.6 bensín, eyðsla 6,3 l/100km, $CO_2$ losun 145 g/km.
3.850.000 kr. / 44.221 kr. pr.mán.*



NISSAN QASHQAI
5 manna 4WD, sjálfskiptur, 2.0 bensín, eyðsla 8,2 l/100km, $CO_2$ losun 189 g/km
4.990.000 kr. / 57.227 kr. pr. mán.*



NISSAN NOTE
1.4, eyðsla 5,9 l/100km, $CO_2$ losun 139 g/km.
1.6, eyðsla 6,6 l/100km, $CO_2$ losun 159 g/km.
Frá 2.490.000 kr. / 28.870 kr. pr. mán.*

*Mán.greiðsla m.v. 30% útb. og bílasamning í 84 mán.

INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000 facebook.com/nissanvinir

AÐEINS Í DAG!
**HEFST**
**Á HÁDEGI**

LONDON / KØBEN / BERLÍN / NEW YORK

# TILBOÐ

Evrópa frá:

## 12.900 KR.*

New York frá:

## 22.900 KR.*



Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta á frábæru tilboðsverði, Evrópa frá 12.900 kr. og New York frá 22.900 kr., aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Bókunartímabil:** Í dag frá kl. 12.00-23.59
**Ferðatímabil:** 9. mars-13. apríl 2011
**Áfangastaðir:** New York, London Gatwick, Kaupmannahöfn og Berlín

Þú bókar á **www.icelandexpress.is**

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar. Athugið að flugvallarskattar geta verið mismunandi eftir áfangastöðum.

Iceland Express

www.icelandexpress.is

Fiton/SIA






Barnageðlæknar segja börn með ADHD verða fyrir fordómum í samfélaginu:

# Úrræðum fyrir börnin ábótavant

**HEILBRIGÐISMÁL** Börn með ADHD verða oft á tíðum fyrir fordómum og dregið hefur úr stuðningsúrræðum innan skólanna fyrir börn með hegðunar- og þroskafrávik. Þetta er mat fimm barna- og unglingageðlækna á BUGL, sem Læknablaðið greinir frá.

Á málþingi Læknadaga í síðasta mánuði fór fram umræða um ADHD. Þar kom meðal annars fram að ADHD sé í mörgum tilvikum óþekkt og að sumir kennarar heimti greiningu á uppivöðslusama drengi sem fái ekki útrás fyrir hreyfiþörf sína í skólanum.



**BUGL** Fimm geðlæknar á BUGL gagnrýna þá umræðu sem hefur verið um börn með ADHD og segja úrræði skorta.

Að mati geðlæknanna Gísla Baldurssonar, Bertrands Lauth, Helga Garðarssonar, Dagbjartar Sigurðardóttur og Guðrúnar B. Guðmundsdóttur var sú umræða villandi og eru þau ósátt við að blandað sé saman málefnum barna og fullorðinna þegar um ADHD er að ræða.

Guðrún B. Guðmundsdóttir segir langflesta foreldra ekki vilja setja börnin sín á lyf. Allt að fimm prósent barna séu mögulega með ADHD og nauðsynlegt sé að finna betri úrræði fyrir þau í skólum.

„Börnin passa kannski ekkert inn í hið hefðbundna form skólakerfanna. Það væri óskandi að það væru fleiri úrræði og meiri möguleikar á því að setja börnin í minni hópa,“ segir Guðrún. - sv

# Samningi um dvöl á leikskólum sagt upp

**Borgaryfirvöld segja óviðunandi að niðurgreiða leikskóladvöl barna úr öðrum sveitarfélögum og segja upp samningi um dvalarskipti. Viðmiðunargjaldskrá sé langt undir kostnaði. Borgin vill spara á sjöundu milljón með breyttri gjaldskrá.**

**SKÓLAMÁL** Leikskólasvið Reykjavíkurborgar hefur sagt upp samningi um leikskóladvöl barna sem flytjast milli leikskóla á höfuðborgarsvæðinu.

„Undanfarin ár hafa mun fleiri börn með lögheimili í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur dvalið í reykvískum leikskólum en reykvísk börn í leikskólum þeirra,“ segir Kristín Egilsdóttir, fjármálastjóri leikskólasviðs borgarinnar, í bréfi til nágrannasveitarfélaganna.

Samkvæmt upplýsingum frá leikskólasviði eru að jafnaði 33 börn úr öðrum sveitarfélögum í leikskóla í Reykjavík en fimmtán reykvísk börn í leikskólum annarra sveitarfélaga.

Kristín segir upphæðir í gjaldskrá sem notuð sé til viðmiðunar vera langt undir raunkostnaði og þar með sé Reykjavíkurborg að niðurgreiða leikskóladvöl þeirra barna sem séu í reykvískum leikskólum en eigi lögheimili í öðru sveitarfélagi. „Það er óviðunandi, ekki síst í árferði sem nú, þegar grípa þarf til sársaukafullra aðgerða til að hagræða í rekstri,“ skrifar Kristín í bréfi sínu.

Uppsögnin á samkomulaginu tekur gildi 1. júní. Kristín segir leikskólasvið Reykjavíkurborgar hafa reynt allt frá árinu 2008 að fá viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) breytt þannig að hún endurspegli raunkostnað við leikskóladvölina. „Ekkert hefur þokast í samningsátt,“ segir Kristín, sem upplýsir að við gerð fjárhagsáætlunar borgarinnar hafi verið ákveðið að fara ekki eftir gjaldskránni heldur innheimta meðalraunkostnað fyrir börn í sama árgangi í leikskólum borgarinnar. Sparnaður vegna þessara breytinga er áætlaður á sjöundu milljón króna á ári.


**LEIKSKÓLABÖRN** Reykjavíkurborg telur fjárhagslega á sig hallað varðandi vistaskipti leikskólabarna milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjármálastjóri leikskólasviðsins stingur upp á tveimur útfærslum við skiptingu kostnaðarins. Annars vegar að borgin sendi mánaðarlega reikning fyrir dvölina til lögheimilissveitarfélagsins sem síðan rukki foreldrana fyrir þeirra hlutdeild. Hins vegar að foreldrunum sé sendur reikningur fyrir því sem svarar til fullrar gjaldskrár lögheimilissveitarfélagsins og síðan fái sveitarfélagið reikning fyrir því eftir stendur.

Fulltrúar allra sveitarfélaganna og SÍS funduðu 1. mars til að fara yfir breytingarnar. Þar var mál manna að fara eftir fyrri leiðinni hér að ofan á síðari helmingi þessa árs, það er að senda sveitarfélögunum reikninginn en ekki foreldrunum beint. SÍS hyggst síðan leggja fram tillögur um framtíðarskipanina 1. september. „Á meðan það er uppi ágreiningur um hvaða forsendur eigi að nota til að reikna út sanngjarnt viðmiðunargjald þá klárum við ekki málið,“ segir Tryggvi Þórhallsson hjá lögfræðisviði SÍS.

gar@frettabladid.is

Sveitarfélög um hugmyndir til eflingar almenningssamgangna:

# Ekki skatta á almenningssamgöngur

**SAMGÖNGUR** Fyrirhugaður starfshópur ríkisstjórnarinnar um viðbrögð við verðhækkunum á eldsneyti mun meðal annars skoða eflingu almenningssamgangna í samstarfi við sveitarfélög landsins.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segist, í samtali við Fréttablaðið, vona að ríkið hverfi alfarið frá skattlagningu á almenningssamgöngur.

Að mati Halldórs myndu slíkar aðgerðir hafa jákvæð áhrif og bæta nýtingu á almenningssamgöngum.

„Það er slæmt að sjá hálftóma strætisvagna á götunum og það er okkar skoðun að ef skattlagningu verði hætt, muni það verða til þess að almenningssamgöngur verði samkeppnisfærar við einkabíla.“

Halldór segir að með því væri til mikils að vinna þar sem aukin notkun almenningssamgangna kæmi öllum landsmönnum vel.

Stjórnvöldum hefur verið kynnt afstaða sveitarfélaga og segir Halldór að móttökur hafi verið jákvæðar.

„Svo er bara spurning hvernig verður unnið úr því, en okkar stefna er klár.“ - þj



**ALLIR MEÐ STRÆTÓ** Samband íslenskra sveitarfélaga vill afnema skatta á almenningssamgöngur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






2,-

Í dag bjóðum við þér upp á
rammíslenska saltkjötsveislu
**á aðeins tvær krónur.**
Sprenghlægilegt verð aðeins í dag.

## Glens og gaman á öskudaginn í IKEA



Flottustu búningarnir 2010
Hópakeppni

**Skemmtidagskrá kl. 11-17**

- Búningasamkeppni
- Kötturinn sleginn úr tunnunni
- Ókeypis myndataka
- Ókeypis andlitsmálun

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Viðskiptaumhverfið er alþjóðlegum fyrirtækjum andsnúið.

## Að fara eða vera?

Forsvarsmenn stórra fyrirtækja í alþjóðlegum rekstri eru ekki ánægðir með rekstrarumhverfið sem þeim er boðið upp á hér á landi. Í síðasta helgarblaði Fréttablaðsins gagnrýndi Niels Jacobsen, stjórnarformaður Össurar, hringlandahátt og flumbrugang stjórnvalda harðlega, en daginn sem viðtalið var tekið ákvað aðalfundur Össurar að afskrá félagið úr Kauphöll Íslands.

„Það er erfitt að reka fyrirtæki í landinu þegar lögum og reglum er breytt. Sumar er erfitt að fá nokkurn botn í en aðrar eru afturvirkar. Það er erfitt að reka fyrirtæki með afturvirkum lögum," segir Jacobsen. Á meðal þess sem hann hefur út á að setja er hringl með reglur um yfirtökuskyldu, gjaldeyrishöft og kynjakvóti í stjórnum. Um íslenzku krónuna segir hann: „Við getum ekki verið skráð á hlutabréfamarkað sem notar gjaldmiðil sem er ekki nothæfur."

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri tölvuleikjafyrirtækisins CCP, tók í svipaðan streng í fréttum Stöðvar 2 á laugardagskvöld og sagði stefnuleysi stjórnvalda stórt vandamál fyrir atvinnurekstur í landinu. „Í gjaldeyrismálum finnst mér stefnan bara ekki liggja fyrir ... Það er vissulega verið að sækja um í Evrópusambandinu og ef það verður reyndin er það eitthvað sem hægt er að reiða sig á," sagði Hilmar.

Það er ástæða til að hlusta á talsmenn þessara fyrirtækja. Afskráning Össurar úr kauphöllinni er áfall fyrir hlutabréfamarkaðinn hér á landi og sömuleiðis fyrir orðspor landsins í alþjóðlegu viðskiptalífi – ekki sízt þegar stjórnarformaðurinn talar eins og hann gerir. Niels Jacobsen er þekktur í viðskiptalífi Danmerkur og víðar og eftir orðum hans er tekið.

Það er reyndar erfitt að vorkenna stjórnendum Össurar að þurfa að finna aðra konu til viðbótar þeirri einu, sem situr í fimm manna stjórn fyrirtækisins, en aðra gagnrýni Jacobsens hljóta stjórnvöld að taka til sín. Eftir það áfall sem íslenzkt efnahagslíf varð fyrir við bankahrunið ættu stjórnvöld að kappkosta að bjóða fyrirtækjum upp á sem stöðugast viðskiptaumhverfi, í stað þess að hringla til og frá með skatta, gjöld og reglur.

Gjaldmiðilsmálin eru svo sérkapítuli. Öllum er ljóst að krónan getur ekki orðið framtíðargjaldmiðill Íslands. Um það eru stjórnendur fyrirtækja og almenningur í landinu sammála. Umsóknin um aðild að ESB ætti að vera sterk yfirlýsing um að hér sé stefnt að upptöku evru og þeim aga í hagstjórn sem henni fylgir, en vegna þess að ríkisstjórnin er sjálfri sér sundurþykk í Evrópumálunum er sú yfirlýsing mun veikari en ella og fyrirtækin telja áfram að óvissa ríki um framtíðina.

Fyrirtæki í alþjóðlegum rekstri, sem eiga þess kost að fara annað til að útvega sér fjármagn, grípa tækifærið. Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, sagðist í fréttum Stöðvar 2 á laugardaginn vorkenna þeim sem eftir sætu og rækju fyrirtæki við þessar aðstæður. Þeir eiga ekki kost á alþjóðlegum fjármagni á alþjóðlegum kjörum.

Sú spurning hlýtur að vakna hvað upprennandi fyrirtæki –næsti Össur eða næsta CCP – sem eiga möguleika á að verða umsvifamikil á alþjóðavettvangi, gera til að tryggja sér stöðugleika og fjármögnun. Ákveða þau að fara eða vera?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Gæða dúnsængur frá Skálanesi í Seyðisfirði eru nú fáanlegar.**

Milliliðalaus viðskipti beint við bónda og upprunamerkti gæðavöru

Tilvalin gjöf fyrir t.d. stórafmæli, fermingar, giftingar og skírnir.

Hægt er að panta í nokkrum stærðum með lágmarks bið.

Sængurnar eru merktar jörðinni og eru með þvottamiða.

Frekari upplýsingar í skalanes@skalanes.com eða síma 861-7008"

SKÁLANES
Náttúru- og Menningarsetur

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Höskuldur

Ný alda óánægju vegna hárra launa bankastjóra hefur skollið á samfélaginu. Höskuldur Ólafsson í Arion á sviðið. Hann er með nokkuð á fimmtu milljón króna á mánuði. Rúmar 50 milljónir á ári. Meðalárslaun í landinu eru tæpar fimm milljónir. Almennt var talið að ofurlaun hefðu runnið sitt skeið. Að einn af lærdómunum eftir fall bankanna hefði verið að mjög há laun nokkurra væru óheppileg hér í fámenninu. En það hefur svo sem sýnt sig áður að sumir vilja ekkert læra.



### Samkeppnisbransi

Fyrir hrun fóru bankamenn með þá möntru að laun þeirra þyrftu að vera samkeppnishæf við það sem gerðist í útlöndum. Bankastarfsemi væri jú alþjóðleg samkeppnisgrein. Þeir sögðu að ef þeir fengju ekki góð laun hér færu þeir bara að vinna fyrir einhvern banka í útlöndum. Það yrði missir okkar hinna. Auðvitað vildum við nú að þeir hefðu farið. En. Telur Arion sig eiga á hættu að missa Höskuld Ólafsson? Þarf meira en 50 milljónir á ári til að halda honum í starfi?

### Við eigum 39,4 milljarða

Það er rétt að rifja upp fyrir þá sem ráða Arion að bankinn er reistur á rústum Kaupþings. Gjaldþrot þess fyrirtækis er eitt af tíu stærstu gjaldþrotum heimsviðskiptasögunnar. Framlag íslenska ríkisins – íslenskra skattborgara – til Arion nemur 39,4 milljörðum króna. Er til of mikils mælst að biðja um að þessi banki umgangist peninga af virðingu? Að hann sýni íslenskum skattgreiðendum svolitla auðmýkt og lagi sig að því samfélagi sem hér er?

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Bréf til borgarstjóra

Leikskólar



Hulda Ásgeirsdóttir

leikskólastjóri Tjarnarborgar og Öldukots

Kæri Jón!

Við erum að fara í gegnum ólgusjó og í því ljósi skiptir miklu að hafa réttsýnan og kjarkmikinn stjórnanda sem stýrir okkur á lygnan sjó.

Í Fréttablaðinu þann 5. mars sl. birtist eftir þig grein, þar sem þú talaðir um sameiningu leikskóla og vitnar í skólana sem ég stýri. Ég finn mig knúna til að leiðrétta grundvallarmisskilning í þeirri umræðu. Forsendurnar að sameiningu skólanna Tjarnarborgar og Öldukots voru allt aðrar en þær sem eru lagðar til grundvallar í þeim sameiningum sem nú standa fyrir dyrum.

Leikskólarnir Tjarnarborg og Öldukot voru sameinaðir til að taka þátt í tilraunaverkefni um samrekstur. Báðir leikskólarnir eru staðsettir í miðborginni, þeir starfa eftir svipaðri hugmyndafræði, eru vel mannaðir og hafa skilað góðu starfi undanfarin ár.

Annað sem mælti með því að þessir leikskólar tækju þátt í tilraunaverkefninu er að leikskólastjóri Öldukots hafði sagt upp störfum. Engum starfsmanni var sagt upp störfum. Þessi staðreynd skiptir sköpum þar sem grundvallarbreyta í breytingarferlinu er að allt starfsfólk sé sátt við ferlið, sem er samkvæmt öllum kennismiðum breytingafræða, langt og strangt.

Núna ætlið þið að höggva í það mikla og góða uppbyggingastarf sem unnið hefur verið á síðastliðnum þrjátíu árum í leikskólum borgarinnar fyrir túkall.

Í samrekstri leikskólanna sem ég stýri höfum við ekki enn orðið vitni að fjárhagslegum ávinningi. Staðreyndin er sú að starf leikskólastjóra er margþætt, til dæmis sjáum við um rekstur skólanna, faglega sýn og erum starfsmannastjórar. Þar sem ég stýri tveimur húsum þarf ég að vera til staðar í þeim báðum og í því ljósi minnkar viðvera mín um helming. Það þýðir að álagið eykst á millistjórnendum, og að ráða þarf starfsfólk í það hlutfall er uppá vantar! Því spyr ég: Erum við ekki að bíta í skottið á okkur?

Kæri Jón, við erum að vinna með „alls konar" manneskjur, traust er hugtak sem skiptir gríðarlega miklu máli í vinnu með fólki. Ég finn það svo sannarlega í öllum þeim breytingum sem ég er að stýra í þessum skrifuðu orðum hvað gott og traust fólk er mikill fengur. Þegar kennarar og starfsfólk er ánægt í starfi speglast það í þeim sem erfa landið, börnunum okkar!

Taktu eitt skref í einu því góðir hlutir gerast hægt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Um jafnrétti, kyn og völd á alþjóðlegum baráttudegi kvenna

8. mars

Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra



Ég óska konum og körlum til hamingju með daginn, 8. mars, sem er alþjóðlegur baráttudagur kvenna.

Baráttan fyrir jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla heldur áfram og enn eru mörg stór mál sem við þurfum að setja á oddinn.

Staða Íslands á sviði jafnréttismála samkvæmt nýjustu úttekt Alþjóðaefnahagsráðsins er vissulega ánægjuleg þar sem jafnrétti kynjanna er hvergi talið meira; Ísland í fyrsta sæti, Noregur í öðru sæti og Finnland í því þriðja. Okkur til framdráttar er staðan í menntamálum og heilbrigðismálum og styrkur kvenna á pólitískum vettvangi. Akkillesarhæll okkar er hins vegar vinnumarkaðurinn, einkum launamunur kynjanna og veik staða kvenna í stjórnum stofnana og fyrirtækja og sem stjórnendur og eigendur fyrirtækja. Það er alvarlegt hve hægt miðar í þessum efnum því við þekkjum öll þann drifkraft sem fólginn er í efnahagslegum völdum og áhrif þeirra á mótun samfélagsins.

Hinn 24. október síðastliðinn voru 35 ár liðin frá því að íslenskar konur lögðu niður vinnu og fjölmenntu í miðbæ Reykjavíkur til að vekja athygli á mikilvægi vinnuframlags kvenna. Tíðindin vöktu heimsathygli og jafnréttisbaráttan náði nýjum hæðum. Nú eru 50 ár frá því að Alþingi setti lög um jöfn laun karla og kvenna og var stefnt að því að markmiðum þeirra skyldi náð fyrir árið 1972. Síðan eru liðin 39 ár og samt er launamunur kynjanna enn umtalsverður. Þetta undirstrikuðu konur þegar þær lögðu niður störf 25. október síðastliðinn kl. 14.25 til marks um að vinnudegi þeirra væri þá lokið ef laun þeirra væru jöfn launum karla.

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á launamun kynjanna sem ekki er unnt að skýra með öðrum breytum en beinni kynbundinni mismunun. Nýjustu rannsóknir sýna mun á bilinu 7,3-10,1%. Það er ótrúlegt að þetta hróplega misrétti viðgengst enn, við getum ekki sætt okkur við það og verðum að grípa til aðgerða sem duga. Áfram verður unnið að gerð jafnlaunastaðals og í tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum er lögð fram áætlun um aðgerðir til að vinna gegn kynbundnum launamun.

Alþingi samþykkti í fyrra lög um kynjakvóta í stjórnum opinberra hlutafélaga og einkahlutafélaga sem kveða á um 40% hlut hvors kyns að lágmarki. Lögin taka gildi í september 2013. Árið 2009 voru konur 19% framkvæmdastjóra hjá íslenskum fyrirtækjum, 23% kvenna voru stjórnarformenn og 23% stjórnarmenn. Hér þarf að breyta hugarfari til að rétta hlut kvenna og forsvarsmenn stofnana og fyrirtækja þurfa að vinna hratt til að uppfylla lagaskyldu árið 2013. Velferðarráðuneytið og efnahags- og viðskiptaráðuneytið hafa ákveðið að ýta úr vör sameiginlegu átaki til að vinna að þessu máli og ég vonast eftir góðu samstarfi við Samtök atvinnulífsins með skjótan árangur að markmiði.

Það er ástæðulaust að líta á lagaákvæði um kynjakvóta sem íþyngjandi. Vissulega er leitt að ekki skyldi nást árangur án lagasetningar en rannsóknir sýna að uppfylling markmiða þeirra mun skila stofnunum og fyrirtækjum margvíslegum ávinningi.

Sýnt hefur verið fram á að rekstur fyrirtækja gengur betur þegar konur koma einnig að stjórnun þeirra. Norðmenn tóku upp kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja fyrir nokkrum árum og nú hefur sýnt sig að fyrirtæki hafa stórbætt ímynd sína í kjölfarið. Þeir sem gagnrýndu lögin í Noregi á sínum tíma viðurkenna nú að þau hafi verið til góðs. Það er því til mikils að vinna. Ég er einnig sannfærður um að með því að jafna hlut kynjanna í forystu stofnana og fyrirtækja muni hratt draga úr kynbundnum launamun, einfaldlega af því að æðstu stjórnendur ráða mestu um launastefnuna í sínum ranni.

> Það er ábyrgðarhluti að verða vitni að mismunun og aðhafast ekkert.

Eins og ég sagði í upphafi eru enn mörg mál sem berjast þarf fyrir til að ná markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þeim verða ekki gerð skil í stuttri grein en ég hvet fólk til að sækja fundi og ráðstefnur sem fram fara í dag í tilefni alþjóðlega baráttudagsins þar sem lærðir og leikir munu fjalla um stöðu jafnréttismála, brýnustu baráttumálin og verkefnin framundan.

Kynbundin mismunun og kúgun, hvaða nafni sem hún nefnist, er grafalvarlegt mál sem kemur okkur öllum við. Það er ábyrgðarhluti að verða vitni að mismunun og aðhafast ekkert. Þetta á við um okkur öll. Það þýðir ekki að ætla öðrum að berjast gegn mannréttindabrotum og bíða eftir réttlátari heimi með hendur í vösum. Við þurfum öll að axla ábyrgð og leggja okkar af mörkum í baráttunni fyrir mannréttindum öllum til handa.

# Til hamingju með daginn!

8. mars

Ragna Sara Jónsdóttir
Formaður UN Women á Íslandi



Í dag 8. mars er alþjóðlegur baráttudagur kvenna. Í ár er þessum degi fagnað í 100. skipti og eru hátíðahöld og baráttugöngur haldnar víða um heim í tilefni dagsins. Það óréttlæti og þau höft sem konur búa við víða um heim eru með öllu óásættanleg. En dropinn holar steininn og baráttan skilar árangri.

Árið 2010 var mikilvægt fyrir jafnréttisbaráttu heimsins. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna runnu fjórar stofnanir sem vinna að réttindum kvenna saman í eina og var stofnunin formlega sett á fót 24. febrúar síðastliðinn. Með sameiningunni varð UNIFEM að UN WOMEN og gefa breytingar þessar jafnréttisbaráttu og frelsisbaráttu kvenna um allan heim aukið vægi.

Það er von okkar að stofnun UN Women verði til heilla fyrir þær milljónir kvenna sem lifa við óásættanlegar aðstæður, mannréttindabrot, höft og ofbeldi. Með UN Women er aukinn kraftur settur í baráttu fyrir því að Þúsaldarmarkmið um þróun, sem tengjast konum, náist fyrir árið 2015. Þátttaka kvenna í atvinnulífi og frumkvöðlastarfsemi er efld, og barátta gegn kynbundnu ofbeldi einnig.

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi, nú Landsnefnd UN Women á Íslandi tekur fullan þátt í þeim áherslubreytingum sem eiga sér stað innan Sameinuðu þjóðanna og setur enn meiri kraft í starfsemi félagsins hér heima. Íslendingar sýna þessari baráttu mikinn skilning og aldrei hafa fleiri stutt samtökin hérlendis en einmitt nú í ár. Yfir 1100 einstaklingar hafa gengið í Systralag UN Women og styrkja „systur“ sínar í fjölmörgum löndum heims með föstum mánaðarlegum greiðslum.

> Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna runnu fjórar stofnanir sem vinna að réttindum kvenna saman í eina.

Íslensk fyrirtæki hafa einnig tekið skref sem miða að því að styrkja jafnréttismál innan sinna eigin veggja. Þrjú íslensk fyrirtæki voru stofnaðilar að Jafnréttissáttmála UN Women sem landsnefndin ýtti úr vör í nóvember 2010 og listi fyrirtækja sem undirrita sáttmálann hérlendis lengist sífellt.

Við hjá UN Women á Íslandi trúum því að nýju landslagi fylgi aukin tækifæri sem munu skila sér í betri lífsskilyrðum kvenna víða um heim. Íslenskri landsnefnd UN Women þykir viðeigandi að fagna þessum sögulega viðburði á alþjóðlegum degi kvenna. Af þessu tilefni höfum við fengið listakonuna Kitty Von-Sometime og gjörningahópinn WEIRD GIRLS PROJECT til liðs við okkur. Við bjóðum öllum að koma og fagna með okkur í dag klukkan 17.15 að Laugavegi 19 og líta á afrakstur þeirrar samvinnu.

## AF NETINU

### Í dulargervi sérfræðinga

Blaðamenn og fréttamenn þurfa að skilgreina betur viðmælendur. Í fjölmiðlum vaða uppi áróðursmenn í dulargervi óvilhallra sérfræðinga. Ekki er nóg að segja álitsgjafa vera hagfræðing, lögfræðing eða annars konar fræðing. Birta ber tengsli eða hagsmuni viðmælandans. Gætir hann óbeint stjórnmála eða annarra hagsmuna? Er staða hans í lífinu slík, að það geti haft áhrif á það, sem hann segir? Kynning viðmælenda er lakari hér en í þróuðum löndum. Skýrir að nokkru, af hverju margir Íslendingar trúa blint á ýmsar firrur. Notendur fjölmiðla eiga skilið að búa við gegnsæi á þessu sviði af hálfu fjölmiðla.

Jonas.is
Jónas Kristjánsson

### Herskáir á bændaþingi

Þeir eru rosa herskáir á Bændaþingi og einna lengst gengur Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra sem talar um mútur frá Evrópusambandinu.
En bændaforystan hefur fundið sér utanaðkomandi óvin og blæs í mikla herlúðra. Undirliggjandi í málflutningnum er að kerfið innan ESB sé alvont, en íslenska kerfið sé bara ansi gott og það beri að vernda með kjafti og klóm. Staðreyndin er hins vegar sú að það er þörf á endurbótum í íslenska landbúnaðarkerfinu hvort sem við göngum í ESB eða ekki.

silfuregils.eyjan.is Egill Helgason




2643 fagmenn

sækja sér símenntun hjá IÐUNNI á hverri önn. Ert þú einn af þeim?

Kannaðu framboðið í námsvísi IÐUNNAR á vorönn 2011

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - www.idan.is

IÐAN fræðslusetur ehf. varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu vorið 2006. Um áramótin 2006/2007 bættist síðan Fræðslumiðstöð bílgreina í hópinn. Eigendur IÐUNNAR eru: Samtök iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Félag bókagerðarmanna, FIT, VM, Bílgreinasambandið og Samtök ferðaþjónustunnar. Hlutverk IÐUNNAR er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í bíl-, bygginga- og málmiðngreinum, prentiðnaði og matvæla- og veitingagreinum.

# Enn um yfirvofandi menningarslys

Tónlistarskólar

Stefán Edelstein
skólastjóri Tónmenntaskóla Reykjavíkur



Blikur eru á lofti í málefnum tónlistarskólanna í Reykjavík: Niðurskurðarmeistarar borgarinnar hafa ákveðið að skerða fjárframlög til þessa málaflokks um 11% hið minnsta árið 2011. Þar sem ekki er hægt að „hagræða“ á miðju skólaári kemur þessi niðurskurður með fullum þunga á síðustu fjóra mánuði ársins (sem eru fyrstu fjórir mánuðir skólaársins 2011-2012) og verður 33%. Þessi hrikalegi niðurskurður er þó háður því að samningar takist milli ríkis og sveitarfélaga um að ríkið taki yfir kostnað nemenda sem eru eldri en 16 ára og eru í tónlistarnámi. Takist samningar ekki um þetta atriði yrði niðurskurðurinn 18% árið 2011 eða 54% síðustu fjóra mánuði ársins. Það sér hver heilvita maður að ekkert fyrirtæki þolir slíkan niðurskurð, og þarf þá hvorki að nefna 33% eða 54% í þessu samhengi. Rétt er að bæta því við að þessi niðurskurður á að koma ofan á 14% niðurskurð 2009-2010. Viðræður við ríkið lofa góðu þegar þetta er ritað en ekkert er þó enn fast í hendi.

Hvað liggur að baki þessum gífurlega niðurskurði af hálfu Reykjavíkurborgar á starfsemi tónlistarskólanna? Reyndar er verið að skera niður í allri skólastarfsemi borgarinnar frá leikskóla og upp grunnskólann. Þetta er skuggaleg þróun. Frekar ætti að gefa í og vernda alla þætti skólastarfseminnar og styðja þar með við börn og unglinga borgarinnar á þessum erfiðum tímum. Ef rýnt er í fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2011 kemur hvergi fram sambærilegur niðurskurður til nokkurs málaflokks eða fyrirtækis borgarinnar eins og til tónlistarskólastarfseminnar.

Niðurskurður til grunnskóla er 3,9%!! Ef hann væri sambærilegur og yfirfærðist á tónlistarskólana yrði hann u.þ.b. 12% mánuðina september-desember 2011. Þótt slæmur væri, gætu tónlistarskólarnir hugsanlega ráðið við þá stærðargráðu.

Spurningunni er enn ósvarað hvers vegna er gengið svona hart að starfsemi tónlistarskólanna. Hvers vegna leggur meirihlutinn í menntaráði þessa ofuráherslu á niðurskurðinn í þessum málaflokki? Það er alkunna að pólítíkusar hugsa í almanaksárum og í besta falli í fjögurra ára tímabilum (þ.e. kjörtímabilum). Þeim virðist ofviða að skilja að skólastarf er þróunarstarf sem tekur áratugi að byggja upp. Ef óbreytt niðurskurðaráform meirihlutans á tónlistarskólastarfsemi ganga eftir þá er verið að rústa áratuga uppbyggingu skólanna og má líta á þessa aðför sem hermdarverk. Það skyldi þó ekki verða svo, að illa ígrunduð og óupplýst ákvarðanataka núverandi meirihluta í borgarstjórn muni ríða starfsemi tónlistarskólanna að fullu og valda þar með meiriháttar menningarslysi sem á eftir að hafa hrikalegar afleiðingar á tónlistarmenntun og tónlistarmenningu íslensku þjóðarinnar?

Gera þessir skammsýnu kjörnu fulltrúar í borgarstjórn og niðurskurðarhjálparhellur þeirra sér ekki grein fyrir því að með því að ná kyrkingartaki á tónlistarskólunum þá eru þeir að eyðileggja grasrótina og koma í veg fyrir eðlilega endurnýjun í atvinnumennsku í tónlist um alla framtíð? Hve langur tími mun líða þangað til tónlistardeildin í Listaháskóla Íslands mun leggjast af? Hve langur tími mun líða þangað til farið verður að flytja inn erlenda hljóðfæraleikara til að manna Sinfóníuhljómsveit Íslands?

> Hve langur tími mun líða þangað til tónlistardeildin í Listaháskóla Íslands mun leggjast af?

Verða þá nöfn eins og Björk, Sigurður Flosason, Víkingur Heiðar, Sigrún Eðvaldsdóttir (og hundruð til viðbótar) einhverjir verðmætir tónlistarsteingervingar í minni íslendinga?

Það stórkostlega uppbyggingarstarf sem hófst með lagasetningu um starfsemi tónlistarskólanna í tíð Gylfa Þ. Gíslasonar, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, er nú í bráðri hættu. Ef þessi boðaði niðurskurður verður ekki dreginn til baka mun það varpa tónlistarmenntun og tónlistarmenningu Íslendinga 40-50 ár aftur í tímann. Besti flokkurinn og Samfylkingin í meirihlutanum munu þá bera ábyrgð á þessu menningarslysi og geta þá eytt tíma sínum í að finna heppilega grafskrift á leiði tónlistarskólanna fyrir síðustu krónurnar sem fara í þennan málaflokk.

# Íslensk vefgátt að norðurslóðum

Norðurslóðir

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Síðla janúar var ég staddur í Tromsö í Norður-Noregi að kynna nýja stefnu Íslands um norðurslóðir á fjölmennri alþjóðlegri ráðstefnu. Sem ég var að halda úr háskólahlaðinu eftir langa ræðu og spurningaflóð komu á eftir mér tveir vaskir menn í litríkum klæðum frumbyggja norðursins. Þeir kváðust hreindýrakarlar, annar frá nyrstu svæðum Noregs en hinn alla leið af norðanverðri Síberíu, og voru fulltrúar alþjóðasamtaka hreindýrafólks. Erindið þessara merkismanna var tvíþætt. Þeir vildu þakka Íslandi fyrir kraftmikinn stuðning við réttindamál þeirra, en ekki síður fyrir uppbyggingu langöflugustu vefgáttar um málefni norðurslóða.

> Á annað hundrað þúsund manns á norðurhvelinu [...] eiga líf sitt og afkomu undir hreindýrunum.

### Ísland og hreindýrafólkið

Heiðursmennirnir tveir vísuðu þar til Norðurslóðagáttarinnar, www.arcticportal.com, sem á síðustu árum hefur byggst upp með undraverðum hætti norður á Akureyri. Það kom mér nokkuð á óvart, þegar þeir sögðu mér að helstu tengsl og samskipti hreindýrahirðingja og bænda í sjö löndum norðursins væru um íslensku vefgáttina.

Þeir sögðu að nú væru á annað hundrað þúsund manns á norðurhvelinu sem eiga líf sitt og afkomu undir hreindýrunum. Þeir dreifast um fámennustu og harðbýlustu svæði hins byggða heims. Langa hríð voru samskipti milli þeirra stopul og erfið. Nú hafa nýjungar í fjarskiptatækni og nettenging afskekktra byggðarlaga á norðurslóðum gjörbreytt möguleikum þeirra til innbyrðis samskipta og koma sjónarmiðum sínum á framfæri á alþjóðavettvangi. Það kom mér hins vegar á óvart, en gladdi mig mjög, að Ísland hefði lagt þar sitt pund á vogarskálarnar.

Hreindýrakarlarnir lýstu því fyrir mér hversu mikilvæg íslenska norðurslóðagáttin, Arctic Portal, hefði verið við að byggja upp tengsl milli dreifðra samfélaga innan þessarar ævafornu atvinnugreinar. Hreindýrafólkið er þó síður en svo einu frumbyggjarnir sem njóta góðs af hinu íslenska frumkvæði. Starfsmenn hennar styðja dyggilega við bakið á ýmsum frumbyggjasamtökum með faglegri og tæknilegri aðstoð. Þetta hlutverk Norðurslóðagáttarinnar, sem þó er aðeins eitt af fjölmörgum, er vitaskuld frábært framlag gagnvart þessum nyrstu íbúum norðurhvelsins. Um leið er það afar mikilvægur stuðningur við eitt af lykilstefjunum í nýrri norðurslóðastefnu Íslands, en í henni er mælt sérstaklega fyrir kröftugu liðsinni Íslands við réttindabaráttu frumbyggja norðurhjarans.

### Öflugasta norðurslóðagáttin

Norðurslóðagáttin er vistuð hjá Háskólanum á Akureyri og afsprengi hans í merg og bein enda fyrrverandi rektor, Þorsteinn Gunnarsson, frumkvöðull að íslensku háskólastarfi um norðurslóðir. Hún er í dag rekin af metnaðarfullum hópi ungra sérfræðinga undir öflugri forystu Halldórs Jóhannssonar arkitekts. Það var gaman að koma þangað í heimsókn á dögunum, og komast að því að flestir sem þar starfa, bráðum 14 talsins, brutu skurnina í útungunarvél Háskólans á Akureyri.

Margir lögðu í árdaga frumkvæði Norðlendinga lið, þar á meðal utanríkisráðuneytið. Það endurspeglar hins vegar rækilega það álit og virðingu sem Norðurslóðagáttin hefur áunnið sér í hinu alþjóðlega rannsóknasamfélagi að á síðasta ári var hún rekin næstum að öllu leyti fyrir erlent sjálfsaflafé. Má þar síðast nefna verkefni upp á 800 þúsund evrur sem tengist stóru alþjóðlegu verkefni um sífrerann á norðurslóðum.

### Upplýsing og kennsla

Gáttin veitir aðgang að margvíslegum upplýsingum um norðurslóðir, s.s. yfirlit um norðursiglingar, orkumál, fiskveiðar og loftslagsbreytingar. Fjöldi norðurslóðasamtaka vítt um norðurhvelið hefur jafnframt sett þar upp vefsetur og vinnusvæði sín. Meðal þeirra má nefna tvo starfshópa Norðurskautsráðsins, Alþjóðlegu vísindanefndina um norðurslóðir, Alþjóðasamtök félagsvísindamanna á norðurslóðum og Rannsóknarþing norðursins.

Norðurslóðagáttin vinnur nú ásamt Háskóla norðurslóða að spennandi verkefni, sem felst í gerð heildstæðs námsgagna- og kennslukerfis til gagnvirkrar fjarkennslu í námskeiðum skólans. Háskólinn er samvinnunet fjölmargra háskóla á norðurslóðum og nemendur hans hafa aðgang að námskeiðum annarra skóla sem tengdir eru netinu sem skiptinemar eða í gegnum fjarnám og flestar íslenskar háskólastofnanir eru þátttakendur í þessu samstarfsneti.

### Sterk norðurslóðastefna

Í tillögu til þingsályktunar um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, sem ég hef lagt nýlega fram á Alþingi, er sérstaklega hvatt til þess að íslensk stjórnvöld styrki stöðu landsins sem miðstöðvar fyrir alþjóðlegt norðurslóðastarf. Starfsemi Norðurslóðagáttarinnar sem teygir anga sína um allt norðurskautssvæðið og langt út fyrir það er frábært dæmi um slíka viðleitni.

Fyrirtæki og stofnanir á norðurslóðum hafa verið leiðandi í að þróa og nýta veftækni á sviði heilsugæslu, umhverfisvöktunar, varðveislu og miðlun menningararfs og síðast en ekki síst við fjarkennslu. Þátttaka í slíkum verkefnum felur í sér áhugaverð sóknarfæri fyrir íslenska tækni og þekkingu eins og starfsmenn Norðurslóðagáttarinnar á Akureyri hafa sannað. Þeir eiga heiður skilinn fyrir það. Akureyringar geta sannarlega glaðst yfir að sjá svo blómstrandi fífil spretta upp í túnjaðri sínum.

GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR SUÐURLAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 23 stöðum á Suðurlandi og 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.




FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Fjöldi lausasölustaða á Suðurlandi

Bónus, Selfossi
Krónan, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
Olís, Selfossi
Samkaup Úrval, Selfossi
Bjarnabúð, Brautarhóli (Reykholti)
Minni Borg, Grímsnesi
Verslunin Árborg, Árnesi
Þrastalundur, Grímsnesi
Bónus, Hveragerði
N1, Hveragerði
Samkaup Strax, Laugarvatni
Samkaup Strax, Flúðum
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum, Hellu
N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
N1, Vík
Krónan, Vestmannaeyjum
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum




Allt sem þú þarft...

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



**Agave-síróp,** sem margir nota í staðinn fyrir sykur, er unnið úr sætum kjarna agave-jurtarinnar. Magn ávaxtasykurs er óvenju hátt í sírópinu og er meira en 50 prósent af kolvetnisinnihaldi. Af þeim sökum er hægt að nota umtalsvert minna af agave en hvítum sykri til að ná fram tilætluðum sætuáhrifum.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447













**Ellen Margrét Bæhrenz sigraði í sólóballettkeppni Fíld og dansar í Falun í sumar.**



# Dansandi frá þriggja ára aldri

„Ég byrjaði að dansa þegar ég var þriggja ára,“ segir Ellen Margrét Bæhrenz, sem bar sigur úr býtum í sólóballettkeppni Fíld á dögunum. „Fyrst var ég í Ballettskóla Eddu Scheving en fór þegar ég var níu ára í Listdansskóla Íslands og er þar enn.“

Keppnin sem Ellen sigraði í er undankeppni fyrir Stora Daldansen, sem er árleg norræn/baltnesk sólóballettkeppni í Svíþjóð. Ellen tók þátt í þeirri keppni í fyrra og varð í þriðja sæti; ætlar hún að gera betur í ár? „Ég geri allavega mitt besta, en það er ekki hægt að ákveða slíkt fyrir fram,“ segir hún hlæjandi.

Ellen segist stefna á að gera ballettinn að aðalatvinnu í framtíðinni og er þessa dagana að velta því fyrir sér hvert hún eigi að fara í framhaldsnám. Hún er þó ekkert að falla á tíma því átján ára afmælið er nýafstaðið. „Það er ekki alveg á hreinu að ég fari út,“ segir hún. „En mig langar mjög mikið til þess og stefni að því.“ *fridrikab@frettabladid.is*

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**Kaffi hefur ekki eingöngu kosti.** Það getur dregið úr vítamín- og steinefna-upptöku, aukið sýrumyndun í maganum og haft slæm áhrif á blóðsykurmagn og miðtaugakerfið. Þá upplifa margir höfuðverk þegar dregið er úr neyslu kaffis, sem rennir stoðum undir það að um ávanabindandi eiturefni sé að ræða.






**Ungbarnanuddnámskeið fyrir foreldra 1-10 mánaða**
**Nýtt námskeið hefst föstudaginn 11. mars.**
Skoðaðu Heilsusetur.is eða hringdu í síma 552 1850 eða 896 9653

**Nú færð þú hinn frábæra hreinsunardrykk „Beat the body with goji" á 2 fyrir 1**

Frábærar reynslusögur viðskiptavina okkar hafa nú þegar sannað góð áhrif drykkjarins.




**Innihaldsefni:** engifer, gojiber, rauðrófur, cayenne pipar og bláber hafa mjög góð áhrif á hreinsun líkamanns.

**Verð 1990,- 2x2 lítar!**

**Fæst einungis á Digranesvegi 10 á meðan birgðir endast. Sendum á landsbyggðina.**

Engifer ehf – Digranesvegi 10 Kópavogi
Sími 527 2777
www.mysecret.is – info@mysecret.is




Haldið upp brattann í fjallendi Slóvakíu, hægt og bítandi milli klettaborga.

# Frískandi og fræðandi

**Göngur um fjarlægar slóðir hljóta að teljast góðar fyrir heilsuna bæði til að liðka líkamann og auðga andann.**

Margar spennandi gönguferðir eru framundan á þessu ári hjá fyrirtækinu Göngu-Hrólfi í samstarfi við Vita-sport. Þær verða kynntar í kvöld þriðjudaginn 8. mars kl. 20 í Heilsuborg í Faxafeni 14.

Göngur um grísku eyjuna Korfu eru fyrirhugaðar hjá Göngu-Hrólfi, einnig um Dólómítana á Norður-Ítalíu, fjalllendi Slóvakíu og Vestur-Lýkíu á suðurströnd Tyrklands. Þá verður sagt frá áætlaðri ferð um þjóðgarða í nágrenni Seattle.

Á fundinum mun Heilsuborg líka kynna starfsemi sína og bjóða góð kjör fyrir þá sem vilja taka á fyrir gönguferðirnar. *- gun*


**ÍSLENSKT HUNDANAMMI**
**gott í þjálfun og í leik**




Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli




„Fimmtíu til sjötíu prósent fólks sem greinist með krabbamein fær einhvers konar kynlífsvandamál," segir Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, kynfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kynlíf í skugga krabbameins

**Opnuð hefur verið kynlífsráðgjöf fyrir krabbameinssjúklinga á Landspítalanum sem Jóna Ingibjörg Jónsdóttir kynfræðingur sér um.**

Mottumars, átak Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameini hjá körlum, stendur nú yfir. Meðal nýjunga í meðferð krabbameinssjúkra er að opnuð hefur verið kynlífsráðgjöf fyrir krabbameinssjúklinga á Landspítalanum.

„Þetta verkefni er afsprengi hugmyndar starfsfólks á Landspítalanum," segir Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, klínískur kynfræðingur, sérlegur starfsmaður samstarfsverkefnis Landspítala, Sanofi aventis og Novartis. Þetta er nýtt verkefni sem er að fara í gang og styrkja þessi fyrirtæki Jónu Ingibjörgu í 20% stöðu á Landspítalanum í tvö ár. „Starfsfólk sem vinnur með krabbameinsgreinda fer árlega á ráðstefnu og í fyrra var þar mikil umfjöllun um málefnið „sexuality and cancer", sem við eigum reyndar ekkert hugtak yfir á íslenskunni. Það er komin fram sú hugmynd að kalla þetta kynverund, sem sagt allt sem snýr að því að vera kynvera, ekki bara kynlífið sjálft," segir Jóna Ingibjörg. „Starfsfólkið sem sótti ráðstefnuna varð uppnumið af því að fá staðfestingu á því, sem það reyndar vissi, að bæði greining krabbameins og meðferð þess hafa mikil áhrif á fólk sem kynverur. Fimmtíu til sjötíu prósent fólks sem greinist með krabbamein fær einhvers konar kynlífsvandamál sem rekja má til sjúkdómsins og meðferðar við honum. Starfsfólkið velti fyrir sér hvernig best væri að koma til móts við sjúklinga með þetta vandamál og þar komu lyfjafyrirtækin tvö til hjálpar."

Jóna Ingibjörg hóf störf á Landspítalanum í janúar og segir starfið vera margþætt. „Í fyrsta lagi hefur verið opnaður vefur sem heitir kynlífogkrabbamein.is þar sem smátt og smátt verður sett inn efni um framgang verkefnisins og hvernig þetta gengur og þótt verkefnið leggist kannski af eftir þessi tvö ár lifir vefurinn áfram og sú stefna að kynheilbrigði fólks verði gert hærra undir höfði. Það hafa orðið svo miklar framfarir í meðferð krabbameins að fólk hefur mun betri lífslíkur en fyrr, þannig að þetta er ekki lengur spurning um að bæta árum við lífið heldur bæta lífi við árin.

Verkefnið sjálft er tvíþætt, í fyrsta lagi að þjálfa starfsfólk í að opna á þessi mál og veita sjúklingunum meiri fræðslu, og í öðru lagi að veita sjúklingum ráðgjöf. Ég er þegar með fólk í viðtölum, þótt verkefnið sé í raun enn í mótun."

Jóna Ingibjörg segir sjúklingana sem sækja ráðgjöfina vera mislangt komna, sumir séu í krabbameinsmeðferð en aðrir hafi lokið henni. „En allir eiga það sammerkt að þessi lífsreynsla, að hafa greinst með krabbamein og farið í alls konar meðferðir, hefur sett sín spor á kynlíf þeirra og þar með náin sambönd. Þetta hangir allt saman. Og svo getur þetta undið upp á sig ef fólk lokar sig af með vandamálin." *fridrikab@frettabladid.is*




Kynning

# Upphaf að betra lífi

Að Ásbrú í Reykjanesbæ er starfrækt Heilsuhótel Íslands, sem hefur skilgreint starfsemi og viðfangsefni hótelsins sem heilsueflingu fyrir alla landsmenn. Einnig er boðið upp á heilsumeðferð með öfluga sýn á lífsstílsbreytingar auk fræðslu og hreyfingar alla daga.

Viðskiptavinir eru Íslendingar sem vilja vita meira um heilsu og hollan lífsstíl, hvílast í rólegu umhverfi og njóta þess besta í slökun og afþreyingu.

Gestir hótelsins koma í vaxandi mæli frá útlöndum, meðal annars Noregi og Færeyjum, og dvelja í tvær vikur. Tveir þessara gesta, þær Sigvør Laksá frá Götu í Færeyjum og Elisabeth Andersen frá Osló, veittu blaðinu viðtal um upplifun sína af hótelinu.

*Dvöl mín á Heilsuhótelinu var upphaf að nýjum og bættum lífsstíl. Ég hélt að þegar árin færast yfir og maður nálgast fimmtugt væri eðlilegt að sálin og líkaminn færi að þyngjast. Eftir meðferðina gerði ég mér ljóst að það er ekki raunin. Maður verður einfaldlega að bera ábyrgð á eigin heilsu. Í dag lifi ég heilsusamlegu lífi og er meira meðvituð um hvers líkaminn þarfnast til að halda sér í formi. Ég ætla að fara aftur á Heilsuhótelið því eftir hverja meðferð líður mér svo vel og læri alltaf eitthvað nýtt.*


Sigvør Laksá

*Mér finnst ég 15 árum yngri eftir meðferðina og það jafnast á við lottóvinning!*

*Sigvør Laksá frá Færeyjum*



# Heilsuhótel Íslands

**Heilsuhótel Íslands er regnhlíf fyrir þá sem eru að vinna að lífsstílsbreytingum. Árið 2011 verður frábært.**

## Árangur með heilsueflingu

Það er skoðun mín, í ljósi aðstæðna á Íslandi, að stjórnendur og starfsmenn sem vinna að velferð og uppbyggingu þurfi að vera vel vakandi yfir stöðu og aðstæðum starfsmanna. Sérstaklega á þetta við um þessar mundir þegar álag á fjölskyldur og einstaklinga eykst jafnt og þétt. Þegar fólk er komið í öngstræti er oft nauðsynlegt að gera róttækar breytingar á lífinu, en þá vantar oft stuðninginn til að komast af stað.

## Reykingar

Það besta sem reykingamaður getur gert fyrir heilsuna og lífgæði sín til lengdar er að hætta að reykja, en margir hafa gert margar mislukkaðar tilraunir. Sumir hafa hreinlega gefist upp gagnvart vandanum. Lengi hefur verið rætt um að þörf sé á róttæku úrræði þar sem fólk getur komist af stað með því að „leggja sig inn“ í nokkra daga til að hefja reyklaust líf og fá svo stuðning áfram í formi eftirfylgni til að halda það út.

Því miður eru margir sem þyrftu mest á slíkri lausn að halda oft illa staddir fjárhagslega og því lán að hjá vel flestum stéttarfélögum hafa einstaklingar aðgengi að sjúkra- og orlofssjóðum sem styrkja fólk til heilsueflingar og að breyttum lífstíl.

## Heilsuhótel Íslands

Ég kanna nú árangur af heilsueflingu og starfi sem fer fram á Heilsuhóteli Íslands. Í byrjun júní mun ég fylgjast með tveggja daga innlagnarnámskeiði í reykbindindi sem hluta af því árangursmati.

Valgeir Skagfjörð verður aðalleiðbeinandi á námskeiðinu sem verður haldið í samvinnu við forvarnaraðila.

Það er óskandi að sem flestum gefist kostur á að bæta eigin heilsu og auka með því lífsgæði sem eru undirstaða öflugrar sjálfsmyndar til framtíðar.

*Dr. Ásgeir R. Helgason, dósent í sálfræði og lýðheilsufræði*

**Ný námskeið í hverjum mánuði**

- Heilsudvöl á Heilsuhótelinu býðst í hverjum mánuði sem tveggja vikna meðferð en einnig er mögulegt að nýta hótelið og þjónustu þess yfir helgi til hvíldar og slökunar.
- Næsta heilsunámskeið er 11.–25. mars en síðan 15.– 29. apríl sem nær þá yfir páskana.
- Flest stéttarfélög, sjúkra– og fræðslusjóðir styðja við félagsmenn vegna lífsstílsbreytinga og fræðslu á hótelinu. Þá eru félög að hugleiða að bjóða upp á dvöl á hótelinu sem tækifæri til orlofsdvalar en hótelið er opið allt sumarið.

# Ævintýraleg lífsreynsla

Ég dvaldi á Heilsuhóteli Íslands í tvær vikur í júlí 2010. Ég fylgdi prógramminu og það var frábær upplifun. Mér fannst maturinn góður og ég mátti borða eins og ég vildi af honum. Uppistaðan í mataræðinu er lífrænt ræktað grænmeti og ávextir, ýmis konar te, safar og mikið af vatni.

*Auk mataræðisins er mikilvægt að hreyfa sig. Það er boðið upp á morgungöngur, teygjur, slökun, eróbikk og jóga og síðast en ekki síst það sem hentaði mér frábærlega, innrauði klefinn, gufubaðið og heiti potturinn. Einnig er boðið upp á daglegar ferðir í heilsulind Bláa lónsins.*

*Fræðsla er stór þáttur í meðferðinni, fyrirlestrar af ýmsu tagi. Mér gafst einnig tækifæri til að skoða Ísland, versla í Reykjavík og Reykjanesbæ. Einnig fór ég í hvalaskoðun og á hestbak. Ég eignaðist nýja vini, Íslendinga, en einnig kynntist ég fólki frá Danmörku, Noregi og Færeyjum. Þetta var mjög skemmtilegur tími. Hver var síðan niðurstaðan? Betri líðan, andlega og líkamlega, aukin orka, ég er sjö kílóum léttari og húðin og hárið í mun betra ástandi. Þetta var einfaldlega frábært ævintýri á Íslandi.*


Elisabeth Andersen

*Elisabeth Andersen frá Osló.*

# Reykleysisnámskeið

**Valgeir Skagfjörð aðstoðar reykingamenn við að vinna bug á nikótínfíkn á námskeiðinu Fyrst ég gat hætt – getur þú það líka.**

Fyrst ég gat hætt – getur þú það líka. Þannig hljómar yfirskrift námskeiðs fyrir reykingamenn sem miðar að því að hjálpa þeim til að hætta að reykja.

Það er Valgeir Skagfjörð, leikari, tónlistarmaður og fyrrum stórreykingamaður, sem leiðir reykingamenn út úr völundarhúsi blekkinga nikótínfíknarinnar.

Valgeir skrifaði bókina „Fyrst ég gat hætt ...“ fyrir nokkrum árum í kjölfar þess að hafa í nokkur ár verið að aðstoða reykingamenn við að ná árangri við að hætta reykingum. Nú ætlar Valgeir að halda nýtt námskeið í samvinnu við Ásgeir Helgason og Heilsuhótel Íslands, Ásbrú í Reykjanesbæ.

„Fyrst og síðast er það hugarfarið sem reynist reykingamönnum fjötur um fót. Þeir eru, eins og ég var árum saman, fastir í vef blekkinga sem heldur þeim í þeirri trú að reykingarnar séu að gera eitthvað fyrir þá. Þeir upplifa slökun, félagsskap, vellíðan og einhvers lags fullnægjutilfinningu í hvert skipti sem þeir kveikja sér í, en á sama tíma óska þeir þess heitt og innilega að geta losnað við þennan óþverra. Með öðrum orðum; – reykingamenn vilja hætta að reykja en þeir vilja líka halda áfram að reykja.


Valgeir Skagfjörð hjálpar reykingamönnum að sigrast á fíkn sinni.

Og vegna þess að þeir vilja halda áfram þá skilja þeir ekki hvers vegna þeir geta ekki hætt. Eftir stendur að þegar þeir hafa tekið ákvörðun um að hætta verður til sú hugsun að þeir séu að fórna svo miklu. Þeir vita ekki nákvæmlega hvað það er sem þeir fórna, en af því hugsunin snýst um fórn er fylgifiskur þeirrar hugsunar að í hvert skipti sem það hvarflar að þeim að reykja þá fyllast þeir tómleikatilfinningu og finnst að þar með hljóti þeir alltaf að vera að missa af einhverju.

Námskeiðið mitt hjálpar reykingamönnum að komast út úr þessari blekkingu og um leið og sannleikurinn rennur upp fyrir þeim þá verða þeir frjálsir.“

Í umsögnum aftan á bókarkápu segir meðal annars:

*„Þetta er stórfróðleg og skemmtileg bók. Hún logar á milli fingranna og ég er viss um að hún getur slökkt í stærri stubbum en mér.“*

- Einar Már Guðmundsson, rithöfundur

Ummæli eftir námskeið:

*„Eins og flestir reykingamenn var ég sífellt að hætta að reykja. Mér tókst hins vegar aldrei að standa við ákvörðunina fyrr en ég fékk vopn sem dugðu til að sigrast á hinum ótrúlegu blekkingum nikótínfíknarinnar.“*

heilsuhótel íslands

Reykleysisnámskeið

Helgina 3. – 5. júní 2011 verður haldið námskeið fyrir þá sem vilja hætta að reykja. Námskeiðið er sérhannað af tveimur þekktum einstaklingum sem oft hafa aðstoðað reykingarfólk.

Aðferðin sem beitt er hefur skilað gríðarlegum árangri og flestir hætt fyrir lífstíð án þess að nýta nikótíntyggjó eða annað eftir námskeiðið.

Leiðbeinendur
Valgeir Skagfjörð, leikari og tónlistarmaður
Dr. Ásgeir Helgason dósent í sálfræði og lýðheilsufræðum

Fyrirtæki og einstaklingar geta staðfest þátttöku með því að senda tölvupóst á netfangið heilsa@heilsuhotel.is með helstu upplýsingum. Takmarkaður fjöldi og því nauðsynlegt að panta strax.

Verð 39.500 með gistingu, fæði og námskeiðsgjaldi. Flest stéttarfélög og fyrirtæki styrkja slík námskeið. Nánari upplýsingar á www.heilsuhotel.is

Sími 512 8040

**Vefslóðin** www.garnstudio.com hefur að geyma eitt stærsta prjónauppskriftasafn sem fyrir finnst á netinu. Uppskriftirnar, sem allar tilheyra DROPS Design, eru meðal annars á norsku, sænsku og dönsku og aðgengilegar öllum. Þær eru fyrir alla aldurshópa.






Fallegu handprjónuðu peysurnar þurfa varlega meðhöndlun í þvotti. Storkurinn selur nú SOAK sem hefur slegið í gegn vestan hafs. SOAK er mildur þvottalögur fyrir handþvott eins og ull og silki. Hann freyðir lítið og þarf jafnvel ekki að skola úr og aðeins teskeið í balann dugir. Mismunandi ilmir í boði eða ilmefnalaus og þrjár stærðir.
**Sjá nánar á www.storkurinn.is**



Rýmum til fyrir nýjum vörum
20% afsláttur í 4 daga
8-11 mars

Fyrir bústaðinn og heimilið
Opið: má-fö. 12:30-18, lau. lokað
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is facebook.com/noraisland

Nóra



Páskaörnámskeið

**Laugardaginn 9. apríl og sunnudaginn 10. apríl**

**Bjóðum við upp á páska – örnámskeið í**
Hekluðum páskaeggjum. Verð kr. 5.500.- efni innifalið
Hekluðum servíettuhringjum. Verð kr. 5.500.- efni innifalið
Þæfðum páskaeggjum Verð kr. 2.500 fyrir fullorna / 1.000 börn yngri en 15 ára
Brjóstsykursgerð fyrir börn og unglinga. Verð kr. 2.700 – Fullorðnir fylgist með yngri börnum

Námskeiðin eru 2 stundir frá kl. 12-14 eða 14-16.
Sjá nánar á **www.heimilisidnadur.is**
Skráning með því að senda póst á **skoli@heimilisidnadur.is** eða í síma 551-5500

**HEIMILISIÐNAÐARSKÓLINN**
Nethylur 2e
110 Reykjavík - ICELAND

HEIMILISIÐNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
**MEIRI FRÓÐLEIKUR**
Meiri Vísir.
vísir.is




Hér hefur Soffía Margrét notað sama rammann aftur og aftur og útkoman er þessi flotti löber.



Soffía Margrét lærði textílhönnun við Seminariet for kunst og håndværk í Danmörku. Hér er hún með áhöld sem notuð eru við silkiþrykk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Áhugi á tauþrykki eykst

**Kúnstin að þrykkja lit á efni svo úr verði listaverk eða nytjahlutur vefst ekki fyrir Soffíu Margréti Magnúsdóttur, skólastjóra Heimilisiðnaðarskólans. Hér segir hún frá aðferðunum í stuttu máli.**



„Tauþrykk opnar ýmsa möguleika í hönnun. Hægt er að þrykkja mynstur eða texta á gluggatjöld, dúka, húsgagnaáklæði eða fataefni og eins er gaman að skreyta fullsaumaðar flíkur með því,“ segir Soffía Margrét Magnúsdóttir þegar hún er spurð út í nytsemi tauþrykks. Hún er skólastjóri Heimilisiðnaðarskólans og heldur þar námskeið í þessari grein sem hún finnur vaxandi áhuga á í samfélaginu. „Listaháskólinn er farinn að sinna tauþrykki mun meira en áður og í textíldeild FB erum nemendur að fást við það líka,“ lýsir hún.

Tauþrykk getur verið tvenns konar að sögn Soffíu Margrétar; með útskornum stimplum eða svokallað silkiþrykk, sem er meiri kúnst. Þar nýtast tölvurnar til að útfæra svart/hvít mynstur sem síðan eru prentuð út og sett á glærur. Glærurnar eru lagðar á ramma með silkiefni eða polýester sem framköllunarvökva hefur verið smurt á. Háfjallaljósaperur eru lagðar að glærunni í þrjár mínútur og þar sem svarta mynstrið var á henni fer ljósið ekki í gegn en annað skolast í burtu undir krananum. Þar verður greið leið fyrir litinn sem borinn er á rammann og sérstök áhöld eru notuð til að þrýsta í gegn.

En þarf ekki mikið pláss til að fást við þessa iðju? „Nei, nei. Það er hægt að vinna við tauþrykk á eldhúsborðinu heima ef vilji er fyrir hendi,“ segir Soffía Margrét. *- gun*



Soffía Margrét Magnúsdóttir og tauþrykk sem hún fæst við.



Palestínskar konur nota útsauminn til að sýna hvaðan þær koma.

## Allar konur áttu að kunna krosssaum

Í Palestínu fyrr á tímum var krosssaumur talinn grunnkunnátta sem allar stúlkur áttu að búa yfir. Þar sem formleg menntun stóð stúlkum í þorpunum ekki til boða fyrr en upp úr 1940, var útsaumur meðal þess sem þær gátu sýnt kunnáttu sína í. Mæður kenndu dætrum sínum að sauma út, venjulega þegar þær voru 10-12 ára.

Útsaumur var mjög félagsleg iðja, konur gátu blandað geði meðan þær voru að störfum.

Eins og títt er um flest mikilvæg tákn, er útsaumslistin mjög mikilvæg fyrir sjálfsmynd palestínskra kvenna. Hvert svæði hefur sína sérstöku hönnun og mynstur. Reyndar er hægt að segja til um hvar kona býr, aðeins út frá litum og mynstrum á búningi hennar.

# Verma og magna upp ættjarðarást

**Vettlingar með útlínum Íslands njóta vinsælda sem gjafir til Íslendinga erlendis.**

„Ég er búin að prjóna helling af svona vettlingum og þeir hafa rokið út,“ segir Guðrún Gunnarsdóttir, grunnskólakennari á Fáskrúðsfirði, um lopavettlinga með Íslandskorti sem hún hannar og selur.

Guðrún hikar þegar hún er spurð hvort hún sé prjónahönnuður en viðurkennir þó að hafa líka hannað peysur og segir sýnishorn af þeirri iðju í nýjasta Álafossbæklingnum þar sem hún eigi eina peysu með hreindýramynstri.

Landakortsvettlingana selur Guðrún í Snæfellsstofu í Fljótsdal og á tveimur stöðum á Fáskrúðsfirði, í Kaffi Sumarlínu og handverkshúsinu. Hún segir þá vera vinsæla minjagripi fyrir ferðamenn og margir kaupi þá sem gjafir handa Íslendingum í útlöndum, til að minna þá á landið sitt og magna upp í þeim ættjarðarástina. *- gun*



Vettlingar með margþætt gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN



Rúna Gísladóttir, kennari og myndlistarkona, steypir brúðurnar sjálf í postulín, málar þær og saumar og prjónar á þær föt.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Brúðubörn á bókasafni

**Sýningin Brúðubörn stendur nú yfir í Bókasafni Seltjarnarness. Þar eru sýndar handgerðar postulínsbrúður eftir Rúnu Gísladóttur, kennara og myndlistarkonu. Sýningunni lýkur fimmtudaginn 10. mars.**

„Ég hóf að vinna brúðurnar árið 1996 og hef ekki getað hætt," segir Rúna Gísladóttir, kennari og myndlistarkona, en hún sýnir nú í Bókasafni Seltjarnarness 26 handgerðar postulínsbrúður auk þrjátíu annarra brúða úr einkasafni sínu – sumar eru orðnar hátt í 100 ára.

Rúna steypir brúðurnar sjálf í postulín, málar á þær húð og augu, neglur, kinnar og annað en brenna þarf postulínið milli umferða. Að lokum festir Rúna á þær hár, en brúðurnar hafa flestar mannshár. Rúna saumar líka eða prjónar á þær alklæðnað. Það liggja því margar vinnustundir í hverri brúðu.

„Það tekur nokkrar vikur að vinna hverja brúðu," segir Rúna sem vinnur að brúðunum á kvöldin. „Handavinnan á fötunum þeirra er líka talsverð, útsaumur, prjón og hekl og fatasaumur úr ýmsum efnum, mest bómull og ull. Ég hef einnig litað garnið sjálf og margar eru í lopapeysu og lopadressi úr eingirni."

Rúna sérhannar á hverja dúkku svo engin þeirra er eins. Hún nefnir þær allar en getur ekki gert upp á milli þeirra. „Það er engin ein í uppáhaldi. Ég held þó meira upp á postulínsbrúðurnar, það liggur svo mikil vinna í þeim. Nöfnin eru gjarnan nöfn fólks sem mér þykir vænt um og nöfn barna sem ég hef kynnst. Oft heita þær líka sérstæðum nöfnum sem ég hef rekist á."



Engar tvær brúður eru eins og sérhannar Rúna fatnaðinn á hverja þeirra. Nokkrar vikur tekur að vinna hverja brúðu.
MYND/RÚNA GÍSLADÓTTIR

Brúðusafn Rúnu telur á sjötta hundrað brúða en eftir að hafa búið til postulínsbrúðurnar í nokkur ár fór hún að safna ýmsum gerðum af gömlum leikfangabrúðum úr öllum áttum. Hver brúða er merkt, hvaðan hún kemur, úr hverju hún er og hvernig fatnaði hún klæðist. Rúna er vandlát í vali og býr vel um hverja brúðu. Hana dreymir einnig um að setja upp safn, opið almenningi.

„Ég er ekki með allt safnið uppi við. Margar eru í kössum en ég varðveiti þær vel. Postulínsdúkkurnar eru allar í glerskápum. Þetta er þriðja opinbera brúðusýningin mín en ég fæ líka mikið af gestum heim sem vilja skoða safnið og það vekur alltaf mikla athygli. Framtíðardraumurinn er að setja upp safn opið almenningi," segir Rúna og bætir við að það séu ekki bara yngstu áhorfendurnir sem heillist af brúðunum. Fullorðna fólkið hrífist af handverkinu.

En má leika sér að brúðubörnum Rúnu? „Nei, þær eru ekki leikföng. Postulínsbrúðurnar eru mjög viðkvæmar og geta auðveldlega brotnað. En ég er alltaf með leikfangabrúður sem má leika sér með fyrir krakkana."

Sýningin Brúðubörn er opin á afgreiðslutíma safnsins, alla virka daga milli klukkan 10 og 19. Henni lýkur núna á fimmtudaginn 10. mars.

*heida@frettabladid.is*



Rúna litar oft garnið sjálf og prjónar úr því eða heklar á brúðurnar.
MYND/RÚNA GÍSLADÓTTIR




**Steinslípun**
**Kjarnaborun**
**Steinsögun**

**Litli klettur**
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355

**Flisaverk.is**
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk -Smíðavinna- Flísalagnir -Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is

**Nýsmíði og viðhald**
Tökum að okkur hverskonar viðhald og nýsmíði. T.D. þök, glugga, gler, utanhúsklæðningar ásamt sumarhúsum og annari nýsmíði. Áratuga reynsla.
S.K.E - Verk SF - S. 861 7749.
Blikktak ehf. - S. 861 7733.
bragimarunn@simnet.is

**Ástandsskoðun.**
Góður undirbúningur að framkvæmd. Við aðstoðum húseigendur/húsfélög að skipuleggja framkvæmdir. Þetta sparar mikinn tíma og fjámuni. www.matfasteigna.is Sími 694 1385, mat@matfasteigna.is

K.R.S. ELDON VERKTAKAR. Múrverk, viðg. og flísal. Vönduð vinna tilb./tímav. S. 899 4254

## Tölvur

**tölvuhjálp!**
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 8216839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

NEW!!TANTRIC, LUXURY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!!!! 24/7. 8698602

Whole body massage. S. 849 5247.

## Spádómar

**ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIÐILL**
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

Lög.g Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl S: 698 1524.

## Önnur þjónusta



**Vorvörurnar eru komnar !**
Nýjar vörur og eldri vörur seldar með afslætti. Opið í dag 13-19. Greenhouse Rauðagerði 26.



**GRÍÐARLEGT ÚRVAL BÚNINGA!**
Hátt í 100 tegundir á stráka og stelpur, ótrúleg fjölbreytni: Prinsessur, ninjur, kúrekar, indíánar, draugar, hryllingskuflar, nornir, sjóræningjar, dýr, trúðar, fangar, beinagrindur, pönkarar, djöflar, sérsveitarmenn, dansarar, slökkviliðsmenn, læknar, hjúkkur, klappstýrur, Batman, Superman, Lína, Zorro, Strumpar, o.fl., o.fl.

Yfir 40 tegundir fullorðinsbúninga (margir í XL líka): Prestar, nunnur, kanínur, læknar, hjúkkur, kúrekar, 50's skvísur, þjónustustúlkur, prinsessur, magadansmær, flugfreyjur, hippar, Charleston, sjóræningjar, sjólíðar, trúðar, nornir, ninjur, fangar, melludólgar, furstar, draugar, mafíósi, rómverjar, allskonar sprellibúningar, Ceasar, Elvis, , o.fl., o.fl.
Partýbúðin Faxafeni 11, s. 534-0534
Opið alla daga

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**TILBOÐ**
Dömuskór úr leðri Verð: 4.500.- Misty skór Laugavegi 178, s: 551 2070.



**ÖSKUDAGSGLEÐI**
Fullt af ótúlega skemmtilegum öskudagsbúningum, grímum, hárkollum, litahárúðum, andlitslitum ofl. Aldrei meira úrval. Skoðið hokuspokus.is Sendum um land allt. Erum sólarmegin á Laugavegi 69. Hókus Pókus s-551 7955

Ísskápar, þvottavélar, þurrkarar, eldavélar, uppþvottavélar,460l frystikista, tölvuflatskjár, sjónvörp, stór ljósritunarvél, stólar, borð, snjóþota, þríhjól, barnahjól, varahlutir, gangbretti á pick-up, hjólbarðar og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

**Kaupi gull !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),
Verið velkomin

## Til byggingga



**MÓTAPLÖTUR**
Í STÆRÐUNUM 50 X 250 cm
OG 50 X 300 cm
KVARNIR
SALA LEIGA
Tunguháls 15
Sími: 564 6070
www.kvarnir.is

## Verslun



NÝJAR VÖRUR! Kjólar, skokkar, toppar og fl. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

**bathmate**
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is

## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

Hægindastóll m. hallandi baki og skemli til sölu. Selst ódýrt. uppl: 437 1148 / 893 0878

## Ýmislegt

Kalksteinsflísar. 10 fm af sérpöntuðum kalksteini 30*60 - 15mm þykkur. Fermetraverð hjá Flísabúðinni 20þ.kr - Selst allt saman á 60 þ.kr. Uppl í s 858 0101

## TILKYNNINGAR

## Fundir

**KALAK-MYNDAKVÖLD**
Ragnar Hauksson segir frá Vestur-Grænlandi í máli og myndum miðvikudagskvöldið 9 mars.kl.20 í sal Norræna Félagsins við Óðinsgötu.Allir velkomnir. KALAK-Grænlensk-Íslenska félagið.

## Ýmislegt

**e-catz.com: Fjárfestar óskast**
e-catz.com er stefnumóta- og samskiptavefur fyrir einhleypa kattaeigendur, líklega sá eini sinnar tegundar í heiminum. Nánari uppl. á e-catz.com

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Ca. 25fm bílskúr í þingholtunum hentar sem geymsla. Leigu fjárhæð 25.000 á mán. uppl í s. 862 3399.

**Íbúð í Hafnarfirði**
Til leigu 4 herb. íbúð í Áslandi í hfj. íbúðin er björt og í góðu ástandi mér sér inngangi, geymslu og þvottahúsi. Laus strax. Leiguverð 150þ. á mán. Uppl. sendist á toppibud@visir.is

**Akureyri**
Orlofsíbúð til leigu í miðbæ Akureyrar. S. 891 8363.

**www.leiguherbergi.is**
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

## Húsnæði óskast

Óska eftir 4-5 herbergja húsnæði til langtímaleigu í Víkur - eða Staðahverfi. Upplýsingar í síma 824 2356.

## Atvinna

# Kirkjuorganisti í Landakirkju, Vestmannaeyjum

Leitað er að vel menntuðum kirkjuorganista í fullt starf í Landakirkju, Vestmannaeyjum, kröftugum stjórnanda og leiðtoga, sem er tilbúinn að leggja sitt af mörkum í kirkjulegu starfi og er góður í mannlegum samskiptum. Starfið innifelur m.a. kórstjórn við kór Landakirkju sem og barna- og unglingakórum.

Sjá líka starfsreglur um organista 823/1999.
Kjör skv. kjarasamningi Launanefndar þjóðkirkjunnar og FÍH/FÍO.
Ráðning er miðuð við 1. júní 2011.

Umsóknum skal skilað til formanns sóknarnefndar Sigrúnar Ingu Sigurgeirsdóttur, pósthólf 343, 902-Vestmannaeyjum fyrir 10. apríl n.k.

**Sóknarnefnd Landakirkju.**

## Fasteignir

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

**Einbýlishús til leigu.**
Höfum til leigu tæplega 300 fm einbýlishús á góðum útsýnisstað í Reykjavík. Húsgögn geta fylgt. **Sanngjörn leiga. Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða gsm. 892 7798.**

**Hnoðravellir Hafnarfirði - Leiga / Sala**
Erum með til sölu eða leigu nýtt fullbúið raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Parket og flísar eru á gólfum. Uppítaka á minni eign. **Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason fasteignasali s-895 3000.**

**Skútuvogur - Leiga**
Vorum að fá til leigu 760 fm iðnaðar og lagerhúsnæði. Tvennar innkeyrsluhurðir um 4 metra háar. Í húsnæðinu er 5,5 metra lofthæð. Eignin er til afhendingar strax. **Sanngjörn leiga. Upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason fasteignasali S- 895 3000.**

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

## Atvinnuhúsnæði

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 8993760

**Atvinnuhúsnæði**

Til leigu 230fm atvinnuhúsnæði í laufbrekku kópavogi. 3stórar innkeyrsludyr. Góð aðkoma með stóru bílaplani. Leigist að hluta eða í heilu. Leigutími 6mán-1ár. Glersýn sf. Ingvar s.6630006

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**

Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**FRYSTIGEYMSLUR**

**Vantar þig að láta geyma í frysti? Erum með útleigu á frystiplássi fyrir bretti, getum tekið allt að 100 bretti.**
**Aðgangur að geymslum alla daga.**
**Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 690 3408**

**www.buslodageymsla.is**

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Atvinna í boði

Bar 11 og Sódóma óskar eftir vönum dyravörðum, aðeins íslensku mælandi og yfir 25 koma til greina Uppl: 690 6021 milli 13 og 20.

Söluturn með grill, ís og videoleigu óskar eftir starfsfólki með reynslu. Aðeins 18 ára og eldri kom til greina. Sími 659 9606.

**Portið veitinga og kaffihús**

Óskum eftir vönum þjónum í vinnu. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. 893 2323 eða info@portid.is

Gler og Stál ehf óska eftir að ráða faglærða smiði, helst vana uppsetningu á glerveggjum.Einnig vantar mann vanan járnsmíði. Svör með starfsupplýsingum óskast sent á stigar @símnet .is

## Tilkynningar

FISKISTOFA

# Umsóknir um byggðakvóta

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2010/2011 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 999, 17. desember 2010**

Samkvæmt ákvörðun Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, endurauglýsir Fiskistofa eftir umsóknum um byggðakvóta fyrir neðanskráð byggðarlög. Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í byggðalögunum sbr. auglýsingu nr. 199/2011 í Stjórnartíðindum.

**Fjarðabyggð (Mjóifjörður, Stöðvarfjörður)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. mars 2011.**

Áður innsendar umsóknir um byggðakvóta fyrir framangreind byggðarlög vegna fiskveiðiársins 2010/2011 eru gildar.

Fiskistofa, 4. mars 2011.

Reykjavíkurborg

## Samstarfssjóður Kommunequarfik Sermersooq-Reykjavíkur-Þórshafnar auglýsir eftir styrkumsóknum fyrir árið 2011.

Reykjavíkurborg er aðili að sjóði höfuðstaða Færeyja, Grænlands og Íslands. Sjóðurinn hefur að markmiði að efla skilning og samstarf, m.a. á sviði menningarmála, milli þessara borga, íbúa þeirra, samtaka og stjórnmálamanna og veita fjárstyrki til verkefna sem þjóna þessum markmiðum.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til verkefna sem tengjast samskiptum milli bæjanna og efla tengsl þeirra með einhverjum hætti, t.d. á sviði menningar, fræðslu eða íþrótta.

Í umsókn skal lýsa fyrirhuguðum verkefnum ýtarlega, fyrirkomulagi þeirra, tímasetningu og kostnaði.

**Umsókn skal beint til:**
Samstarfssjóður Kommunequarfik Sermersooq-Reykjavíkur-Þórshafnar
b.t. skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Umsóknir berist eigi síðar en föstudaginn 8. apríl nk. og koma umsóknir sem síðar kunna að berast ekki til afgreiðslu. Sérstök umsóknareyðublöð fást í upplýsingum í Ráðhúsi Reykjavíkur og á heimasíðu Reykjavíkurborgar, reykjavik.is.

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu borgarstjórnar, Ráðhúsi Reykjavíkur, s: (354) 411 4700.
Stjórn sjóðsins mun afgreiða umsóknir í maí nk.

Reykjavík, 8. mars 2011
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

## Tilkynningar

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Auglýsing um þjóðaratkvæðagreiðslu

Með vísun til 5. gr. laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, er hér með ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram hinn 9. apríl 2011 um gildi laga nr. 13/2011 um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum. Lög nr. 13/2011 voru samþykkt á Alþingi hinn 16. febrúar 2011 en forseti Íslands synjaði þeim staðfestingar. Því ber að leggja lögin undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu.

Í atkvæðagreiðslunni verður spurt um eftirfarandi:

**Lög nr. 13/2011 kveða á um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum.**

**Lögin voru samþykkt á Alþingi hinn 16. febrúar 2011 en forseti Íslands synjaði þeim staðfestingar.**

**Eiga lög nr. 13/2011 að halda gildi?**

Svarkostirnir eru:

**Já, þau eiga að halda gildi.**

**Nei, þau eiga að falla úr gildi.**

Atkvæðagreiðslan fer fram á sömu kjörstöðum og notast er við í almennum kosningum. Munu einstök sveitarfélög auglýsa með venjulegum hætti nánar um kjörstaðina skömmu fyrir atkvæðagreiðsluna, m.a. hvenær þeir eru opnir, hvar þeir eru, hvernig skipt er í kjördeildir, o.fl. Kjósendur eru beðnir að kynna sér vel þær upplýsingar. Kosningarrétt við þjóðaratkvæðagreiðsluna eiga þeir kjósendur sem eiga kosningarrétt til Alþingis, samkvæmt 2. gr. laga nr. 91/2010, sbr. 1. gr. laga nr. 24/2000.
Kjörskrár verða gerðar á grundvelli kjörskrárstofna sem Þjóðskrá Íslands lætur sveitarstjórnum í té. Kjörskrár miðast við skráð lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi hinn 19. mars 2011. Skulu kjörskrár lagðar fram hjá sveitarstjórnum almenningi til sýnis eigi síðar en 30. mars nk. á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar.
Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst 16. mars 2011.
Á vefsíðu Alþingis, althingi.is, undir dálkinum *Efni um Icesave*, er að finna frumvarpið sem varð að lögum nr. 13/2011, ásamt öllum skjölum er varða meðferð þess á þinginu.

*Innanríkisráðuneytinu,*
*7. mars 2011.*

## Til sölu

LÖGMANNSSTOFAN

# Til sölu úr þrotabúi Norðurskeljar ehf. Hrísey.

**Neðangreindar eignir þrotabús Norðurskeljar ehf. eru til sölu. Félagið starfaði við kræklingarækt og sölu.**

**Helstu eignir sem um er að ræða eru:**
Fiskvinnsluhús, Sandhorni í Hrísey um 832 fm.

**Bátar:**
Ásrún EA 258, 4,5 tonn,
Guðrún EA 58, 31,84 tonn.

Búnaður til kræklingaræktunar og vinnslu svo sem flokkunarvél, pökkunarvél og annar nauðsynlegur búnaður.

Skel í sölustærð 60-80 tonn, auk 6 lirfulína í sjó.

Stefnt er að því að selja eignirnar með áframhaldandi rekstur í huga, en þó er heimilt að gera tilboð í einstakar eignir.

Nánari upplýsingar veitir undirritaður skiptastjóri þrotabúsins í síma 464-9900. Tilboðum skal skila til undirritaðs að Strandgötu 29, 600 Akureyri, eigi síðar en 17. mars n.k.

*Akureyri 4. mars 2011*
*Árni Pálsson hrl.*

## Atvinna

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLGA

## Starf lögfræðings

Samband íslenskra sveitarfélaga auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings á kjarasviði.

**Starf lögfræðings á kjarasviði felst meðal annars í:**
- Vinnuréttarlegri ráðgjöf til sveitarfélaga og túlkun kjarasamninga;
- þátttöku í kjarasamningagerð f.h. stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga;
- nefnda- og stjórnarstörfum í tengslum við kjaramál og önnur mál er varða íslenskan vinnumarkað;
- samskiptum við stéttarfélög og aðra aðila vinnumarkaðarins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Góð þekking á laga- og kjarasamningsumhverfi opinbers vinnumarkaðar.
- Góð þekking á stjórnsýslurétti.
- Þekking og áhugi á málefnum sveitarfélaga.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti.
- Gott vald á ensku og færni í einu Norðurlandamáli.

Leitað er að einstaklingi, karli eða konu, sem hefur til að bera frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og hæfni til að vinna sjálfstætt og með öðrum að fjölbreyttum verkefnum.

Samband íslenskra sveitarfélaga er framsækinn vinnustaður sem býður upp á opið vinnuumhverfi, samheldinn starfsmannahóp og skapar starfsmönnum gott svigrúm til starfsþróunar.

Nánari upplýsingar veitir Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs, netfang: inga.run.olafsdottir@samband.is, eða Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri og starfsmannastjóri, netfang: magnus.karel.hannesson@samband.is, í síma 515-4900.

Umsækjendum er bent á að frekari upplýsingar um Samband íslenskra sveitarfélaga á heimasíðunni, www.samband.is. Þar er einnig að finna starfsmannastefnu sambandsins og starfslýsingu fyrir starfið.

Umsóknir, merktar Umsókn um starf á kjarasviði, berist eigi síðar en 18. mars 2011 til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík.

# GÁÐU.

## Bíldshöfði 6

# FÁÐU MEIRA EN BARA BÍL

**Brimborg lofar að einbeita sér að því að aðstoða þig við að kaupa vöru, þjónustu og hugarfar Brimborgar**

**Kafaðu dýpra** þegar þú kaupir notaðan bíl. Gerðu ríkar kröfur. Gáðu hvað er handan við kaupverðið. Hafðu í huga að þú kaupir miklu meira en bara bílinn. Brimborg lofar að einbeita sér að því að hjálpa þér að kaupa. Þannig færðu meira en bara bíl. Þú færð alla þá þjónustu og öryggi sem þú krefst. Þú velur ábyggilega öruggan stað að vera á. Bíldshöfði 6 er því sannkallað sæluhús. Og mundu, handan við hornið eru tvö önnur sæluhús, Citroën og Mazda, Bíldshöfða 8 og Brimborg á Akureyri, Tryggvabraut 5.

**Gerðu kröfur til okkar**
**Komdu í Brimborg í dag**



**Volvo XC70 SE AWD (UT314)**
2,5i bensín 210 hö
Station sjálfskiptur
Dráttarbeisli, leðuráklæði, álfelgur ofl.
Skrd. 11/2006. Ek. 91.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 266 g/km
**Gáðu: 3.880.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is



**Volvo XC90 SE+ AWD (JP239)**
4,4i V8 bensín 315 hö
7 manna sjálfskiptur
Leðurákl., 18" álfelgur, dráttarb. ofl.
Skrd. 12/2006. Ek. 117.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 322 g/km
**Gáðu: 5.150.000 kr.**



**Volvo S40 S (IIH18)**
2,4i bensín 140 hö
4 dyra sjálfskiptur
Álfelgur, hraðastillir ofl.
Skrd. 11/2007. Ek. 52.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 217 g/km
**Gáðu: 2.945.000 kr.**



**Volvo V70 SE AWD (MZF47)**
2,4 D5 dísil 185 hö
Station sjálfskiptur
Leðuráklæði, álfelgur, olíumiðsstöð m/tímaliða ofl.
Skrd. 12/2007. Ek. 66.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 209 g/km
**Gáðu: 5.280.000 kr.**

**Spurðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar**

**Með þér alla leið**

Bíll er ekki bara bíll. Bíllinn þinn er miklu meira en vélknúið ökutæki. Bíllinn er staður tómstunda, ævintýra eða jafnvel vinnu. Þú reiðir þig á að bíllinn sé í lagi. Bíll er ekki bara bíll. Bíll þarf umhirðu, viðhald, þjónustu, bílastæði og margt fleira. Brimborg er hinsvegar með þér alla leið. Þú færð bílinn, þjónustuna, þrifin, dekkin, viðgerðir og ráðgjöf um hvað hentar þér. Þú færð... tækifæri til að sinna þínu lífi. Við sinnum bílnum. Fyrir þig.



**Ford Fiesta Trend (VS633)**
1,4i bensín 80 hö
5 dyra 5 gíra
Skrd. 6/2007. Ek. 69.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 147 g/km
**Gáðu: 1.210.000 kr.**



**Ford Transit 300M (OG659)**
2,2TDCi dísil 85 hö
6 dyra 5 gíra
Olíumiðstöð með tímaliða og dráttarb.
Skrd. 1/2007. Ek. 64.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ óskráð
**Gáðu: 2.250.000 kr.**



**Ford Escape XLS AWD (SI053)**
2,3i bensín 153 hö
5 dyra sjálfskiptur
Álfelgur, loftkæling ofl.
Skrd. 5/2007. Ek. 85.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ óskráð
**Gáðu: 1.890.000 kr.**



**Ford Focus Trend (NN359)**
1,6i bensín 100 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 1/2005. Ek. 68.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 184 g/km
**Gáðu: 1.330.000 kr.**



**Ford Mondeo Ghia (RU314)**
2,0i bensín 145 hö
5 dyra sjálfskiptur
Álfelgur, tölvustýrð miðstöð ofl.
Skrd. 12/2006. Ek. 49.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 218 g/km
**Gáðu: 1.880.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is



**Ford Ka (LDE73)**
1,3i bensín 69 hö
3 dyra 5 gíra
Skrd. 6/2008. Ek. 60.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 141 g/km
**Gáðu: 890.000 kr.**

Finndu okkur á fasbókinni

Brimborg | Max1 | Véland | Saga bílaleiga | Dollar bílaleiga | Thrifty bílaleiga
komdu í hópinn | Volvo á Íslandi | Ford á Íslandi | Citroën á Íslandi | Mazda á Íslandi | Ford Truck á Íslandi

visthæf skref með Brimborg

**Við hjálpum þér að kaupa bíl í dag.**
**Gáðu að verði. Komdu í Brimborg.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | notadir.brimborg.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



53 **BRESKI TÓNLISTARMAÐURINN GARY NUMAN** ER 53 ÁRA.

*„Ég er með Asperger-heilkenni sem er vægt tilbrigði af einhverfu. Þess vegna kann ég ekki að haga mér almennilega við ákveðnar félagslegar aðstæður.“*



**Thor Vilhjálmsson**
rithöfundur

lést í Reykjavík miðvikudaginn 2. mars síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 11. mars kl. 15.00.

**Margrét Indriðadóttir**
**Örnólfur Thorsson** **Margrét Þóra Gunnarsdóttir**
**Guðmundur Andri Thorsson** **Ingibjörg Eyþórsdóttir**
**Margrét Edda Örnólfsdóttir**
**Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir**
**Gunnar Thor Örnólfsson**
**Svandís Roshni Guðmundsdóttir**
**Sólrún Liza Guðmundsdóttir**



*Elskuleg systir mín,*

**Guðrún Eyjólfsdóttir**

frá Hofi í Öræfum og síðar Dalbraut 27, Reykjavík, lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ mánudaginn 28. febrúar. Útför fer fram frá Áskirkju föstudaginn 11. mars klukkan 13.00.

**Þuríður Eyjólfsdóttir**



*Ástkæra eiginkonan mín, móðir, tengdamóðir, fósturmóðir og amma,*

**Ásta Björnsdóttir**
Leirubakka 30, 109 Reykjavík,

lést á Landspítalanum laugardaginn 5. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðjón Sveinbjörnsson**
**Björn S. Stefánsson** **Þorgerður Sigurjónsdóttir**
**Stella Stefánsdóttir** **Ásmundur Reykdal**
**Hulda Sigurvinsdóttir** **Halldór Sigurðsson**
**Logi A. Guðjónsson** **Jóhanna Jóhannesdóttir**
**Sveinbjörn Guðjónsson**
**Guðmundur Guðjónsson**
**Jón Ívar Guðjónsson**
**Árný J. Guðmundsdóttir** **Jóhann T. Sigurðsson**
**og barnabörn**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Sigurður Ágúst Kristjánsson**
Ásgarði 121,

sem lést 26. febrúar á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 9. mars kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnadeildina Ingólf, Reykjavík.

**Svala Aðalsteinsdóttir**
**Aðalheiður Sigurðardóttir**
**Sólrún Ósk Sigurðardóttir** **Árni V. Sigurðsson**
**Ester Sigurðardóttir** **Andrés B. Bergsson**
**Hjálmar Guðni Sigurðsson** **Shelley Sigurdsson**
**Jóhannes Ari Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR KVENNA ER Í DAG: HÁTÍÐ HALDIN Í JÓNSHÚSI

# Gróðurhús íslenskra femínista

Hefð hefur skapast fyrir íslenskri samkomu í Jónshúsi í Kaupmannahöfn á alþjóðlegum baráttudegi kvenna allar götur síðan 2007 þegar Guðrún Ágústsdóttir, þáverandi sendiherrafrú, kallaði saman konur á ýmsum aldri í undirbúningsnefnd.

Dagskráin í ár hefst á erindi Erlu Sigurðardóttur, blaðamanns og þýðanda, um íslenska kvennahópa sem störfuðu í Kaupmannahöfn á árunum 1979 til 1982, en erindið kallar hún: „Þegar Guð skapaði manninn var hún bara að grínast.“

„Hóparnir voru gróðurhús íslenskra femínista sem drukku í sig dönsk áhrif á miklum umbrotatímum þegar konur hættu að skammast yfir ástandinu og einblína á galla karlasamfélagsins, en unnu þess í stað að kvenlegri sköpun á öllum sviðum samfélagsins,“ segir Erla um hópana sem hún skilgreinir sem samtök kvenna af erlendum uppruna.

„Íslenskar námskonur í Danmörku upplifðu nýja hugsun í fræðum og listum. Í kjölfarið fóru þær að skoða hlut kvenna í menningarsögunni og þaðan sprettur hugtakið „reynsluheimur kvenna“ sem oft bar á góma í Kvennaframboðinu stuttu síðar,“ segir Erla um íslenskar námsmeyjar sem gerðu sig ekki heimakomnar í dönskum háskólaumræðum og aðgerðum.

„Við prófuðum því aðferðir danskra rauðsokka og völdum flatt skipulag, þar sem enginn var yfir og enginn undir, og konur gátu greint persónulega reynslu sína í litlum grunnhópum og þannig fyllst eldmóði,“ segir Erla.

Saman stóðu kvennahóparnir fyrir ýmsum samkomum ásamt því að gefa út blaðið Forvitin rauð í Kaupmannahöfn árið 1981, í samstarfi við rauðsokkur heima á Íslandi.

„Þar varð konum allt milli himins og jarðar að yrkisefni, hvort sem það var barnagæsla, hálfsdagsvinna kvenna, sovéskar konur í útlegð, öðruvísi sambýlisform, umhverfismál, meint fyrirtúrabrjálæði, fóstureyðingar, réttur kvenna til kynlífs eða áhættusemi pillunnar, en við ungu konurnar vorum fullar efasemda um þá efnablöndu sem olli ýmsum aukaverkunum,“ segir Erla.



**KVENNADAGUR Í JÓNSHÚSI** Erla Sigurðardóttir, sem í dag heldur erindið „Þegar Guð skapaði manninn var hún bara að grínast“ í Jónshúsi, hefur búið og starfað sem blaðamaður og þýðandi í Kaupmannahöfn síðastliðin 33 ár. MYND/JOSÉ VAZ

Formlegu starfi kvennahópanna lauk vorið 1982, en áhrifa þeirra gætti víða í íslensku nýlendunni næstu árin meðan aðrar kvennanna fóru til Íslands og tóku virkan þátt í stofnun Kvennaframboðs og Kvennalista, þeirra á meðal Kristín Ástgeirsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Guðrún Ögmundsdóttir.

„Íslenskar konur voru galopnar fyrir breytingum og þótt við tækjum ekki virkan þátt í starfi danskra rauðsokka var veruleiki okkar mitt á milli þar sem við lærðum, meltum og skildum þessa nýju hugsun af áhorfendabekkjunum. Það setti mark sitt á okkur allar og það sem við seinna tókum okkur fyrir hendur,“ segir Erla.

Allir eru velkomnir í Jónshús í dag, bæði konur og karlar. Dagskráin hefst klukkan 19 og er í samstarfi við íslenska kvennakórinn í Kaupmannahöfn undir stjórn Sigríðar Eyþórsdóttur og í ár Konukvöldin í Jónshúsi. Eftir erindi Erlu tekur Drífa Snædal íslenska kvennabaráttu inn í nútímann og að síðustu kynnir Rebekka Rún Rósudóttir Mitra, 15 ára, heimildarmyndina Murder um hlutskipti kvenna í Níkaragva eftir að fóstureyðingar voru bannaðar þar í landi 2008.

**thordis@frettabladid.is**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, bróðir og afi,*

**Robert Geiger Cook**
prófessor emeritus í enskum bókmenntum, Fossagötu 5,

lést á líknardeild Landspítala í Kopavógi 4. mars. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 11. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Gerda Cook Bodegom**
**Kristin Cook Gailloud**
**Edward Cook**
**Kitty Cook**
**Leslie, Matthew, Anna.**

*Elskulegur eiginmaður minn,*

**Ólafur Agnar Jónasson**
fyrrverandi yfirflugvélstjóri,

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu sunnudaginn 6. mars.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Guðrún Jónsdóttir**



*Okkar ástkæri*

**Kristinn Vignir Helgason**
Heiðnabergi 11, Reykjavík,

lést að heimili sínu 5. mars. Útför hans fer fram frá Langholtskirkju 14. mars kl. 13.00.

**Jófríður Björnsdóttir**
**Helgi Vignir Kristinsson** **Ásgerður Jófríður Guðbrandsdóttir**
**Þráinn Kristinsson** **Sigurborg Kristjánsdóttir**
**Inga Rún Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðrún Erlendsdóttir**
Sæbóli, Blönduósi

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á hjúkrunarheimilinu Mörk, sunnudaginn 6. mars sl.
Útförin auglýst síðar.

**Gísli Ófeigsson** **Ester Garðarsdóttir**
**Sigrún Guðmundsdóttir** **Ásgeir Axelsson**
**Þórarinn Baldursson** **Guðrún Kristinsdóttir**
**Magnús E. Baldursson** **Helga I. Sigurðardóttir**
**Þrándur Ó. Baldursson** **Emilía Stefánsdóttir**
**Sigurbjörg H. Baldursdóttir** **Hreiðar Margeirsson**
**Steinvör M. Baldursdóttir** **Friðrik Steingrímsson**
**Sigurlaug B. Baldursdóttir** **Eiríkur Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Grænmetisbuff
NF. frosin grænmetisbuff
Verð nú 798 kr. 1.kg
200 kr. VERÐLÆKKUN
200 kr. VERÐLÆKKUN
KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
98 KR.kg
BÓNUS
Kjúklingamolar
TILBÚIÐ fulleldað
200 kr. VERÐLÆKKUN
Bónus frosnir kjúklingamolar
Verð nú 998 kr. 1kg
25% AFSLÁTTUR
GOUDA
OS GOUDAOSTUR 26%
NÚ MEÐ 25% AFSLÆTTI
MERKT VERÐ 1335 KR.
1001 KR.KG.
BRAUÐ Á GÓÐU VERÐI
MÁ FRYSTA
BÓNUS
198
KR. 1000g
BÓNUSBRAUÐ 1000g
Coffee
KF SÚR LIFRARAPYLSA
598 KR. 700g
EUROSHOPPER KAFFI
279 KR. 500g
Sinnep
Tómat sósa
139 KR. 460 gr
129 KR. 460 gr
BÓNUS SINNEP
NÝTT OG ENDURBÆTT BRAGÐ
TÓMATSÓSA
BÓNUS
BÓNUS VÍNARPYLSUR
25% AFSLÁTTUR / 599 KR.KG
u.þ.b. 285 KR.pk
KF SPARHAKK
359 KR.620g
WHEAT ROLLS
ES SMÁBRAUÐ
198 KR. 9 stk
Corn flakes
ES KORNFLEKS
295 KR. 750g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT:** 2. arabískur héraðshöfðingi, 6. 999, 8. hlóðir, 9. gifti, 11. samtök, 12. endurtekning, 14. gróðabrall, 16. skóli, 17. móðuþykkni, 18. í viðbót, 20. skammstöfun, 21. tútta.

**LÓÐRÉTT:** 1. göngulag, 3. fyrirtæki, 4. tungumál, 5. stilla, 7. græn baun, 10. fley, 13. eldsneyti, 15. ígerð, 16. skraf, 19. mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. emir, 6. ím, 8. stó, 9. gaf, 11. aa, 12. stagl, 14. brask, 16. ma, 17. ský, 18. auk, 20. al, 21. snuð.

**LÓÐRÉTT:** 1. rigs, 3. ms, 4. ítalska, 5. róa, 7. matbaun, 10. far, 13. gas, 15. kýli, 16. mas, 19. ku.






# Vatnið og lífið

BAKÞANKAR
sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar



Vatn er dýrmæti. Lífið skírist í vatni. Vatn verður ekki aðeins metið til peninga – ekki frekar en lífið sjálft. Jafnvel í köldu Þingvallavatni lifa um 120 þúsund lífverur á hverjum fermetra við vatnsbakka. Það er heilt samfélag á litlum bletti og í stóru samhengi. Það lífríki er verðmætt. Göngumst við ríkidæminu og ábyrgð okkar. Gerum vatnalífi landsins gott til með fræðslu, gestastofum, almennri menntun um lífið í vatninu. Já, verndum vatnið hæfilega.

FYRIR nokkrum árum kom ég í safn í Vestur-Noregi, sem helgað er lífinu í merkilegri laxá. Þegar inn var komið var þar ekki aðeins miðlað upplýsingum um ofurfiska, sögu veiða og árnýtingar, heldur var sem einn hluti árinnar rynni í gegnum húsið.

EINS og í góðum vatna- og sjávarlífssöfnum erlendis var hægt að ganga að stórum sýnisgluggum. Þeir veittu innsýn beint í hylinn.

ÞAR syntu árbúarnir og hægt var að fylgjast með gerð, stærð, hreyfingum og samskiptum fiskanna. Þetta var heillandi safn og ég hugsaði með mér: Góð hugmynd fyrir fólk, sem metur vatnið og lífið mikils – frábær hugmynd fyrir Árnesinga.

GULLHRINGURINN – Þingvellir, Gullfoss, Geysir og Skálholt – er góður en yrði enn betri ef hægt væri í ferðarlok að koma við á Selfossi, skoða stórfiska á leið upp ána og fræðast um dýrmæti og nýtingu vatnsins. Það er ekki aðeins Sogið, sem er fljótið helga.

ALLT vatn og líf þess er gott og við erum vörslumenn þess. Ekki er verra að fiskur í kristninni er tákn hins heilaga. Er ekki tími til kominn, að Árnesingar gangist við ríkidæmi sínu, byggi laxastofu og opni fjársjóðskistu vatnaheims héraðsins. Gullið má sýna. Árborg yrði bara betri með árstofu – nútímalegu Árnesi.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM. EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is



# menning
menning@frettabladid.is

**GUITAR ISLANCIO Á ÁLAFOSSI** Gítartríóið Guitar Islancio leikur á Kaffihúsinu á Álafossi í Mosfellsbæ á fimmtudagskvöld. Tríóið er nýkomið frá Þýskalandi þar sem það lék meðal annars á hinum margrómaða Bix Jazzclub í Stuttgart. Félagarnir munu leika fjölbreytta tónlist á Kaffihúsinu á Álafossi og verður hvergi slegið af í hryn og tóni. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er miðasala við innganginn.

## Dýrasta verkið til sýnis í Tate Modern

Dýrasta málverk heims, Nu au Plateau de Sculpteur eða Nekt, græn lauf og brjóstmynd, eftir Pablo Picasso, verður til sýnis í Tate Modern nútímalistasafninu í London. Verkið hefur aldrei verið sýnt í Bretlandi áður en þetta verður í fyrsta sinn síðan 1961 sem myndin kemur fyrir almenningssjónir.

Myndin var máluð 1932 og sýnir eiginkonu og músu Picassos, Marie-Therese Walter. Sérstakur Picasso-salur var útbúinn á safninu fyrir verkið.

Nekt, græn lauf og brjóstmynd komst í metabækurnar í fyrra þegar málverkið var slegið á uppboði fyrir 106,5 milljónir dala eða um 13,6 milljarða króna. Kaupandinn vildi ekki láta nafn síns getið. - bs



**NEKT, GRÆN LAUF OG BRJÓSTMYND** Picasso málaði myndina á einum degi árið 1932 og er hún af ástkonu hans og músu, Marie-Therese Walter.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

## 101 köttur í 101 Reykjavík

**Hverfiskettir kvikmyndagerðarmannsins Ástu Briem eru viðfangsefni ljósmyndasýninga hennar í Galleríi Horni og Kaffifélaginu á Skólavörðustíg.**



**HVERFISKETTIRNIR** Ásta Briem hefur síðustu þrjú árin tekið ljósmyndir af köttum sem hafa orðið á vegi hennar í 101 Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ætli þessi sýning sé ekki afrakstur síðustu þriggja ára eða svo. Sjálf hef ég búið í póstnúmerinu 101 í tíu ár og því eru gönguferðirnar í hverfinu orðnar ófáar," segir kvikmyndagerðarmaðurinn Ásta Briem, sem opnaði ljósmyndasýninguna 101 köttur í gær. Eins og nafnið gefur til kynna er um að ræða ljósmyndir af 101 ketti sem búa í 101 Reykjavík, eða eiga þar í það minnsta sitt varnarþing.

Ásta segir tildrögin að sýningunni þau að hún hafi iðulega verið með myndavél meðferðis á göngu sinni um hverfið, til og frá vinnu og í fleiri erindagjörðum. „Þetta mikla kattaval í 101 vakti athygli mína og eftir að hafa smellt myndum af tíu köttum eða svo einsetti ég mér að linna ekki látum fyrr en kettirnir á myndunum væru orðnir 101 talsins," segir hún og bætir við að næsta ljósmyndaverkefni sé enn óráðið, en hún hafi gaman af því að taka myndir og ætli sér að halda því áfram. „Þetta er svo skemmtileg andstæða við kvikmyndagerðina, þar sem allt er svo stórt og gerist svo hratt. Í raun eru ljósmyndirnar róandi áhugamál hjá mér."

Ásta opnaði sýninguna í fullri stærð á vinnustofu sinni, Galleríi Horni á Skólavörðustíg 6b, sem einnig hýsir Leynileikhúsið, í gær. Aðgangseyrir er enginn, enda snúa ljósmyndirnar að gluggum gallerísins og gestum því frjálst að njóta sýningarinnar allan sólarhringinn næsta mánuðinn. Smækkuð mynd sýningarinnar, svokölluð örsýning, var þá einnig opnuð í barnaglugga Kaffifélagsins að Skólavörðustíg 10, en þar verða sýningar eftir fleiri listamenn næstu mánuði.

Í takt við viðfangsefnið hefur Ásta komið fyrir bökkum með kattamat fyrir utan Gallerí Horn og býður hún alla ketti meira en velkomna á sýninguna. „Ef eigendur rekast á myndir af gæludýrunum sínum stendur þeim líka til boða að kaupa þær á gríðarlega hófsömu verði," segir Ásta að lokum. kjartan@frettabladid.is




Tónlist ★★★★

**Tíbrá**

Herdís Anna Jónasdóttir sópran og Semjon Skigin píanóleikari í Salnum í Kópavogi

### Flott, ferskt og spennandi



Herdís Anna Jónasdóttir sópran og Semjon Skigin píanóleikari í Salnum í Kópavogi.

Blóm eru ekki bara blóm. Rauð rós táknar ást, valmúi svefn, hvít lilja hreinleika Maríu meyjar. Blóm koma fyrir í skáldskap hvað eftir annað og ótal tónskáld hafa lyft þessum ljóðum í hæstu hæðir.

Á sérlega vel ígrunduðum tónleikum í Salnum í Kópavogi á laugardaginn var boðið upp á hugleiðingar um blóm og margt af því sem þau standa fyrir. Þarna voru ljóðasöngvar eftir Schumann, Grieg, Rakmaninov, Rimskí-Korsakov, Richard Strauss og Debussy. Einnig eftir nánast óþekkt tónskáld í íslensku tónlistarlífi, Carlos Guastavino frá Argentínu.

Ég segi vel ígrunduðum vegna þess að tónleikar söngvara hér á landi eru oft lítið annað en fremur ómerkilegt bland í poka. Það er jú Draumalandið og annað í þeim dúr. Og svo er hent í mann nokkrum aríum til að sýna hvers söngvarinn er megnugur. Ekkert konseft, engin heildarmynd, enginn listrænn metnaður.

Hér var annað á ferðinni. Ein lykilhugmynd sem hélt dagskránni saman, rauður þráður sem tengdi ólík lög. Og ekki bara tónlist sem allir hafa heyrt margoft, heldur líka eitthvað ferskt og spennandi – alla leið frá Argentínu!

Svona fagmannlega samansett dagskrá lofaði góðu um sjálfan flutninginn. Og hann olli ekki vonbrigðum. Herdís Anna Jónasdóttir sópran er ættuð frá Ísafirði, og hún er enn í námi í Hanns Eisler tónlistarháskólanum í Berlín. Hún hlýtur að vera á síðustu stigum námsins, því hún gaf topp fagmanneskju með margra ára reynslu lítið eftir.

Vissulega mátti greina ákveðinn LÆRDÓM í túlkuninni, fjarlægð frá skáldskapnum sem einkennir námsmanninn. Herdís Anna er enn að tileinka sér hvernig á að gera hlutina, og það gerði túlkunina örlítið þurra, sérstaklega í byrjun. En hún söng samt svo vel, og byggði túlkunina svo vel upp, litaði skáldskapinn með svo fallegum litum að ekki var annað hægt en að hrífast með. Ég dáðist að fagurri röddinni, sem var silkimjúk, tær og kraftmikil, og ég dáðist að öllum blæbrigðunum í raddhljómnum. Og sviðsframkoman var afslöppuð og eðlileg, sem er ekki lítið atriði. Herdís Anna er án efa einhver efnilegasta tónlistarmanneskjan á Íslandi í dag.

Semjon Skigin, sem starfar sem meðleikari við Hanns Eisler tónlistarháskólann, var einnig frábær. Píanóleikurinn var óvanalega litríkur og lifandi, en líka einstaklega nákvæmur og skýr. Og hann rann svo vel saman við sönginn að maður vissi varla hvar annað endaði og hitt byrjaði. Þannig á píanómeðleikur einmitt að vera.

Ég hlakka til að heyra Herdísi syngja aftur, helst með svona góðum píanóleikara!

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Tónleikar Herdísar Önnu Jónasdóttur og Semjon Skigin voru einstök skemmtun.



**10 ára afmæli!**
Food and Fun matarhátíðin mikla fer fram í tíunda sinn dagana 9. til 13. mars.

**10 ÁRA AFMÆLIS-KVÖLDVERÐUR**
**"Höfuðborgir heimsveldanna"**
Reykjavík - Washington DC
í Súlnasal Hótel Sögu, lau. 12 mars.
Stórkokkar Washington borgar sjá um 4ja rétta matseðil.
Verð 7.900 krónur.
Borðapantanir: 525 9920 eða hotelsaga@hotelsaga.is

# Food'n Fun 2011

16 alþjóðlegir stórkokkar jazzzzza fram fjögurra rétta glæsimáltíðir á eftirtöldum veitingahúsum:

**Brasserie Grand**
**Dill**
**Einar Ben.**
**Fiskfélagið**
**Fiskmarkaðurinn**
**Hótel Holt**
**Grillið Hótel Saga**
**La Primavera**
**Lava, Bláa Lónið**
**Nauthóll**
**Nítjánda – Veisluturninn**
**Perlan**
**Silfur, Hótel Borg**
**Sjávarkjallarinn**
**Við Tjörnina**
**VOX, Hotel Nordica**

Erlendu gestakokkarnir munu elda fjögurra rétta glæsimáltíð á veitingastöðunum.
Verð aðeins kr. 6.900.-

Nánari upplýsingar um kokkanna ofl. er á heimasíðum veitingastaðanna eða:
www.facebook/foodandfunfestival
www.foodandfun.is

Bakhjarlar og samstarfsaðilar Food and Fun eru:

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR · Reykjavík PURE ENERGY · Iceland naturally · ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND · WWW.ICELANDAIR.IS

# Ný Megasarplata væntanleg í apríl

Fyrstu tónleikar Megasar og Senuþjófanna eftir að þessi tvö tónlistaröfl hófu samstarf að nýju verða í Norðurpólnum 2. apríl.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er ný plata á leiðinni frá tvíeykinu og nefnist hún (Hugboð um) Vandræði. Útgáfudagur er 4. apríl og á meðal gesta verða söng- og leikkonan Ágústa Eva Erlendsdóttir og Svíarnir Nils Törnqvist og Mikael Svensson, fyrrverandi liðsmenn Hjálma.

Hugleikur Dagsson gerði teikninguna sem prýðir umslag plötunnar. Sautján lög Megasar verða á plötunni við texta hans og Þorvaldar Þorsteinssonar. **- fb**



**NÝ PLATA Í APRÍL** Megas og Senuþjófarnir gefa út plötuna (Hugboð um) Vandræði 4. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Usher gefur peninginn

**Söngvarinn Usher hefur ákveðið að gefa til góðgerðarmála peningana sem hann fékk fyrir að syngja á einkatónleikum fyrir son Múmmars Gaddafí Líbíuleiðtoga. Usher fetar þar með í fótspor kollega sinna Nelly Furtado, Beyoncé og Mariuh Carey sem hafa gert slíkt hið sama. Usher og Beyoncé sungu bæði í nýársveislu á eyjunni St. Barts árið 2009. Hvorugt þeirra segist hafa vitað að Mútassim Gaddafí, sonur Líbíuleiðtogans, hélt veisluna. Furtado reið á vaðið þegar hún ákvað að gefa milljónirnar sem hún fékk fyrir að syngja fyrir Gaddafi-fjölskylduna.**

# Rokkararnir í Cliff Clavin koma sér á kortið í Bretlandi

**Strákarnir í rokkhljómsveitinni Cliff Clavin eru nýkomnir heim eftir myndatöku hjá breska tímaritinu Kerrang! Mikill heiður, að mati söngvarans Bjarna Þórs Jenssonar.**



**NÝKOMNIR TIL LANDSINS** Rokkararnir í Cliff Clavin eru nýkomnir til landsins eftir myndatöku hjá Kerrang! í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rokkhljómsveitinn Cliff Clavin er nýkomin heim frá Bretlandi þar sem hún sat fyrir í myndatöku hjá þungarokkstímaritinu vinsæla Kerrang! Þetta er í fyrsta sinn sem sveitin situr fyrir hjá erlendu tímariti. „Þetta blað er með meira af þyngri hljómsveitum en það er mikill heiður að fá að vera þarna. Ef þetta verður á sýnilegum stað og á heilli blaðsíðu þá verður það rosalega skemmtilegt,“ segir söngvarinn Bjarni Þór Jensson. „Það er mjög gott að fá svona umfjöllun og þarna erum við að brjóta ísinn. Við fórum í gott myndatökuprógramm og þetta kemur vonandi vel út.“

Cliff Clavin gaf út sína fyrstu plötu fyrir síðustu jól sem nefnist The Thief's Manual og fékk hún fínar viðtökur hjá íslenskum rokkáhugamönnum. Hljómsveitin spilaði á Kerrang!-kvöldi á Iceland Airwaves hátíðinni síðasta haust og fékk fjórar stjörnur í breska tímaritinu fyrir frammistöðu sína. Sú umfjöllun lagði grunninn að myndatökunni sem fór fram í síðustu viku. Bjarni og félagar nýttu tækifærið á milli ljósmyndatakanna og spiluðu á tvennum tónleikum, þeim fyrstu síðan þeir spiluðu í úrslitum alþjóðlegu hljómsveitakeppninnar Global Battle of the Bands.

Annar staðurinn er hefðbundinn tónleikastaður sem heitir Wheelbarrow og er í Camden-hverfinu. Hinn staðurinn var í Mayfair, sem er eitt ríkasta hverfi London. „Það var mjög einkennilegt gigg. Þarna voru einhverjar „showgirls“ gellur að dansa. Þetta var mjög skrítið allt saman en svona verða sögurnar til,“ segir Bjarni Þór hress. Hann vonast til að áframhald verði á ferðalögum Cliff Clavin til Bretlands. „Vonandi förum við út fljótt aftur og reynum að byggja góðan grunn. Það er ekkert sem er að stoppa okkur í því nema hvað þetta er dýrt.“

freyr@frettabladid.is


ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| HALL PASS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| RANGO ísl Tal | kl. 5:50 | L |
| RANGO M/ Ensku. Tali | kl. 10:30 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:40 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 10:30 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 5:40 | VIP |
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE KING'S SPEECH | kl. 5:40 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| SPACE CHIMPS 2 | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 8 - 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| HALL PASS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| JUSTIN BIEBER-3D | kl. 5.40 - 8 | L |
| I AM NUMBER 4 | kl. 8 og 10.30 | 12 |
| KING'S SPEECH | kl. 5.30 - 8 | L |
| RANGO-3D ísl Tal | kl. 5.40 | L |
| TRUE GRIT | kl. 10.20 | 16 |
| THE RITE | kl. 10.30 | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| HALL PASS | kl. 8:10 - 10:30 | 12 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| ROKLAND | kl. 8 | 12 |
| KLOVN - THE MOVIE Númeruð sæti | kl. 10:10 | 14 |

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 10.15 | L |
| ROOMMATE | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 8 - 10.10 | L |
| THE MECHANIC | KL. 10.30 | 16 |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 3.30 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 3.30 | L |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| ROOMMATE | KL. 8 - 10 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 5.40 | L |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 8 - 10.35 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 5.30 | L |
| 127 HOURS | KL. 10.30 | 12 |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 - 8 | 16 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 5.50 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 8 - 10 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 8 - 10 | L |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 5.50 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
Ath: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíó
AUKAKRÓNUR 5%

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




Þriðjudagur er tilboðsdagur.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| RANGO - ISL TAL | 6 |
| RANGO - ENS TAL | 6, 8 og 10.10 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ - EKKI TILBOÐ | 6, 8 og 10 |
| THE MECHANIC | 8 og 10 |




TILBOÐ MÁNAÐARINS
GULI MIÐINN
20% AFSLÁTTUR
AF ALLRI LÍNUNNI
TILBOÐIÐ GILDIR ÚT MARS
Apótekið –einfalt og ódýrt
Spönginni • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri • www.apotekid.is

BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| THE FIGHTER (14) | 17:50, 22:20 |
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 18:00, 20:10, 22:00 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 20:10, 22:30 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE) (14) | 17:50, 20:10 |
| INSIDE JOB | 22:30 |
| ÚRBANIKKA: MON ONCLE | 20:00 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 850 KR. MIÐINN




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# EPSON

## TILBOÐSDAGAR

### AÐEINS Í NOKKRA DAGA



**FJÖLNOTATÆKI**

Epson PX660

Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440 punkta upplausn og skannar 1200 x 2400. 6,3 sm LCD skjár og kortalesari. Prentar allt að 38 bls. á mín. USB. Windows og Mac.

**19.990**

**KYNNINGARVERÐ**

## ALLTAF BETRA VERÐ



ÞRÁÐ LAUS +LCD

**FJÖLNOTATÆKI**

Epson SX420W

Prentari og skanni með LCD skjá og þráðlausu netkorti. Prentar A4 í 5760 x 1440p upplausn og 35 bls. á mín. Skannar í 1200 x 2400. Kortalesari. USB. Windows og Mac.

**12.990**

FULLT VERÐ KR. 14.990



**FJÖLNOTATÆKI**

Epson SX218

Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440p upplausn og skannar í 1200 x 2400. Með LCD skjá, kortalesara og USB. Virkar með Windows og Mac.

**10.990**

FULLT VERÐ KR. 12.990



**FJÖLNOTATÆKI**

Epson SX125

Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440p upplausn og skannar 600 x 1200. Prentar allt að 28 bls á mín. USB. Windows og Mac.

**7.990**

FULLT VERÐ KR. 9.990



ÞRÁÐ LAUS +FAX

**FJÖLNOTATÆKI**

Epson BX610FW

Prentari, skanni og fax tæki. Prentar A4 í 5760 x 1440p upplausn og skannar 2400 x 2400. Prentar allt að 38 bls á mín. Með LCD skjá, kortalesara og USB. Windows og Mac.

**17.990**

FULLT VERÐ KR. 21.990



**MYNDAPRENTARI**

Epson P50

A4 bleksprautuprentari fyrir ljósmyndir. Prentar allt að 38 bls. á mín. í 5760 x 1440p upplausn. Ljósmyndablek fyrir hágæða myndir og endingu. USB. Windows og Mac.

**14.990**

FULLT VERÐ KR. 17.990



**MYNDASKANNI**

Epson Perfection V33

A4 skanni með 4800 x 9600p upplausn - 3.2Dmax. Epson ReadyScan LED styttir biðtíma. Flýtihnappar fyrir helstu aðgerðir og hugbúnaður til að lagfæra myndir fylgir. USB. Windows, Mac ofl.

**13.990**

FULLT VERÐ KR. 16.990



**BLEKSPRAUTU PRENTARI**

Epson S22

Bleksprautuprentari sem prentar A4 í 5760 x 1440p upplausn og allt að 28 bls. á mín. USB. Windows, Mac ofl.

**6.990**

FULLT VERÐ KR. 8.490

**500 SÍÐUR AF VÖNDUÐUM PAPPÍR FYLGJA ÖLLUM EPSON PRENTURUM ÚT VIKUNA**

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

# sport

sport@frettabladid.is



**KATRÍN JÓNSDÓTTIR**, fyrirliði kvennalandsliðsins, skráði nafn sitt í sögubækurnar í gær er hún lék sinn 105. A-landsleik. Hún er þar með orðinn leikjahæsti leikmaður íslenskra A-landsliða en gamla metið átti Rúnar Kristinsson.

# Liðið getur náð enn lengra

**Stelpurnar okkar í knattspyrnulandsliðinu náðu einstökum árangri í gær er liðið komst í úrslitaleik Algarve-mótsins en í mótinu taka þátt öll bestu lið heims. Sigurður Ragnar landsliðsþjálfari segir enn meira búa í íslenska liðinu.**



**HETJA ÍSLANDS Í GÆR** Dóra María Lárusdóttir skaut íslenska liðinu í úrslitaleik Algarve-mótsins með laglegu marki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar skrifuðu íslenska knattspyrnusögu upp á nýtt í gær með 1-0 sigri á Dönum. Sigurinn tryggði liðinu farseðil í úrslitaleik Algarve-mótsins þar sem liðið mætir Bandaríkjunum sem eru líklega með besta lið heims. Þetta er einstakur árangur en Ísland hafði best náð sjötta sæti í mótinu. Þetta er í sjöunda skipti sem Ísland tekur þátt í mótinu.

Stelpurnar hafa verið í hreint frábæru formi á mótinu og lagt bæði Svíþjóð og Danmörk í fyrsta skipti. Svíþjóð er í fjórða sæti á heimslistanum.

„Þetta er ævintýri sem heldur endalaust áfram og nú er það úrslitaleikur. Allir leikirnir hafa verið vel spilaðir hjá liðinu og við gefið fá færi á okkur. Vörnin hefur verið alveg frábær á þessu móti og fjölmargir leikmenn að stórbæta sinn leik. Varamenn hafa einnig verið að leysa sín hlutverk vel og þetta er alveg frábær árangur hjá stelpunum,“ sagði afar kátur þjálfari íslenska liðsins, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, eftir leik.

Það er óhætt að segja að íslenska liðið hafi komið skemmtilega á óvart í mótinu enda búið að vinna alla leiki sína til þessa. Hvernig útskýrir þjálfarinn það að liðið sé í þetta góðu standi núna?

„Við erum ekki í toppleikæfingu en breiddin er að aukast. Svo eru það leikmennirnir sem hafa verið í atvinnumennsku kannski í tvö ár og hafa bætt leik sinn mikið. Það er alveg ljóst að því lengur sem okkar bestu menn spila erlendis, þeim mun betra verður landsliðið. Stelpurnar eru líka komnar með góða reynslu, hafa gengið í gegnum lokakeppni stórmóts.

Þess utan eru ungir og efnilegir leikmenn að koma upp og margir þeirra eru komnir með góða reynslu líka. Það hjálpast allt að,“ sagði Sigurður og bætti við að einnig skipti máli að stelpurnar væru vel inni í þeirri taktík sem liðið spilaði. Allir þekktu sín hlutverk vel.

„Það hefur verið stöðugur stígandi hjá þessu liði. Við klifrum sífellt ofar á þessum heimslista enda er liðið að styrkjast. Ég held að þetta lið geti náð enn lengra en það hefur gert. Liðið hefur sýnt að á góðum degi getur það unnið lið sem eru hærra skrifuð.

Við vitum að við getum náð árangri gegn öllum þeim liðum sem við mætum. Það býr mikið í þessu liði og meira en það hefur sýnt hingað til. Stelpurnar hafa verið frábærar í þessu móti og eru að skrifa söguna upp á nýtt,“ sagði Sigurður Ragnar en hann vonast til þess að stelpurnar séu búnar að stimpla sig inn á meðal þeirra bestu í heimi með þessum árangri.

„Við erum búin að koma mörgum á óvart á þessu móti og ég held að við séum að lágmarki búin að stimpla okkur inn sem lið sem önnur lið þurfa að varast. Ég vona líka að við séum búin að stimpla okkur inn meðal þeirra bestu.“

Úrslitaleikurinn er gegn Bandaríkjunum, eins og áður segir, en bandaríska liðið hefur verið á toppnum í mörg ár og er besta lið heims að flestra mati.

„Við höfum spilað jafna leiki gegn Bandaríkjunum og verið óheppin að halda ekki jöfnu. Við berum ekki virðingu fyrir neinu liði og lítum á öll lið sem jafningja okkar. Þannig munum við mæta til leiks. Sjálfstraustið er mikið og minnkaði ekki eftir þennan leik gegn Dönum. Það er mjög spennandi að spila úrslitaleik enda ekki verið í þeirri stöðu áður.“

henry@frettabladid.is



**VILL FULLA HÖLL** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari á blaðamannafundi HSÍ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Landsliðsþjálfarinn:

## Þurfum fulla Laugardalshöll

**HANDBOLTI** Á morgun mun íslenska handboltalandsliðið taka á móti því þýska í undankeppni EM 2012. Liðin mætast svo aftur ytra á sunnudaginn en um gríðarlega mikilvæga leiki er að ræða fyrir bæði lið.

Ísland tapaði fyrir Austurríki í október síðastliðnum en skömmu áður höfðu þeir austurrísku náð óvæntu jafntefli í Þýskalandi. Þessi þrjú lið berjast því um þau tvö sæti á EM sem í boði eru í riðlinum og er samkeppnin hörð.

„Til að vinna Þýskaland þurfum við að spila vel og það þarf nánast allt að ganga upp hjá okkur. Og við þurfum að fá fulla höll. Það er mér mikið kappsmál að það takist því ég veit að sú stemning sem þar skapast mun hvetja okkar leikmenn áfram,“ sagði Guðmundur. „Það er því bón mín til þjóðarinnar að við fáum fulla höll og frábæra stemningu. Það mun hjálpa okkur í þessari baráttu.“

Leikurinn hefst klukkan 19.45 á morgun og voru um þúsund miðar óseldir í gær. Miðasala fer fram á miði.is.

- esá



**STERKUR** Lampard fagnar öðru marka sinna í gær. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Chelsea lagði Blackpool:

## Chelsea komið í toppbaráttuna

**FÓTBOLTI** Chelsea hefur ekki sungið sitt síðasta orð í ensku úrvalsdeildinni en liðið vann Blackpool á útivelli í gær, 1-3.

Chelsea er þar með níu stigum á eftir toppliði Man. Utd en hefur leikið einum leik færra. Chelsea getur því minnkað muninn í sex stig með sigri í þeim leik.

Liðið situr sem stendur í fjórða sæti en er aðeins tveim stigum á eftir Manchester City sem er í þriðja sæti.

John Terry skoraði eina mark fyrri hálfleiks með skalla á 20. mínútu. Þegar hálftími lifði leiks fékk Chelsea dæmda umdeilda vítaspyrnu er Salomon Kalou fór niður í teignum. Frank Lampard skoraði af öryggi úr spyrnunni.

Hann skoraði svo aftur fjórum mínútum síðar er hann fékk laglega stungusendingu frá Kalou.

Jason Puncheon minnkaði muninn fyrir Blackpool undir lokin en það var of lítið og of seint.

- hbg



**SÓTT AÐ KÖRFU** Stjörnumaðurinn Justin Shouse á ferðinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express deild karla:

## Grindavík í annað sætið

**KÖRFUBOLTI** Grindavík lagði Fjölni í háspennuleik í gær og komst með sigrinum í annað sætið. Fjölnir er aftur á móti í tíunda sæti.

Keflavík er jafnt Grindavík og KR að stigum en í fjórða sæti eftir afar erfiðan sigur á Tindastóli fyrir norðan. Stólarnir eru í níunda sæti.

Stjarnan siglir svo lygnan sjó í fimmta sæti eftir sigur á Haukum, sem eru í áttunda sæti.

- hbg

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

**Stjarnan-Haukar 90-69**

Stjarnan: Fannar Freyr Helgason 17/13 fráköst, Justin Shouse 17/9 stoðsendingar, Renato Lindmets 13/6 fráköst, Guðjón Lárusson 10/7 fráköst, Marvin Valdimarsson 10/5 fráköst, Jovan Zdravevski 10/7 fráköst, Kjartan Atli Kjartansson 8, Daníel G. Guðmundsson 3, Ólafur Aron Ingvason 2.

Haukar: Gerald Robinson 19/10 fráköst/3 varin skot, Semaj Inge 12/6 stoðsendingar/6 stolnir/3 varin skot, Örn Sigurðarson 11, Davíð Páll Hermannsson 8, Haukur Óskarsson 8/5 stoðsendingar, Sveinn Ómar Sveinsson 5/6 fráköst, Sigurður Þór Einarsson 3, Emil Barja 3/6 stoðsendingar.

**Fjölnir-Grindavík 90-91**

Grindavík: Mladen Soskic 28/6 fráköst, Ólafur Ólafsson 20/7 fráköst, Nick Bradford 14/5 fráköst, Ryan Pettinella 11/15 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 7/5 fráköst/5 stoðsendingar, Helgi Björn Einarsson 6/4 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 5/7 fráköst.

Fjölnir: Brandon Brown 29/13 fráköst/4 varin skot, Ægir Þór Steinarsson 19/6 fráköst/13 stoðsendingar, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 17/8 fráköst/5 stolnir, Jón Sverrisson 10/6 fráköst, Tómas Heiðar Tómasson 8/5 stoðsendingar, Arnþór Freyr Guðmundsson 5, Hjalti Vilhjálmsson 2.

**Tindastóll-Keflavík 92-94**

Tindastóll: Helgi Rafn Viggósson 23, Hayward Fain 16/9 fráköst/7 stoðsendingar, Sean Kingsley Cunningham 15/6 fráköst, Dragoljub Kitanovic 11/4 fráköst, Svavar Atli Birgisson 11, Friðrik Hreinsson 11, Helgi Freyr Margeirsson 3/6 stoðsendingar, Pálmi Geir Jónsson 2.

Keflavík: Thomas Sanders 24, Magnús Þór Gunnarsson 15, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 15/4 fráköst, Andrija Ciric 14/9 fráköst, Hörður Axel Vilhjálmsson 11/6 stoðsendingar, Halldór Örn Halldórsson 8/5 fráköst, Jón Nordal Hafsteinsson 7/4 fráköst.

Víkingar leita enn að arftaka Leifs Garðarssonar en þeirra fyrsti kostur, Ásmundur Arnarsson, gaf afsvar:

# Andri Marteinsson efstur á óskalista Víkings



**Á LEIÐ Í VÍKINA?** Andri Marteinsson sat að samningaborðinu með Víkingum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FÓTBOLTI** Knattspyrnudeild Víkings leitar nú logandi ljósi að arftaka Leifs Sigfinns Garðarssonar sem félagið rak í síðustu viku. Það styttist í að Íslandsmótið hefjist og Víkingar verða að hafa hraðar hendur.

Efstur á óskalista félagsins var Húsvíkingurinn Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis, en hann gaf Víkingum afsvar í gær.

„Ég get staðfest að ég heyrði í Víkingum, sem er auðvitað mikill heiður. Mér leist mjög vel á það sem þeir höfðu fram að færa. Félagið er mjög heillandi og spennandi,“ sagði Ásmundur við Fréttablaðið.

„Þetta var erfið ákvörðun og reyndi ég að taka tillit til margra þátta. Víkingur er í úrvalsdeildinni, með öflugan leikmannahóp og góða umgörð. En það er stutt í mót og fullt af góðum hlutum í gangi í Grafarvoginum. Því fannst mér ekki rétt á þessum tímapunkti að stíga frá því verkefni.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa Víkingar nú beint sjónum sínum að Andra Marteinssyni, þjálfara Hauka. Jón Björn Skúlason, formaður knattspyrnudeildar Hauka, staðfesti við Fréttablaðið í gær að félagið hefði gefið Andra leyfi til þess að ræða við Víkinga. Heimildir Fréttablaðsins herma einnig að Magnús Gylfason muni taka við Haukaliðinu, fari svo að Andri fari til Víkings.

Björn Einarsson, formaður knattspyrnudeildar Víkings, var ekki á landinu í gær en kemur til landsins í dag og þá verða hjólin sett á fullt í Víkinni. Aðrir stjórnarmenn ræddu við Andra í fjarveru Björns í gær og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru ágætar líkur á því að samningar takist.

- hbg, esá



# HD FITNESS

## Heitt djúpvöðva fitness (HD fitness) er glænýtt æfingakerfi fyrir þær sem sækjast eftir tónuðum líkama og tígulegu fasi

HD fitness æfingakerfið fer fram í heitum sal og byggist á rólegum styrktaræfingum ásamt djúpum teygjum. Eingöngu er unnið með eigin líkamsþyngd.

HD fitness-kerfið er byggt á æfingum sem stjörnur á borð við Jennifer Aniston og Gwyneth Palthrow iðka.

Sérstakar áherslur eru á styrkingu djúpvöðva í kvið og baki og djúpar teygjuæfingar sem lengja og styrkja alla vöðva líkamans.

Hitinn í salnum auðveldar að ná djúpum teygjum og líkaminn hitnar fljótt og vel.

HD fitness-kerfið er hannað af Ágústu Johnson, Önnu Eiríksdóttur og Helgu Lind Björgvinsdóttur.

6-vikna námskeið
Þjálfun 2x í viku

**Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is**

Ný námskeið að hefjast.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

## > Ben Affleck

„Guð hjálpi mér ef ég geri einhvern tíma aftur kvikmynd með sprengingum. Ef þú sérð mig í kvikmynd þar sem hlutir springa, þá veistu að ég hef tapað aleigunni.“

***Ben Affleck leikur Jack, umboðsmann fræga fólksins í Hollywood, sem lifir hinu ljúfa lífi en þegar hann kemst að því að konan hans heldur framhjá honum og slúðurfréttamaður hefur komist í dagbækur hans fer öll hans tilvera á hvolf í kvikmyndinni Man About Town sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG MERKILEGUR KARL

# *Af lífsháttum Davids Attenborough*

Enn og aftur staðfesti Sir David Attenborough það í gærkvöldi, sem ég vissi reyndar fyrir, að hann er stórmeistarinn í gerð dýralífsmynda. Á RÚV veltir hann því nú fyrir sér hvernig fyrstu dýrin á jörðinni urðu til en á löngum ferli hefur honum fátt verið óviðkomandi um þá sem byggja þessa jörð. En er ekki kominn tími til þess að einhver geri mynd um David Attenborough; um lífsferil hans og hegðunarmynstur?

Það eru ýmsar spurningar sem ég vil fá svarað. Heldur Attenborough fyrirlestur um hænsnfugla þegar kjúklingur er í matinn? „Vissir þú að ættbálkur hænsnfugla inniheldur um 256 tegundir? Stærsti fuglinn af þessum ættbálki er norðurameríski villikalkúnninn, Meleagris gallopavo, sem getur vegið allt að ellefu kíló. Getur þú rétt mér saltið?“ gæti heyrst yfir kvöldverði á heimili meistarans.



Eins má spyrja hvort Attenborough hafi hér á árum áður tileinkað sér söng og köll fugla þegar hann renndi hýru auga til framtíðarspúsu sinnar og vildi ná athygli hennar. Eða hafa svefnvenjur gamla mannsins mótast af þáttagerð hans um lífríki sjávar í gegnum áratugina og þarf hann þess vegna að vera á stöðugri hreyfingu til að hvílast? Ætli hann, að hætti flamingóa, standi á öðrum fæti þegar honum verður kalt?

Það eina kvíðvænlega er hvort ungur og efnilegur þáttagerðarmaður hafi nýlega komið fram hjá BBC. Því ef ég þekki Attenborough rétt mun hann berjast um yfirráðasvæði sitt, en líklega lúta í lægra haldi sökum hrumleika. Þá er þess að vænta að hann gangi til skógar, leggist þar niður og deyi tiltölulega fljótt eins og gamalla karlljóna er siður.

## SJÓNVARPIÐ

**14.55 Bill Bourne á Íslandi** (e)
**15.20 Meistaradeild í hestaíþróttum** (e)
**15.35 Þýski boltinn** (e)
**16.35 Íslenski boltinn** (e)
**17.20 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (5:12) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Skordýrin í Sólarlaut** (38:43)
**18.23 Skúli skelfir** (31:52)
**18.34 Kobbi gegn kisa** (16:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Íslensku tónlistarverðlaunin** Bein útsending frá afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í Þjóðleikhúsinu. Kynnar eru Erla Ragnarsdóttir og Freyr Eyjólfsson.
**21.30 Návígi** Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Dauðir rísa** (12:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Aðþrengdar eiginkonur**
**23.55 Kastljós** (e)
**00.20 Fréttir** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**10.00 The Valley of Light**
**12.00 School for Scoundrels**
**14.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**16.00 The Valley of Light**
**18.00 School for Scoundrels**
**20.00 Man About Town**
**22.00 The Black Dahlia**
**00.00 Cemetery Gates**
**02.00 Already Dead**
**04.00 The Black Dahlia**
**06.00 Mission Impossible**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (5:25)
**11.00 The New Adventures of Old Christine** (7:22)
**11.25 Wonder Years** (1:17)
**11.50 Tim Gunn's Guide to Style** (5:8)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 America's Got Talent** (10:26)
**13.45 America's Got Talent** (11:26)
**14.30 America's Got Talent** (12:26)
**15.15 Sjáðu**
**15.50 Ben 10**
**16.18 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (20:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (13:23)
**20.10 Modern Family** (15:24) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna.
**20.35 Two and a Half Men** (20:22) Sjöunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan.
**21.00 Chuck** (17:19)
**21.45 Burn Notice** (12:16)
**22.30 Daily Show: Global Edition**
**22.55 Grey's Anatomy** (15:22)
**23.40 The Kite Runner**
**01.45 Imagine Me and You**
**03.15 Chuck** (17:19)
**04.00 Burn Notice** (12:16)
**04.45 Modern Family** (15:24)
**05.10 Two and a Half Men** (20:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.35 Spænsku mörkin**
**18.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**19.00 Meistaradeildin - upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Arsenal** Bein útsending frá leik Barcelona og Arsenal í Meistaradeild Evrópu. Þetta er seinni leikur liðanna í 16 liða úrslitum en Arsenal sigraði í fyrri leiknum, 2-1. Á sama tíma mætast Shakhtar Donetsk og Roma en leikurinn er í beinni útsendingu á Sport 3.
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu i knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**22.05 Meistaradeild Evrópu: Shakhtar - Roma**
**23.55 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Arsenal**
**01.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Blackpool - Chelsea** Útsending frá leik Blackpool og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**14.35 Birmingham - WBA** Útsending frá leik Birmingham City og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.
**16.20 Newcastle - Everton** Útsending frá leik Newcastle United og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**18.05 Premier League Review 2010/11**
**19.00 Liverpool - Man. Utd** Útsending frá leik Liverpool og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
**20.45 Wolves - Tottenham** Útsending frá leik Wolves og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
**22.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.00 Arsenal - Sunderland** Útsending frá leik Arsenal og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.20 Spjallið með Sölva** (3:16)
**08.00 Dr. Phil** (128:175)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.15 90210** (15:22)
**17.00 Dr. Phil** (129:175)
**17.45 Got To Dance** (9:15)
**18.35 Being Erica** (4:13)
**19.20 Whose Line Is It Anyway?** (27:39) Bráðskemmtilegur spunaþáttur þar sem allt getur gerst.
**19.45 Survivor** (14:16) Bandarískir raunveruleikaþættir þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
**20.35 Innlit: útlit - NÝTT** (1:10) Vinsælir þættir um sniðugar lausnir fyrir heimilið með áherslu á notagildi í umsjón Sesselju Thorberg og Bergrúnar Sævarsdóttur.
**21.05 Dyngjan** (4:12) Konur kryfja málin til mergjar í Dyngjunni, glænýjum sjónvarpsþætti undir stjórn kjarnakvennanna Nadiu Katrínar Banine og Bjarkar Eiðsdóttur.
**21.55 The Good Wife** (7:23) Þáttaröð með stórleikkonunni Julianna Margulies sem slegið hefur rækilega í gegn.
**22.45 Jay Leno** (209:260)
**23.30 CSI** (8:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
**00.20 The Good Wife** (7:23)
**01.05 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**08.10 The Honda Classic - Dagur 1** (1:4)
**11.10 Golfing World** (35:240)
**15.50 Champions Tour - Highlights** (3:25)
**16.45 Ryder Cup Official Film 2008**
**18.00 Golfing World** (37:240)
**18.50 PGA Tour - Highlights** (9:45)
**19.45 World Golf Championship 2011 - Dagur 5** (5:5)
**23.45 Golfing World** (37:240)
**00.00 Golfing World** (37:240)
**00.35 ESPN America**
**00.50 The Honda Classic - Dagur 2** (2:4)
**06.00 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknan veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur
**20.15 Gossip Girl** (5:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Glee** (14:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu.
**22.40 Nikita** (1:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna „Division“ sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnunargögnum um fyrra líf þeirra og gerir þau að færum njósnurum og morðingjum. Njósnakvendið Nikita flýr þjónustuna og hyggur á hefndir.
**23.25 Saving Grace**
**00.10 Gossip Girl** (5:22)
**00.55 The Doctors**
**01.35 Sjáðu**
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Rýnum í stöðu samningamála.
**21.00 Græðlingur** 12 dagar í jafndægur að vori.
**21.30 Svartar tungur** Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór heitir úr þingsal.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




OPNIR TÍMAR

Þol og styrkur
Spinning
Kviður og bak
Yoga

World Class ICELAND

SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30

**Barcelona - Arsenal**

Bein útsending frá leik Barcelona og Arsenal í Meistaradeild Evrópu. Þetta er síðari leikur liðanna í 16 liða úrslitum en Arsenal hafði betur í fyrri leiknum, 2-1. Þetta er ómissandi leikur fyrir alla fótboltaáhugamenn.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Fulltrúar framtíðarinnar **14.03** Sker **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.17** Fimm fjórðu **23.08** Matur er fyrir öllu **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**13.45** Deal or No Deal **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Keeping Up Appearances **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** Whose Line Is It Anyway? **16.55** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Keeping Up Appearances **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** My Family **20.00** Last of the Summer Wine **20.30** Monarch of the Glen **21.20** Coupling **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway? **22.40** Monarch of the Glen

### DR 1

**12.30** Med slør og høje hæle **13.00** Herlufsholm **13.30** Blod, sved og T-shirts **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump **15.15** Alfons Åberg **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Kender du typen **19.30** Snydt igen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Kommissæren og havet **22.30** Gintberg på kanten **23.00** Ja, vi elsker **23.30** Godnat

### NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.05** Førkveld **10.45** Oddasat - nyheter på samisk **11.00** NRK nyheter **11.15** The Norwegian Solution **11.45** VM skiskyting **14.15** NRK nyheter **14.25** Folk **15.00** NRK nyheter **15.10** Migrapolis **15.50** Filmavisen 1960 **16.00** NRK nyheter **16.10** Vår aktive hjerne **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ut i naturen **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.35** Brennpunkt **21.35** The Norwegian Solution **22.00** Kveldsnytt

### SVT 1

**10.15** Fråga doktorn **11.00** Rapport **11.05** Klass 9A **11.35** Dom kallar oss artister **12.05** Skidskytte-VM Khanty-Mansiysk 2011 **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Notes From the Underbelly **15.30** På spåret **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Dansbanan i Täfteå **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **22.30** Kontraktet **22.45** En idiot på resa







## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Langbest, sem er veitingastaður í Keflavík. Þar fær maður pitsur, ostastangir og brauðstangir, allt sem mér finnst rosalega gott.“*

Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, Ungfrú Reykjavík.

# Óbeislaður kynþokki Þorsteins felldi Bieber

„Kynþokkinn var of mikill fyrir ungstirnið. Þessi óbeislaði, þroskaði kynþokki íslenska grínistans,“ segir Þorsteinn Guðmundsson, höfundur og aðalleikari gamanmyndarinnar Okkar eigin Osló.

Okkar eigin Osló var frumsýnd fyrir helgi og fór beint á topp aðsóknarlistans um helgina. Rúmlega 4.000 manns sáu myndina, sem skaut söngvaranum Justin Bieber og mynd hans Never Say Never, niður í fimmta sæti listans.

Árangurinn er áhugaverður í ljósi þess að Bieber-æði var lýst yfir í Fréttablaðinu fyrir helgi. Ungar stúlkur sem aldnar þyrptust á myndina og komu margar grátandi út eftir að hafa séð kanadíska hjartaknúsarann á hvíta tjaldinu. En lendir Þorsteinn í því að grátandi stúlkur hrópi nafn hans á götum úti?

„Ekki svo mikið, sko,“ segir hann og hlær. „Ég finn samt fyrir því, í fullri hreinskilni, þegar ég fer í matvöruverslanir og svona, að fólk á erfitt með að horfa í augun á mér. Það er eins og það fari alltaf að horfa á rassinn á mér eða líti á mig sem eitthvert kjötflykki. Ég er með tilfinningar. Ég er manneskja. Þetta er óþægilegt.“

Þorsteinn er gríðarlega ánægður með viðtökurnar á Okkar eigin Osló, en myndin er sú fyrsta sem hann fer með aðalhlutverkið í. „Ég er bara svo feginn,“ segir hann. „Maður er að skila af sér verki og við fáum fínar viðtökur og fjórar stjörnur hjá flestum gagnrýnendum, sem er ekki algengt með gamanmyndir.“ - afb





**EKKI EITTHVERT KJÖTFLYKKI** Þorsteinn Guðmundsson ítrekar að hann sé manneskja með tilfinningar, en hann skaut kanadíska sjarmatröllinu Justin Bieber ref fyrir rass í bíóhúsum landsins um helgina.

**KAUPTHING MANAGER SELECTION**

Société d'Investissement à Capital Variable
Registered office: 14 boulevard Royal, L-2449 LUXEMBOURG
RC Luxembourg B 72.942

**NOTICE TO THE SHAREHOLDERS**

The Board of Directors of Kaupthing Manager Selection has decided to change the reference benchmark of the sub-fund KAUPTHING MANAGEMENT SELECTION – BRIC from the MSCI Emerging Markets to MSCI BRIC.

The updated prospectuses dated January 2011 shall be available from the registered office of the SICAV and at the following paying agent Arion banki hf., Borgartúni 19, IS- 105 Reykjavík

Luxembourg, 8th March 2011. on behalf of the Board of Directors

ADHD samtökin

**Aðalfundur ADHD samtakanna**

Aðalfundur ADHD samtakanna verður haldinn kl. 20:00 **þriðjudaginn 15. mars 2011** að Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík.

**Venjuleg aðalfundarstörf. Allir velkomnir!**

Nánari upplýsingar á **www.adhd.is**




FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI**

m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. visir.is

## ANNA HILDUR HILDIBRANDSDÓTTIR: ÞETTA LÁ FYRIR FRÁ UPPHAFI

# Grími meinað að flytja inn hljómsveitir á eigin vegum

„Ég ætla ekki að vera virkur í tónleikahaldi, enda hef ég ekki áhuga á því. Það er erfitt að vera tónleikahaldari á Íslandi,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves hátíðarinnar.

Grímur hefur verið ráðinn í fullt starf við hátíðina. Hann var ráðinn í hálft starf í fyrra og stýrði hátíðinni í fyrsta skipti í október sama ár. Í samningi sem gerður var við Grím er ákvæði sem meinar honum að standa í innflutningi á erlendum hljómsveitum, en hann hefur staðið í slíkum rekstri síðustu ár og kemur að tónleikum bresku hljómsveitarinnar Hurts í þessum mánuði. Tónleikahaldarinn Kári Sturluson gagnrýndi aðkomu Gríms að tónleikum Hurts í Fréttablaðinu á dögunum. Sagði hann Grím nýta tengsl í krafti opinberrar stöðu sem framkvæmdastjóri Iceland Airwaves í eigin rekstri. Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN), sem heldur utan um Iceland Airwaves, og stjórn ÚTÓN töldu ekki að um hagsmunaárekstra væri að ræða.

Anna Hildur segir að ÚTÓN hafi ekki getað skipt sér af því hvernig Grímur aflaði sér tekna þegar hann var aðeins í hálfu starfi við hátíðina. „Það var skilningur á því frá upphafi að ef starfshlutfallið myndi breytast myndi hann ekki sinna innflutningi á hljómsveitum,“ segir hún.

Grímur Atlason segist ekki hafa áhuga á því að halda stóra tónleika á eigin vegum. Hann segir ákvæðið um tónleikahald hans eðlilegt í fámenninu á Íslandi. „Hins vegar er alveg sama hvað ég geri á Íslandi, eða einhver. Maður er alltaf tengdur öllu, alltaf með frændur sína og frænkur, afa sinn og ömmu að gera eitthvað rosa fínt,“ segir hann.

Þrátt fyrir að hafa verið í hálfu starf við hátíðina í fyrra segir Grímur að hann og annað starfsfólk hátíðarinnar hafi unnið í 100 til 200 prósent starfi, en fengið borgað fyrir hálft starf eða minna. „Það var ekki rakið að þetta myndi ganga upp. Til að keyra hátíðina upp þurfti að gera mjög margt, en það var ekki til mikill peningur,“ segir hann.

Þannig að munurinn er sá að nú færðu borgað fyrir vinnuna?

„Já, en ég ætla ekki að fara að grenja. Ég réði mig upp á þessi býtti.“ atlifannar@frettabladid.is





**KOMINN Í FULLT STARF**

**Grímur Atlason** er kominn í fullt starf við Iceland Airwaves. Samkvæmt samningi sem gerður var við Grím má hann ekki standa í innflutningi á hljómsveitum á eigin vegum. Tónleikahaldarinn Kári Sturluson hafði gagnrýnt Grím fyrir aðkomu að tónleikum bresku hljómsveitarinnar Hurts þegar Grímur var í hálfu starfi sem framkvæmdastjóri Airwaves.

# Þingkona vann fiskisúpukeppni

„Ég er rosalega stolt af sigrinum,“ segir Lilja Mósesdóttir alþingismaður.

Stuttmyndahátíðin Northern Wave var haldin í Grundarfirði um helgina. Venju samkvæmt var efnt til fiskisúpukeppni í bænum af þessu tilefni og vann saumaklúbbur Lilju keppnina. Saumaklúbburinn, sem Lilja skipar ásamt níu skólasystrum sínum úr Versló, kallast Samheldni og síðastliðin þrjátíu ár hafa þær hist einu sinni í mánuði. „Þetta var allt saman ákveðið. Í tilefni af fimmtugsafmælisárinu okkar ákváðum við að taka þátt í keppninni og vinna hana,“ segir Lilja ákveðin.

„Við fundum saman grunnuppskrift að súpunni sem við svo breyttum. Það tók þrjá tíma að elda súpuna og það var nokkuð erfitt, enda þarf að vera bragð af henni en kryddið má ekki yfirgnæfa fiskinn,“ segir Lilja, en alls kepptu átta súpur um sigurinn. Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran dæmdi í keppninni.

Lilja er Grundfirðingur og systir hennar Dögg er framkvæmdastjóri hátíðarinnar. Lilja kannast vel við kenningar þess efnis að úrslitum keppninnar hafi verið hagrætt. „Það náttúrlega trúir því enginn að ég hafi unnið þetta upp á mitt einsdæmi. En þetta er reyndar í annað skiptið sem ég tek þátt. Í fyrra skiptið var ég ein og þá vann ég ekki,“ segir hún í léttum tón.



**SIGURVEGARAR SÚPUKEPPNINNAR** Lilja Mósesdóttir, önnur frá hægri, og vinkonur hennar í saumaklúbbnum Samheldni unnu fiskisúpukeppnina á Grundarfirði. MYND/DÖGG MÓSESDÓTTIR

Aðspurð segir Lilja að helgin hafi verið mjög skemmtileg og þær vinkonurnar hafi notið hennar í botn. „Það var mjög gott úrval af myndum og maður gat alveg gleymt sér í bíóinu. Hins vegar var mikið spilað af teknótónlist þarna á kvöldin, sem ég var kannski orðin aðeins of gömul fyrir.“ - hdm


ÚRVAL·ÚTSÝN
SUMAR
2011
NÝR FERÐABÆKLINGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN.
MEIRA Á urvalutsyn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 vísir

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Meistari Bjartmar á uppleið

Glæsileg endurkoma **Bjartmars Guðlaugssonar** í íslensku tónlistarlífi heldur áfram í kvöld þegar hann stígur á svið á Íslensku tónlistarverðlaununum í Þjóðleikhúsinu ásamt hljómsveit sinni Bergrisunum. Hann var á dögunum tilnefndur til þrennra Íslenskra tónlistarverðlauna í fyrsta sinn á ferlinum og skömmu síðar hlaut hann Menningarverðlaun DV. Hvort hann hreppir verðlaun í kvöld á eftir að koma í ljós en miðað við þann sess sem hann virðist eiga í hjörtum landsmanna má telja það ansi líklegt.



### Matthew Barney hneykslar

Stuttmyndahátíðin Northern Wave var haldin í fjórða sinn í Grundarfirði um helgina. Besta alþjóðlega myndin var valin þýska myndin Mein Sascha eftir Markus Kaatsch. Ísold Uggadóttir átti hins vegar bestu íslensku stuttmyndina, Clean, og tónlistarmaðurinn Davíð Berndsen var verðlaunaður fyrir besta myndbandið, við lagið Young Boy. Listamaðurinn **Matthew Barney**, eiginmaður tónlistarkonunnar Bjarkar Guðmundsdóttur, var einn þeirra sem áttu mynd á hátíðinni. Hálftímalöng mynd hans rúllaði stanslaust á milli 11-15 á laugardeginum og óhætt er að segja að hún hafi fengið blendnar viðtökur. Þó nokkuð var um að fólk gengi út af myndinni og var þar helst um að kenna atriði þar sem kona kúkar á sviði í gjörningi hans.

- fb, hdm



## Mest lesið vísir


1 Nafn drengsins sem lést
2 Lady Gaga brjáluð yfir brjóstamjólkurísnum
3 Lögmaður á skilorð fyrir stórfelldan fjárdrátt
4 Auð kynlífsbók vekur athygli
5 Rottweiler hundur réðst á konu



Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...



